HJÖRLEIFUR KRISTINSSON

*Gengur á fjöll*

Heilsa

allt Í MIÐJU BLAÐSINS



STEINAR ÞORSTEINSSON

*Pælir í einum ramma í einu*

Sérblað um börn og uppeldi

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



BUBBI MORTHENS

*Lætur sérsmíða gítar í Bandaríkjunum*

Nafn kóngsins skrifað með perluskeljum

FÓLK 38




# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

12. september 2006 — 243. tölublað — 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000


## ÞRIÐJUDAGUR

### Trúverðugleiki eða mögulegur ljúgverðugleiki



Þórarinn Eldjárn hefur fyrirlestraröð Sagnfræðingafélags Íslands með erindi um tengsl skáldskapar og sagnfræði.

MENNING 26

### Strákastelpur í tísku



Stelpulegur kvenleiki víkur fyrir strákalegum fötum á tískuvikunni í New York.

TÍSKA 28

### Virkjanaáætlanir

„Fólk á rétt á því að vita hvaða leið á að fara til að komast ekki að því á miðri leið að það hefði kosið aðra," segir Valgerður Bjarnadóttir.

Í DAG 20

### Fékk loksins að spila



Markvörður ÍBV, Guðjón Magnússon, fékk loksins að spila leik í Landsbankadeildinni gegn Íslandsmeisturum ÍBV á sunnudag. Hann stóð vel fyrir sínu.

ÍÞRÓTTIR 32

## VEÐRIÐ Í DAG




**VAXANDI VINDUR** Í dag verður vaxandi suðaustanátt um landið sunnan- og vestanvert, 8-15 m/s síðdegis. Hægari vindur norðan og austan til. Rigning eftir hádegi sunnan og vestan til, en bjartviðri eystra. Hiti 10-14 stig.

VEÐUR 4

# Sjálfsvíg vegna spilafíknar

**Formaður Samtaka áhugafólks um spilafíkn segist vita um þrjá sem hafa svipt sig lífi vegna spilafíknar á þessu ári. Þórarinn Tyrfingsson segir sjálfsvígshugsanir velþekktar meðal spilafíkla og efast ekki um að tölurnar séu réttar. Hann segir almenning sem betur fer upplýstari um vandann nú en áður.**

**SPILAFÍKN** Að minnsta kosti þrír hafa stytt sér aldur það sem af er þessu ári eftir að hafa beðið ósigur í baráttu sinni við spilafíkn. Þetta segir Júlíus Þór Júlíusson, formaður Samtaka áhugafólks um spilafíkn. Hann bendir þó á að engar formlegar rannsóknir hafi farið fram á því heldur sé þetta fólk sem hann þekkti sjálfur. Hann telur því líklegt að fjöldinn sé mun meiri.

Júlíus háði sjálfur langa baráttu við spilafíkn og er óvirkur í dag. Eftir að hafa náð tökum á fíkn sinni fór hann að reyna að vekja fólk til umhugsunar um þennan vanda.

Júlíus segir ágóða fyrirtækjanna Íslandsspila og Happdrættis Háskólans vísbendingu um hve víðtækur vandinn sé.

Þær upplýsingar fengust hjá Íslandsspilum að hagnaður þar á ári væri rúmlega 1,3 milljarðar króna. Fréttablaðið hafði einnig samband við Happdrætti Háskólans en þar fengust ekki upplýsingar um hagnað fyrirtækisins. Á síðasta ári kom fram að hagnaður beggja þessara fyrirtækja nam samanlagt um 3,2 milljörðum króna, þannig að ætla má að hagnaður Happdrættis Háskólans hafi numið um tveimur milljörðum króna sem þýðir að rúmlega þrír milljarðar tapast í spilum á ári. Það fé sem fólk glatar í spilum á netinu er þó enn ótalið, sem og það sem tapast í þeim peningaspilum sem ekki eru talin fram.

Þórarinn Tyrfingsson, yfirlæknir á Vogi, segist ekki efast um þann fjölda fólks sem Júlíus segir hafa tekið líf sitt vegna spilafíknar og telur að jafnvel megi rekja enn fleiri tilfelli til þessa vanda. Hann bendir þó á að mikið skorti á skráningar á nýgengi og algengi spilafíknar hér á landi.

> Sjálfsvíg og þunglyndi eru velþekkt meðal þeirra sem þjást af spilafíkn
>
> **ÞÓRARINN TYRFINGSSON**
> YFIRLÆKNIR Á VOGI

„Sjálfsvíg og þunglyndi eru velþekkt meðal þeirra sem þjást af spilafíkn. Almenningur er sem betur fer að verða upplýstari um þennan vanda en ef maður ber þau meðferðarúrræði og sem hafa verið í boði fyrir spilafíkla miðað við aðra þá sést vel að mikið verk ef óunnið," segir Þórarinn. Hann bendir á að þó nýlegar kannanir leiði líkur að því að notkun ungs fólks á spilakössum hafi dregist saman þyki engin ástæða til að ætla annað en að spilafíkn sé að aukast hérlendis. Það sé reynsla annarra þjóða sem Ísland beri sig við og mikilvægt sé að bregðast við vandanum hér á landi sem fyrst.

- kdk



**MÓTMÆLAGANGA Í BEIRÚT** Mikill mannsöfnuður mótmælti komu Tonys Blair til Beirút í gær. Forsætisráðherrann var sakaður um að vera „hvolpur Bandaríkjanna" og „barnamorðingi", en hann var meðal fárra þjóðarleiðtoga sem mæltu í móti tafarlausu vopnahléi, þegar árás Ísraelsmanna á Líbanon stóð yfir. MYND/FRÉTTABLAÐIÐ/AP




*Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup í maí 2006.

Tíu ára ökumaður tekinn við Húsavík:

## Faðirinn segir piltinn góðan bílstjóra

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan á Húsavík hafði afskipti af tíu ára pilti sem grunaður var um að hafa ekið bíl snemma í gær. Bifreiðin var óskráð og ótryggð en henni ók pilturinn frá heimili sínu í nágrenni Húsavíkur og að þjóðveginum þar sem hann var sóttur af skólabíl. Drengurinn viðurkenndi brot sitt og sömuleiðis foreldrar hans, sem höfðu fulla vitneskju um ferðir hans.

Vakthafandi lögreglumaður á Húsavík sagði drenginn með naumindum ná niður á fótstig bílsins. Faðir piltsins hefði þó fullyrt að hann væri betri bílstjóri en margur annar sem hleypt væri í umferðina enda hefði hann ekið dráttarvél frá unga aldri. Lögreglan upplýsti foreldrana þá um að drengnum væri ekki heldur heimilt að keyra vinnuvélar og ætlar lögreglan að sjá til þess að drengurinn setjist ekki undir stýri í bráð.

Lögreglan segir að sökum þess hve ungur pilturinn sé eigi hann ekki von á því að verða sektaður. Þó sé lagaleg skylda að tilkynna mál af þessu tagi til barnaverndaryfirvalda.

Ágúst Sigurður Óskarsson, ráðgjafi hjá Barnavernd Þingeyinga, hafði ekki fengið málið til umfjöllunar þegar Fréttablaðið ræddi við hann. Hann kvaðst þó afar undrandi að heyra að svo ungt barn hefði verið á ferð. Slíkt teldi hann ekki lengur tíðkast til sveita enda þurfa börn að ná fimmtán ára aldri til að fá að aka dráttarvélum á bæjum.

„Mér þykir í raun fáránlegt að heyra að svona sé gert. Það segir sig sjálf að það að aka bíl er algerlega ofviða andlegum og líkamlegum þroska tíu ára barns. Það getur stofnað því og öðrum í hættu," segir Ágúst. Hann segir málið verða kannað og kappkostað að veita fjölskyldunni ráðgjöf og önnur stuðningsúræði ef þurfa þyki.

- kdk

Varaformaður hjá Fram:

## Borinn þungum sökum

**HANDBOLTI Geir Sveinsson, fyrrverandi landsliðsfyrirliði í handbolta og leikmaður Vals til margra ára, sakar Hjálmar Vilhjálmsson, varaformann handknattleiksdeildar Fram, um að hafa farið huldu höfði á spjallborði Valsmanna í þeim eina tilgangi að skapa óróa innan félagsins.**

**Hjálmar neitar ásökunum en Geir og Valsmenn hafa undir höndum gögn sem sýna að fjölmörg bréf sem rituð hafa verið á spjallborð Vals hafi verið rituð á tölvu í fyrirtæki Hjálmars. Sum bréfanna voru svo gróf að þau voru fjarlægð af síðunni. Geir vill að Hjálmar biðji Valsmenn afsökunar á hegðun sinni.**

- hbg /sjá síðu 32

## SPURNING DAGSINS



*Benedikt, ertu titlaður sem jólasveinn í símaskránni?*

„Nei, en ég er nú orðinn hálfgerður jólasveinn eftir allan þennan tíma.“

Benedikt Grétarsson er eigandi Jólagarðsins í Eyjafjarðarsveit, sem heldur upp á tíu ára afmæli sitt í ár.

Tilkynnt um nýja stjórn Palestínumanna:

# Fatah og Hamas í eina sæng

**PALESTÍNA, AP** Forseti og forsætisráðherra Palestínumanna lýstu yfir í gær að samkomulag hefði náðst um nýja samsteypustjórn Hamas-samtakanna og Fatah-hreyfingarinnar. Fatah-hreyfingin þykir hófsöm en Hamas-samtökin herská og er vonast til að með nýrri stjórn verði hægt að draga úr einangrun Palestínumanna á alþjóðagrundvelli.

Flest vestræn ríki hafa sniðgengið heimastjórn Hamas-samtakanna, svo að hún hefur ekki getað borgað um þriðjungi Palestínumanna laun í sex mánuði. Mótmæli þessara launþega gegn Hamas munu hafa knúið samtökin til að ganga að samningaborðinu og milda afstöðu sína til Ísraelsríkis.

Ekki hefur verið greint nákvæmlega frá stjórnarsáttmála hinnar nýju þjóðstjórnar og ekki er vitað hversu langt verður gengið til sátta við Ísraelsmenn, en samningurinn mun byggjast á „fangaplagginu“, tillögu palestínskra fanga í ísraelskum fangelsum. Í þeirri tillögu var ýjað að því að tilveruréttur Ísraelsríkis yrði viðurkenndur.

Eitt atriði samningsins er þó þekkt; að krafist verði sjálfstæðs ríkis Palestínumanna, með Jerúsalem sem höfuðborg. **- kóþ**



**LEIÐTOGAR PALESTÍNUMANNA** Ismail Haniyeh, forsætisráðherra og leiðtogi Hamas-samtakanna (vinstra megin), spjallar við Mahmoud Abbas, forseta palestínsku heimastjórnarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ökumaður við Selfoss:

## Keyrði eins og fífl af veginum

**LÖGREGLUFRÉTT** Ökumaður keyrði út af í Kömbum hjá Selfossi rétt fyrir átta í gærkvöldi. Betur fór en á horfðist því engin slys urðu á fólki svo vitað sé.

Ekki er vitað nákvæmlega hvað varð til þess að bíllinn ók út af veginum en nokkru áður var lögreglu tilkynnt um ruddaakstur bíls á sama svæði. Bifreiðin hafði tekið glannalega fram úr öðrum og keyrt óspart yfir tvær hvítar línur sem skilja akreinar að.

Samkvæmt fulltrúa lögreglunnar á Selfossi var orsök slyssins því líklegast að maðurinn hafi einfaldlega „keyrt eins og fífl“. **- sþs**

Hnífsstungumennirnir fundnir:

## Gáfu sig fram við lögreglu

**LÍKAMSÁRÁS** Mennirnir tveir sem lögregla leitaði að vegna hnífsstungumáls í Select í Breiðholti aðfaranótt sunnudags gáfu sig fram síðdegis í gær. Þeir eru grunaðir um aðild að líkamsárásinni þar sem öryggisvörður var stunginn í bakið og afgreiðslumaður hlaut skurð á andliti.

Mennirnir, sem eru á tvítugsaldri, gáfu sig fram nokkrum klukkustundum eftir að lögregla sendi fjölmiðlum myndir sem náðust af þeim í öryggismyndavél. Yfirheyrslur hófust í gærkvöld. Þegar blaðið fór í prentun lá ekki fyrir hvort gæsluvarðhalds yrði krafist. **- sþs**

Skólaverkefni 11. september:

## Endaði með útkalli lögreglu

**TEXAS, AP Lóð menntaskóla eins í Texas var lokað í gær og lögreglan kölluð út, eftir að vegfarandi hringdi og tilkynnti um hryðjuverkaárás á skólann.**

**Nokkrir nemendur voru að vinna verkefni fyrir sögutíma, sem fólst í því að endurgera árás úr Víetnamstríðinu og taka af því myndir. Þeir voru því vígalegir; í grænum felubúningum og með gervirifla.**

**Almannatengill skólanefndar héraðsins sagði að enginn bæri sérstaka ábyrgð á uppákomunni en að vissulega mætti setja spurningarmerki við tímasetningu verkefnisins, þann 11. september.** **- kóþ**



**ÁSLÁKUR Í MOSFELLSBÆ** Líkamsárásin átti sér stað á veitingahúsinu Ásláki í desember 2004 og hefur málið því verið til meðferðar í næstum tvö ár. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

# Banaði manni með þungu hnefahöggi

**Mál ákæruvaldsins gegn 27 ára gömlum manni, Lofti Jens Magnússyni, verður tekið til aðalmeðferðar í dag. Loftur er ákærður fyrir að hafa banað hálfsextugum manni með þungu hnefahöggi á veitingahúsinu Ásláki í desember 2004.**

**DÓMSMÁL** Mál ákæruvaldsins gegn Lofti Jens Magnússyni, sem ákærður er fyrir að hafa veitt Ragnari Björnssyni banahögg á veitingahúsinu Ásláki í Mosfellsbæ í desember 2004, verður tekið til aðalmeðferðar í Héraðsdómi Reykjavíkur í dag.

Loftur er ákærður fyrir að hafa veitt Ragnari hnefahögg efst í hálsinn vinstra megin með þeim afleiðingum að brot kom í hálshryggjarliðinn og slagæð við hálshrygg rofnaði. Í ákæru segir að höggið hafi valdið mikilli blæðingu inn í höfuðkúpu sem leiddi til þess að maðurinn lést vegna blæðingar á milli heila og innri heilahimna.

Aðfaranótt 12. desember veitti Loftur Ragnari hnefahöggið og hefur meðferð málsins því tekið næstum tvö ár áður en það er tekið til aðalmeðferðar í dómssal. Lofti var sleppt úr haldi lögreglu átta dögum eftir líkamsárásina. Í fyrstu fór lögreglan fram á að honum yrði haldið í gæsluvarðhaldi í sex vikur en Hæstiréttur féllst ekki á það, þar sem lögreglu tókst ekki að færa viðhlítandi rök fyrir því að nauðsynlegt væri að halda honum í varðhaldi vegna almannahagsmuna, að mati dómara Hæstaréttar.

Verjandi Lofts, Björn Ólafur Hallgrímsson hæstaréttarlögmaður, fór fram á kvaddir yrðu til matsmenn til þess að fara yfir krufningarskýrslu Þóru Steffensen réttarmeinafræðings. Björn Ólafur sagði álit Þóru hafa verið litað af vanrækt hefði verið að skoða til hlítar þætti sem gætu verið skjólstæðingi hans til málsbóta.

Hæstiréttur féllst á að kalla til matsmenn sem fóru vandlega yfir álit Þóru. Með niðurstöðu sinni sneri Hæstiréttur úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur, sem ekki var tilbúinn til þess að verða við beiðni ákærða og lögmanns hans. Matsmennirnir verða kallaðir fyrir dómara við aðalmeðferð málsins og gera þeir grein fyrir niðurstöðum sínum í vikunni.

Ragnheiður Harðardóttir vararíkissaksóknari fór fram á það fyrir hönd ákæruvaldsins að kröfu Lofts og verjanda hans yrði hafnað og sagði máli sínu til stuðnings að ekki væri óeðlilegt þó réttarmeinafræðingur hefði lögregluskýrslu undir höndum til þess að styðjast við. Benti Ragnheiður á að nauðsynlegt væri að hafa til grundvallar allar grunnupplýsingar um málsatvik þegar unnið væri að krufningarskýrslu. magnush@frettabladid.is



**RAGNHEIÐUR HARÐARDÓTTIR** Sækir málið fyrir hönd ákæruvaldsins.

Hlaut fjögurra mánaða skilorð:

## Hótaði sambýliskonu dauða

**DÓMSMÁL Erlendur maður, með lögheimili í Barcelona á Spáni, hefur verið dæmdur í fjögurra mánaða fangelsi, skilorðsbundið, fyrir að ganga í skrokk á sambýliskonu sinni og hóta henni lífláti. Dómurinn var kveðinn upp í Héraðsdómi Reykjavíkur.**

**Maðurinn hélt hnífi við háls konunnar og hótaði að drepa hana, að því er konan bar við skýrslutöku. Hann tók hana tvívegis kverkataki, sló hana margsinnis í andlitið og misþyrmdi henni með þeim afleiðingum að hún marðist og bólgnaði víðs vegar um líkamann.**

**Maðurinn neitaði sakargiftum að mestu við yfirheyrslur og bar við minnisleysi. Fyrir dómi játaði hann hins vegar sök. Hann var dæmdur í fjögurra mánaða fangelsi, skilorðsbundið til þriggja ára. Hann hafði aldrei gerst sekur um refsiverða háttsemi áður og hafði það áhrif á ákvörðun refsingar.** **- jss**

Skipstjóri á fiskitogara:

## Sóttur með þyrlu Landhelgisgæslu

**BJÖRGUN** Skipstjóri á fiskitogaranum Baldvin var sóttur af þyrlu Landhelgisgæslunnar í gærmorgun. Hann hafði dottið og slasast kvöldið áður og var sú ákvörðun tekin að senda þyrlu að sækja hann, enda lítið um læknisaðstöðu um borð. Skipið var að veiðum um tvö hundruð mílur norðaustur af Raufarhöfn.

Ákveðið var að bíða með að senda þyrluna þangað til togarinn væri kominn nær landi. Hún fór á loft um sjöleytið í gærmorgun og var komin til baka með manninn um hádegisbil. Ekki þótti ástæða til að fara með hann á sjúkrahús en gert að sárum hans í skýli Landhelgisgæslunnar. **- sþs**

### LÖGREGLUFRÉTT

**Innbrot í Sandgerði**

Brotist var inn í þrjú fyrirtæki í Sandgerði í gær. Lögreglan á Selfossi gat ekki gefið upp hvort einhverju var stolið og þá hverju. Ekki er vitað hver var að verki, en í öllum innbrotunum var farið inn með því að brjóta rúðu.


**BÍLL DAGSINS**

**OPEL ZAFIRA COMFORT**

Nýskr. 07.02 - Beinskiptur - Ekinn 57 þús. - Allt að 100% lán.




Ingvar Helgason | NOTAÐIR BÍLAR

Opið: Alla virka daga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00. Sími: 525 8020.


Niðurstöður viðhorfskönnunar meðal flugfarþega á flugsamgöngum innanlands:

# Fæstir vilja flugið til Keflavíkur

**SAMGÖNGUR** Átta af tíu flugfarþegum í innanlandsflugi segjast munu fljúga minna ef flugið verði flutt úr Vatnsmýri til Keflavíkur. Níutíu prósent telja flugþjónustu mjög mikilvæga fyrir byggðarlag sitt. Þetta eru niðurstöður viðhorfskönnunar meðal 570 farþega í innanlandsflugi á leið til Reykjavíkur sem gerð var fyrir samgönguyfirvöld.

Einnig kemur fram í niðurstöðum könnunarinnar að flugfarþegar fari að meðaltali um tólf til fimmtán ferðir til höfuðborgarinnar á ári, þar af um sjö til níu ferðir með flugi. Flestir farþega eru 35-50 ára karlar á leið til Reykjavíkur vegna vinnu.

„Það hefur ekki út af fyrir sig verið á dagskrá hjá Samfylkingunni að flytja innanlandsflug til Keflavíkur, nema til verulegra samgöngubóta komi þar á milli,“ segir Dagur B. Eggertsson, borgarfulltrúi Samfylkingar, um niðurstöðurnar. „Kannanir sýna líka að lágt hlutfall þeirra sem nota millilandsflug nýtir innanlandsflug til að koma frá landsbyggðinni og í sitt tengiflug. Þessi könnun nær ekki til þeirra.“

Ekki náðist í Vilhjálm Þ. Vilhjálmsson borgarstjóra vegna málsins. **- sþs**



**DAGUR B. EGGERTSSON**



**VATNSMÝRIN** Flugfarþegar fara að meðaltali um tólf til fimmtán ferðir til höfuðborgarinnar á ári. Þar af eru sjö til níu farnar með flugi.

# ÓDÝRASTA ADSL TENGING Á ÍSLANDI




www.btnet.is - þjónustuver sími 588 1234

## GENGIÐ 11.09.2006

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 71,42 | 71,76 |
| Sterlingspund | 133,33 | 133,97 |
| Evra | 90,85 | 91,35 |
| Dönsk króna | 12,174 | 12,246 |
| Norsk króna | 10,944 | 11,008 |
| Sænsk króna | 9,789 | 9,847 |
| Japanskt jen | 0,6084 | 0,612 |
| SDR | 105,58 | 106,2 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
125,3103

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Al Kaída-samtökin sendu frá sér fleiri myndbönd í tengslum við hryðjuverkaárásirnar 11. september 2001:

# Hóta árásum í Ísrael og Persaflóaríkjum

**EGYPTALAND, AP** Ayman al-Zawahri, egypski læknirinn sem talinn er vera næstæðsti yfirmaður Al Kaída-samtakanna, segir að næstu árásir samtakanna verði gerðar í Ísrael og ríkjum við Persaflóa. Hann segir þetta á myndbandi sem Al Kaída sendi frá sér í gær.

Myndbandið er eitt af nokkrum sem Al Kaída sendir frá sér í tengslum við 11. september, nú þegar fimm ár eru liðin frá árásunum á New York og Washington.

„Þið ættuð ekki að eyða tíma ykkar í að styrkja herlið ykkar í Írak og Afganistan vegna þess að örlög þeirra eru ráðin,“ sagði Zawahri á myndbandinu. „Þess í stað þurfið þið að styrkja herlið ykkar á tveimur svæðum. Annað er Persaflói, þar sem ykkur verður hent út eftir að þið hafið verið yfirbugaðir í Írak, og hitt er Ísrael.“




**AYMAN AL-ZAWAHRI** Sendi frá sér nýjan boðskap í tilefni þess að fimm ár eru liðin frá árásunum á New York og Washington. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Zawahri hvatti einnig múslima til þess að herða andspyrnu sína gegn Bandaríkjunum og hótaði fleiri hryðjuverkum.

Við Bandaríkjamenn sagði hann: „Þið gáfuð okkur réttlætingu og tækifæri til þess að halda áfram að berjast gegn ykkur.“

Á sunnudaginn sendi Al Kaída, eða nánar tiltekið As Sahab, sem mun vera kynningareða áróðursmáladeild Al Kaída, frá sér langt myndband í heimildarmyndastíl um árásirnar á New York árið 2001.

Þar sjást meðal annars gamlar en áður óbirtar myndir af Osama bin Laden, sem enn er sagður hæstráðandi Al Kaída. Þar sést bin Laden meðal annars hitta félaga sína í fjallabúðum og þulur segir að sumir mannanna séu nokkrir af flugræningjunum sem gerðu árásirnar á Bandaríkin árið 2001. **- gb**



**EKRON VÍGÐ** Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, var einn þeirra sem héldu ræðu í tilefni opnunarinnar.

Áfengissjúklingum hjálpað:

## Starfsþjálfunin Ekron vígð

**STARFSÞJÁLFUN** Ekron, starfsþjálfun fyrir áfengissjúklinga, var vígð í gær. Starfsþálfunin er hugmynd Hjalta Kjartanssonar, framkvæmdastóra Ekron.

Herdís Hjörleifsdóttir, sem situr í stjórn Ekron, segir starfsþjálfun fyrir áfengissjúklinga sem lokið hafa vímuefnameðferð vanta hér á landi. „Ekron verður opin á daginn og mun aðstoða þá sem koma úr vímuefnameðferð við að byggja líf sitt upp að nýju og komast út á atvinnumarkaðinn.“

Hún segir að nú standi aðeins á fjármagni til að hægt verði að opna Ekron sem er til húsa á Smiðjuvegi 4b í Kópavogi. **- hs**

### HÁSKÓLAR

**Háskólakennurum fjölgar**

Kennurum á háskólastigi fjölgaði um 101 milli áranna 2004-2005 þótt stöðugildum hefði aðeins fjölgað um 89. Ástæða þessa er sú að drjúgur meirihluti háskólakennara er í hlutastarfi. Í fyrra voru 60 prósent af 1.832 háskólakennurum í minna en 100 prósenta starfi. Tvær af hverjum þremur konum við kennslu eru í hlutastarfi.

# Miðstýringin tekur ekki á glæpavanda

**Litháískur prófessor segir miðstýrt regluverk ekki geta tekið á skipulagðri glæpastarfsemi. Hann segir Evrópusamrunann hafa leitt af sér aukna glæpastarfsemi á síðustu árum. Efla þarf hæfileika þjóða til að nýta samvinnuna.**

**ÖRYGGISMÁL** Viktoras Justickis, prófessor í lögfræði við háskólann Mikolas Romeris í Litháen, telur miðstýrða samvinnu milli ríkja í Evrópu og samþættingu starfa á sviði öryggismála hafa valdið því að skipulögð alþjóðleg glæpastarfsemi hefur aukist gríðarlega á undanförnum árum.

Justickis ræddi um öryggi, Evrópusamruna og alþjóðlegt starfssvið lögreglu á hádegisfundi Lagastofnunar Háskóla Íslands í Lögbergi í gær.

Í erindi sínu, sem bar yfirskriftina „Er hægt að sameina Evrópu þegar kemur að öryggi gegn glæpum?“, fór Justickis vítt og breitt yfir stöðu mála í heimalandi sínu en þar hefur skipulögð glæpastarfsemi skotið djúpstæðum rótum á síðustu árum. Hér á landi hafa ítrekað komið upp mál hjá lögreglu þar sem Litháar eiga í hlut en flest þeirra tengjast innflutningi á amfetamíni. Hafa talsmenn lögreglu og dómsmálaráðuneytis hérlendis lýst því yfir að nauðsynlegt sé að efla starf til þess að sporna gegn því að alþjóðleg glæpastarfsemi geti skotið hér rótum.

Í stuttu máli er Justickis á því að frjálst flæði vinnuafls og fjármagns, auk samþættingar á löggæslustarfsemi milli landa, hafi gert lögregluembættum í einstökum löndum erfitt fyrir í baráttunni við aukið samstarf glæpasamtaka á milli landa. Tók hann dæmi um samvinnu pólskra og litháískra glæpamanna sem erfitt hefur reynst að uppræta vegna ómarkvissra aðgerða alþjóðlegrar samvinnu, að mati Justickis.



**VIKTORAS JURSTICKIS FLYTUR ERINDI SITT** Viktoras fjallaði nokkuð ítarlega um áhrif Evrópusamruna og alþjóðavæðingar á öryggismál og baráttuna gegn glæpum á hádegisfundi í gær. Hann sést hér flytja erindi sitt. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Justickis sagði „lögregluna vera almennt á móti Evrópusambandinu“, en rökstuddi þá fullyrðingu ekki efnislega. Vitnaði hann þess í stað til reynslu lögreglunnar í Litháen af baráttu hennar við glæpamenn sem alltaf næðu að komast yfir landamærin, skrefinu á undan lögreglunni, þar sem þeir næðu að staðsetja sig í „friðlandi“ sem myndaðist vegna vanmáttugra lögregluaðgerða á alþjóðavettvangi.

Ástæðan fyrir erfiðleikunum sem sköpuðust við að samþætta lögregluaðgerðir sem næðu til verkefna milli landa, sagði Justickis vera sú stöðuga spenna sem væri „milli afla sem væru með og á móti sameiginlegri alþjóðlegri baráttu gegn glæpum“, sem skilaði sér oftar en ekki í óskilvirku og svifaseinu kerfi.

Justickis sagðist þess fullviss, að „alþjóðlegt miðstýrt regluverk“, gæti ekki tekið á skipulagðri glæpastarfsemi heldur þyrfti að efla hæfileika þjóða til þess að notfæra sér „alþjóðlegan stuðning“ til þess að sporna gegn alþjóðlegri glæpastarfsemi og auka þar með öryggi borgaranna.

magnush@frettabladid.is

Fíkniefnasmygl:

## Marokkóbúar lausir úr haldi

**LÖGREGLUMÁL** Tveim mönnum frá Marokkó sem reyndu að smygla fíkniefnum innvortis til landsins um mánaðamótin hefur verið sleppt. Tveir landar þeirra til viðbótar voru einnig handteknir í Leifsstöð á sama tíma, en þeim var sleppt að rannsókn lokinni. Allir eru þessir menn búsettir hér.

Fjórmenningarnir voru stöðvaðir við reglubundið eftirlit tollgæslu eftir að grunsemdir vöknuðu um að þeir væru með fíkniefni í farteskinu.

Tveir þeirra reyndust vera með fíkniefni innvortis, en málið mun ekki vera talið umfangsmikið, samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins. **- jss**

Norðausturkjördæmi:

## Munu kjósa um þrjú efstu sætin

**STJÓRNMÁL Efnt verður til prófkjörs um skipan þriggja efstu sæta á lista Samfylkingarinnar í Norðausturkjördæmi fyrir komandi kosningar. Þetta kom fram á aðalfundi kjördæmaráðs flokksins síðastliðinn sunnudag.**



**KRISTJÁN MÖLLER**

**Rúmlega 120 fulltrúar úr kjördæminu sátu fundinn og samþykktu að prófkjörið yrði opið öllum skráðum flokksfélögum sem eiga lögheimili í kjördæminu. Sex hafa þegar gefið kost á sér í þrjú efstu sætin; Kristján Möller, Einar Már Sigurðarson, Lára Stefánsdóttir, Benedikt Sigurðarson, Jónína Rós Guðmundsdóttir og Sveinn Arnarson.** **- þsj**




## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**ENN EIN LÆGÐIN NÁLGAST**

Nú eru breytingar í farvatninu. Myndarleg lægð nálgast landið í dag og smám saman hvessir. Fyrst suðvestan til eftir hádegi en í kvöld vex vindur með öllu Suðurlandinu og suðaustan til hvessir í fyrramálið. Hann verður lengst af hægur á Norður- og Austurlandi en hvessir þar þegar líður á morgundaginn. Þessari lægð fylgir úrkoma sem í fyrstu nær aðeins að landinu vestanverðu.

**VEÐURHORFUR Í BORGINNI Í DAG**

Suðaustan 8-13 m/s. Rigning þegar líður á daginn. Milt í veðri.

*um hádegi »*



*» á morgun*



10-20 m/s hvassast úti við ströndina .

*» fimmtudagur*



8-15 m/s, hvassast með ströndinni sunnan- og norðanverðri.

*um hádegi »*

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 22°C léttskýjað | London | 25°C skúrir | Alicante | 30°C þrumur |
| Bergen | 19°C skúrir | París | 28°C léttskýjað | Mallorca | 28°C rigning |
| Osló | 21°C léttskýjað | Frankfurt | 29°C léttskýjað | Algarve | 26°C skýjað |
| Stokkhólmur | 21°C léttskýjað | Friedrichshafen | 21°C léttskýjað | Krít | 26°C léttskýjað |
| Gautaborg | 21°C léttskýjað | Berlín | 26°C léttskýjað | Las Palmas | 25°C léttskýjað |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

www.toyota.is

# Hingað og ekki lengra

## - hann segir þér til



* mv. Corolla Hatchback Terra 1400 beinskiptur

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS TOY 33766 08/2006

## Corolla - Special Series með bakkskynjara

Corolla vekur góðar minningar í hugum Íslendinga enda einn vinsælasti bíll landsins síðustu tveggja áratuga. Aksturseiginleikar, öryggi, sparneytni og lág bilanatíðni hafa skipað honum sérstakan sess meðal landans. Á þessum góða grunni byggir Corolla Special Series en bætir um betur með afar veglegum aukahlutapakka: Álfelgur, litað gler, vindskeið og síðast en ekki síst bakkskynjari, sem eykur mjög öryggi og forðar ökumönnum frá því að reka bílinn utan í þegar bakkað er.



Bakkskynjari



Vindskeið



Álfelgur



Litað gler

**Komdu og reynsluaktu Corolla Special Series.**

Special Series

**Verð frá 1.929.000 kr.***

TODAY TOMORROW TOYOTA

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbær
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfoss
Sími: 480-8000

Toyota Austurlandi
Miðási 2
Egilsstaðir
Sími: 470-5070



## KJÖRKASSINN

*Manst þú hvar þú varst 11. september 2001?*

| | |
|---|---|
| Já | 95% |
| Nei | 5% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Horfðir þú á bikarúrslitaleik Vals og Breiðabliks í knattspyrnu kvenna?*

Segðu skoðun þína á visir.is

Ögmundur Jónasson vék af fundi iðnaðarnefndar Alþingis í gær:

# Blöskraði slæm vinnubrögð

**STJÓRNMÁL** Ögmundur Jónasson, þingmaður Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs, vék af fundi iðnaðarnefndar Alþingis í gær eftir að forsvarsmenn Landsvirkjunar sögðust tilbúnir að ræða um endurskoðað arðsemismat vegna Kárahnjúkavirkjunar á fundinum gegn því að nefndarmenn færu með upplýsingarnar sem lagðar voru fram sem trúnaðarmál.



Þessu var Ögmundur ekki tilbúinn að fara eftir. „Að undanförnu hafa komið fram sjónarmið frá ýmsum sérfræðingum sem gefa tilefni til þess að skoða vandlega arðsemismat Kárahnjúkavirkjunar. Landsvirkjun fór fram á það að farið væri með upplýsingarnar sem lagðar voru fram sem trúnaðargögn. Þetta eru vinnubrögð sem ekki er hægt að sætta sig við. Það eru stöðugt að koma fram upplýsingar sem gefa tilefni til þess að allar upplýsingarnar verði lagðar á borðið og bornar undir óháða sérfræðinga," sagði Ögmundur og lagði áherslu á að það væru forkastanleg vinnubrögð hjá Landsvirkjun að krefjast trúnaðar. „Þetta er eins ólýðræðislegt og hugsast getur."

> „Þetta eru vinnubrögð sem ekki er hægt að sætta sig við.
>
> **ÖGMUNDUR JÓNASSON**
> ÞINGMAÐUR VG

Þorsteinn Hilmarsson, upplýsingafulltrúi Landsvirkjunar, sagði það alveg ljóst að raforkuverð vegna Kárahnjúkavirkjunar væri trúnaðarmál. „Það var farið yfir endurskoðað arðsemismat, og þar með raforkuverð. Það liggur fyrir að þær upplýsingar eru trúnaðarmál," sagði Þorsteinn. - mh

Grunur um höfundarlagabrot:

# Farbann staðfest í Hæstarétti

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur hefur staðfest farbann yfir manni sem grunaður er um brot á höfundarlögum og lögum um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins. Hann var handtekinn þann 10. ágúst síðastliðinn og 250 gígabæta harður diskur gerður upptækur.

Við yfirheyrslur viðurkenndi maðurinn að hafa afritað gögn af netþjóni yfir á harða diskinn. Rannsókn á disknum stendur nú yfir og verður maðurinn yfirheyrður aftur í tengslum við hana. Því var hann dæmdur í farbann til fimmtudagsins 21. september. - sþs

# Fórnarlambanna minnst

**Minningarathafnir voru haldnar í Bandaríkjunum í gær í tilefni þess að fimm ár voru liðin frá hryðjuverkunum sem urðu nær 3.000 manns að bana.**

**BANDARÍKIN, AP** Bandaríkjamenn minntust þess í gær að fimm ár voru liðin frá hryðjuverkárásunum sem urðu 2.749 manns að bana.

Minningarathafnir voru haldnar víða og voru einnar mínútu þagnir haldnar fjórum sinnum í New York þar sem Tvíburaturnarnir áður stóðu, til að minnast þess þegar flugvélarnar rákust á þá og þegar þeir hrundu. Fjölmargir ættingjar hinna látnu voru samankomnir í New York og héldu á myndum af ástvinum sínum, báðust fyrir og grétu hljóðlega á meðan nöfn allra hinna látnu voru lesin upp.

George W. Bush Bandaríkjaforseti og eiginkona hans, Laura, mættu á staðina þrjá þar sem flugvélunum var eytt, í New York, í varnarmálaráðuneyti Bandaríkjanna í Washington og á túnið í Pennsylvaníu, þar sem fjórða vélin hrapaði eftir að talið er að farþegum hefði tekist að yfirbuga hryðjuverkamennina.

Atburðanna var jafnframt minnst víða um heim, enda hafa þeir og eftirleikur þeirra markað spor í nútímasöguna. Sagði forsætisráðherra Nýja-Sjálands, Helen Clark, að heimurinn hefði síður en svo orðið öruggari síðan í september árið 2001 og Angela Merkel, kanslari Þýskalands, sagði að „umburðarlyndi og virðing gagnvart öðrum menningarhópum" yrði að marka veginn í alþjóðlegri baráttu gegn hryðjuverkum. - smk



**FÓTSPOR TURNSINS** Minningarathöfnin var haldin þar sem Tvíburaturnarnir stóðu áður. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**FÓRNARLAMBA MINNST** Slökkviliðsmenn tóku þátt í minningarathöfnum víða um Bandaríkin í gær. Þessi mynd er tekin í Fíladelfíu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**MINNINGARATHÖFN** Patricia Smith missti móður sína í hryðjuverkaárásunum. Patricia tók þátt í minningarathöfninni í New York . FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**RÆÐUR HALDNAR** Dick Cheney varaforseti hélt ræðu í Pentagon í gær. Við hlið hans er Donald Rumsfeld varnarmálaráðherra. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**FORSETAHJÓNIN** George W. Bush Bandaríkjaforseti og kona hans, Laura, tóku þátt í athöfninni í New York í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**BÖRN Á SRÍ LANKA FYLGJAST MEÐ** Foreldrarnir óttast hefndaraðgerðir barnaræningjanna og kæra þá því ekki. NORDICPHOTOS/AFP

Mannréttindasamtök á Jaffna:

# Tamílskum börnum rænt

**KÓLOMBÓ, AP** Minnst fimmtíu tamílskra barna og ungmenna er saknað eftir átökin á Jaffna-skaga í ágústmánuði, segir yfirmaður mannréttindanefndar Srí Lanka á Jaffna. Óttast er að mörgum þeirra hafi verið rænt. Ættingjar margra barnanna segja að öryggissveitir stjórnarhersins hafi komið heim til þeirra og handtekið börnin.

Alls 67 ungmenni týndust í mánuðinum og er vitað um afdrif sautján þeirra. Þau féllu ýmist fyrir hendi óþekktra vígamanna eða létust í gæslu stjórnarhersins og í flóttamannabúðum.

Fátítt er að þeir sem ræna börnum á Jaffna-skaga séu ákærðir, því almenningur óttast hefndaraðgerðir brotamanna, að sögn mannréttindanefndarinnar. - kóþ

## LEIÐRÉTTING

**Afmæli, ekki ártíð**

Í frétt um Yoko Ono í gær var 9. október næstkomandi misnefndur sem 66. ártíð Johns Lennon heitins. Hið rétta er að 9. október er 66. afmæli Johns Lennon.

## LEIÐRÉTTING

Í blaðinu í gær var ekki rétt sagt frá stóðréttum í Víðidalstungurétt í Húnaþingi vestra. Stóðið verður réttað laugardaginn 7. október, en daginn áður verður því smalað til byggða af Víðidalstunguheiði.

LeikHöllin
Ný námskeið hefjast vikuna 18-23 September
Enskunámskeið 5-9 ára "NÝTT"
Jóga fyrir mæður með ungana sína "NÝTT"
Tónlist og Íþróttir 3-12 mánaða
Íþróttir 1-6 ára
Tónlist 1-6 ára
Ungbarnanudd
Meðgöngujóga
Haltu upp á afmælið í Leikhöllinni!
Allar nánari upplýsingar og skráning í síma: 517-7900 eða sendu okkur tölvupóst á leikhollin@leikhollin.is
Leikur og List

## HARMLEIKURINN 11. SEPTEMBER



**FLOGIÐ Á TURNANA** Hryðjuverkamenn rændu tveimur farþegaflugvélum og flugu þeim á turnana tvo með þeim afleiðingum að þeir hrundu. NORDICPHOTOS/AFP



**PENTAGON** Hryðjuverkamennirnir eru sagðir hafa rænt annarri vél og flogið henni á Pentagon skömmu eftir að árásirnar voru gerðar á Tvíburaturnana. NORDICPHOTOS/AFP



**ENN FLEIRI FÓRNARLÖMB** Lítið reyndist eftir af fjórðu farþegavélinni sem talið er að hryðjuverkamenn hafi rænt, en vélin hrapaði á túni í Pennsylvaníu. Allir um borð, 45 manns, fórust. NORDICPHOTOS/AFP

EXISTA

# Almennt hlutafjárútboð

## stendur til kl.17:00 á morgun – skráning á www.kbbanki.is

Almennt útboð á hlutum í Exista hófst mánudaginn 11. september og stendur til kl. 17:00 miðvikudaginn 13. september næstkomandi. 65.000.000 hlutir eru boðnir almenningi á genginu 21,5 krónur fyrir hvern hlut, samtals að andvirði 1.397,5 milljóna króna. Lágmarksáskrift er 5.500 hlutir að andvirði 118.250 króna og Hámarksáskrift er 2.000.000 hlutir að andvirði 43 milljóna króna.

**Ráðgjöf KB banka veitir upplýsingar vegna hlutafjárútboðsins í síma 444 7000 og tölvupósti existautbod@kbbanki.is.**

Exista er á meðal öflugustu fyrirtækja landsins og nema heildareignir þess yfir 300 milljörðum króna. Félagið starfar á sviði fjármálaþjónustu, einkum trygginga og eignaleigu, m.a. undir merkjum VÍS og Lýsingar. Exista er jafnframt kjölfestufjárfestir í nokkrum af stærstu fyrirtækjum landsins, þar á meðal Kaupþingi banka, Bakkavör Group og Símanum. Markmið Exista er að nýta fjárhagslegan styrk sinn til frekari uppbyggingar hér á landi og erlendis. Þann 15. september er fyrirhugað að skrá hluti félagsins í Kauphöll Íslands.

### Útgefandi

Exista hf., kt. 610601-2350

### Seljandi í hlutafjárútboði

Kaupþing banki hf., kt. 560882-0419

### Umsjónaraðili útboðs og skráningar

Fyrirtækjaráðgjöf Kaupþings banka hf., kt. 560882-0419

### Útboðs- og skráningarlýsing

Útboðs- og skráningarlýsing er gefin út á ensku undir heitinu Prospectus. Lýsingin er gefin út rafrænt á heimasíðu útgefanda, www.exista.com. Lýsinguna má einnig nálgast á heimasíðu umsjónaraðila og seljanda, www.kbbanki.is eða www.kaupthing.net. Lýsingin er jafnframt birt í fréttakerfi Kauphallar, news.icex.is. Innbundin eintök liggja frammi hjá Exista að Ármúla 3 í Reykjavík og hjá Kaupþingi banka, Borgartúni 19 í Reykjavík.

### Skráning áskriftar

Áskriftum í almenna útboðinu skal skila rafrænt á sérstöku formi á vef KB banka, www.kbbanki.is.

Áður en kemur til áskriftar þarf fjárfestir að gera grein fyrir sér með eftirfarandi aðgangsauðkennum á áskriftarforminu;

A með notandanafni og lykilorði fyrir KB Netbanka, eða
B með kennitölu og lykilorði í starfsmannaútboði, eða
C með kennitölu og lykilorði sem fjárfestir pantar við upphaf áskriftar og fær sent um hæl með tölvupósti.

Rafræn staðfesting er skilyrði fyrir gildri áskrift. Staðfestingin er birt í lok áskriftar og hana má prenta út. Eftir að áskrift hefur verið gerð og fram til 31. október 2006 er einnig hægt að nálgast rafræna staðfestingu á vefsíðunni með því að nota sömu aðgangsauðkenni og við skráningu áskriftar. Einnig má nálgast staðfestinguna í KB Netbanka.

Áskrift í útboðinu er bindandi fyrir áskrifanda. Seljanda er heimilt að krefjast tryggingar frá fjárfestum sem skrá áskrift yfir 5 milljónum króna.

Áskrift í almenna útboðinu er opin einstaklingum með íslenska kennitölu og lögaðilum sem hafa íslenska kennitölu, að því gefnu að þeim sé ekki meinuð þátttaka samkvæmt lögum.

### Úthlutun

Komi til þess að áskriftir verði umfram þá 65.000.000 hluti sem boðnir eru í almenna útboðinu, þá verður seldum hlutum úthlutað til áskrifenda með eftirfarandi hætti:

A Hlutfallslegur niðurskurður mun nema allt að 50% af hverri áskriftarfjárhæð, og
B ef samanlagðar áskriftir eru enn umfram 65.000.000 hluti eftir 50% hlutfallslegan niðurskurð, þá verður til viðbótar flötum niðurskurði beitt á áskriftirnar þannig að hámark úthlutaðrar áskriftar verður lækkað uns samanlagðar áskriftir nema 65.000.000 hlutum.

### Útgáfa og afhending hluta

Hlutir sem seldir er í útboðinu eru gefnir út rafrænt hjá Verðbréfaskráningu Íslands. Gert er ráð fyrir að hlutir verði afhentir hverjum kaupanda einum viðskiptadegi eftir að greiðsla berst.

### Greiðsla

Frá og með 14. september 2006 má nálgast tilkynningu um úthlutun ásamt greiðslufyrirmælum á vefsíðu KB banka með því að nota sömu aðgangsauðkenni og við skráningu áskriftar. Frá 14. september getur jafnframt hver og einn áskrifandi nálgast greiðsluseðil vegna úthlutaðra hluta í sínum netbanka. Greiðslufyrirmæli verða í formi greiðsluseðils sem greiða má í íslenskum banka, sparisjóði eða netbanka. Greiðsluseðlar verða ekki sendir áskrifendum með pósti.

Gjalddagi er 14. september en greiðslu skal inna af hendi eigi síðar en 20. september 2006 í samræmi við ofangreind greiðslufyrirmæli. Greiðslukvittun verður send til áskrifanda eftir að greiðsla hefur borist með réttum hætti.

### Niðurstaða útboðs og skráning í Kauphöll

Stjórn Kauphallar Íslands hefur samþykkt að skrá alla útgefna hluti Exista í Kauphöll Íslands. Kauphöllin hefur veitt tímabundna undanþágu frá skilyrði um lágmarksfjölda hluthafa en í kjölfar útboðs er gert ráð fyrir að því skilyrði verði fullnægt. Óskað hefur verið eftir því að EXISTA verði auðkenni félagsins og hluta þess hjá Kauphöllinni. Viðskiptalota bréfanna verður 5.000 hlutir. Viðskiptavakt verður með hluti félagsins frá skráningardegi.

Niðurstaða útboðsins verður tilkynnt Kauphöll Íslands og fjölmiðlum 13. september 2006 eftir klukkan 17:00 og birt í fréttakerfi Kauphallarinnar 14. september 2006. Skráning í Kauphöll Íslands er fyrirhuguð 15. september 2006, en endanleg dagsetning verður tilkynnt með dags fyrirvara í fréttakerfi Kauphallarinnar.

Reykjavík, 12. september 2006

KB BANKI

www.kbbanki.is • Sími 444 7000

**VEISTU SVARIÐ?**



1 Hver er Stullameistari 2006?

2 Hvaða íslensku skólar unnu á Norðurlandamótum grunn- og framhaldsskóla í skák sem fram fóru um helgina?

3 Hver mun taka fyrstu skóflustunguna að friðarsúlu í Viðey?

SVÖRIN ERU Á BLAÐSÍÐU 38

Síminn hf. sendir frá sér fréttatilkynningu vegna skrifa Hallgríms Helgasonar í Fréttablaðinu:

# Ásakanir sagðar úr lausu lofti gripnar

**BAUGSMÁL** Síminn hf. telur fráleitt að starfsmaður fyrirtækisins hafi greint frá því að yfir þrjátíu sinnum hafi verið hringt úr forsætisráðuneytinu í embætti Ríkislögreglustjóra, skömmu áður en ráðist var inn í höfuðstöðvar Baugs hinn 28. ágúst 2002.

Hallgrímur Helgason greinir frá því í pistli í Fréttablaðinu í gær að þeim skilaboðum hafi verið komið til hans „að starfsmenn Símans hefðu ekki undrast innrásina: Mánuðinn á undan hefðu þeir talið yfir 30 símtöl úr forsætisráðuneytinu til ríkislögreglustjóra“, eins og segir orðrétt í pistli Hallgríms.

Fréttablaðið hafði áður kannað sannleiksgildi þessara sögusagna en ekki fengið fyrir því staðfestar heimildir að þær væru á rökum reistar.

Síminn sendi í gær frá sér fréttatilkynningu




**STARFSMENN BUNDNIR TRÚNAÐI** Síminn hf. sendi frá sér tilkynningu í kjölfar skrifa Hallgríms Helgasonar.

þar sem segir meðal annars að „allir þeir sem starfa við fjarskipti skulu vera skyldugir til, bæði meðan þeir gegna starfinu og eftir að þeir hafa látið af því, að halda leyndu fyrir óviðkomandi aðilum öllu því sem varðar fjarskiptin.“

Þá segir jafnframt í tilkynningunni að ásakanir Hallgríms séu „mjög alvarlegar“ og telur Síminn það fráleitt að þær eigi sér stoð í raunveruleikanum.

Hallgrímur segir viðbrögð Símans skiljanleg. „Viðbrögð Símans eru skiljanleg og eðlileg. En fyrirtækið myndi samt þurfa að gefa upp þessar upplýsingar ef málið væri rannsakað sem sakamál, og ef óskað yrði eftir upplýsingunum með dómsúrskurði. Ég tel að það sé orðið tímabært að það verði farið rækilega ofan í saumana á upphafi Baugsmálsins.“

Ekki náðist í Harald Johannessen ríkislögreglustjóra eða Bolla Þór Bollason, ráðuneytisstjóra forsætisráðuneytisins, í gær þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir. - mh






**NÁM ER LEIKUR** Þessi börn frá Norður-Kambódíu eru meðal þeirra sem Barnaheill – Save the Children aðstoða við að mennta sig, en menntun er eitt sterkasta vopn fátækari landa í baráttunni fyrir jafnvægi og meiri velmegun. MYND/BARNAHEILL

# Stríð truflar nám barna

## 43 milljónir barna fá ekki viðunandi menntun sökum stríðsátaka í heimalöndum þeirra. Herferð sem ætlað er að bæta þar úr er hafin.

**STRÍÐSÁTÖK** Stríð hefur víðtækari áhrif en margan grunar. Samtökin Barnaheill benda nú á að menntun 43 milljóna barna víðs vegar um heim allan sé í lamasessi vegna stríðsátaka í heimalöndum þeirra.

„Það er algjörlega óviðunandi hvernig heimurinn fer með þessi börn,“ segir Jan Egeland, yfirmaður neyðaraðstoðar Sameinuðu þjóðanna. „Alþjóðasamfélagið getur ekki skilið eftir börn, sem lifa í skugga átaka, án vonar um mannsæmandi framtíð. Börn geta ekki beðið eftir að átökum ljúki til að eiga möguleika á menntun.“

Alþjóðasamtökin Save the Children, sem Barnaheill er aðildarfélag að, birtu í dag nýja rannsóknarskýrslu þar sem fram kemur að stríðsátök hafa gríðarlega eyðileggjandi áhrif á menntun barna í 30 löndum. Ástæðan er sú að skólar eru oft herteknir eða eyðilagðir í átökum og kennarar eru drepnir eða þeir flýja. Eins eru börnin oft neydd í hermennsku eða barnaþrælkun, en árið 2003 voru barnahermenn undir 15 ára aldri notaðir í meira en helmingi þeirra átaka sem þá voru í gangi, að því er kemur fram í skýrslunni.

„Áreiðanleg menntun barna er eitt aðalatriðið þegar kemur að uppbyggingu landa,“ segir Petrína Ásgeirsdóttir, framkvæmdastjóri Barnaheilla, en samkvæmt skýrslunni hafa alþjóðlegir styrktaraðilar verið tregir til að skuldbinda sig til að gefa fé til menntunar í stríðshrjáðum löndum.

Í dag hefst alþjóðaverkefni Save the Children sem á að breyta þessu og mun Barnaheill sinna menntun stríðshrjáðra barna í Afganistan, Kambódíu og Úganda. Verkefnið, sem gengur undir nafninu „bætum framtíð barna“ er meðal annarra stutt af Egeland og Desmond Tutu erkibiskupi. Því er ætlað að hvetja alþjóðlega styrktaraðila til að veita aukalega 5,8 milljarða Bandaríkjadala til menntunar barna í stríðshrjáðum löndum, sem og að stuðla að því að ríkisstjórnir allra landa sæki til saka hermenn og skæruliða sem beita kennara og nemendur ofbeldi. Einnig er vonast til þess að verkefnið sjái til þess að menntun verði alltaf hluti af neyðaraðstoð.

Verkefnið mun ná til um átta milljóna barna í 20 löndum og verða skólar byggðir, kennarar þjálfaðir og skólagögnum og námsefni útvegað. smk@frettabladid.is



Það er sama hvernig þú lítur á dæmið. Ef þig vantar leiðir til þess að eignast draumabílinn getum við alltaf boðið þér einfalda lausn.

Bílalán // Bílasamningur // Einkaleiga

LÝSING

MARKAÐURINN
Sögurnar, tölurnar, fólkið.
AUGLÝSINGASÍMI 550 5000



BÍLALÁN
Finndu bara bílinn sem þig dreymir um og við sjáum um fjármögnunina. Reiknaðu lánið þitt á www.frjalsi.is, hringdu í síma 540 5000 eða sendu okkur línu á frjalsi@frjalsi.is. Við viljum að þú komist sem lengst!

FRJÁLSI
FJÁRFESTINGARBANKINN


Betri leið í Interneti
Síminn
NÝTT
NÝJAR ÁSKRIFTARLEIÐIR Í INTERNETI
Betri leið í Interneti
Góður
NETIÐ 1 Mb
4 GB niðurhal**
og 1 Mb/sek
3.990 kr. á mán.
Betri
NETIÐ 2 Mb
6 GB niðurhal**
og 2 Mb/sek
4.990 kr. á mán.
Bestur
AUKINN HRAÐI
NETIÐ 8 Mb
Ótakmarkað niðurhal
og allt að 8 Mb/sek***
5.990 kr. á mán.
Langbestur
AUKINN HRAÐI
NETIÐ 12 Mb
Ótakmarkað niðurhal
og allt að 12 Mb/sek***
6.490 kr. á mán.
Miklu meira innifalið!
Skjárinn*, Safnið, Öryggispakki og Tölvuvari
í öllum Betri leiðum í Interneti hjá Símanum
• Safnið
Örugg geymsla fyrir ljósmyndir og önnur stafræn gögn
• Öryggispakki Símans
Ein öflugasta vírusvörnin á markaðnum
• Tölvuvari Símans
Staðsetur tölvuna ef henni er stolið
• Skjárinn
Sjónvarp og bíó heima í stofu í bestu mögulegu myndgæðum
Þú velur þínar stöðvar og greiðir á sama hátt og áður
Farðu á siminn.is og kynntu þér allar nánari upplýsingar um Betri leiðir Símans
Skráðu þig í Betri leið á sölustöðum Símans um allt land eða í síma 800 7000
Kynntu þér skilmálana á siminn.is
*Myndlykill fyrir Skjáinn og uppsetning fylgir ADSL hjá Símanum gegn 12 mánaða samningi **Umframnotkun gjaldfærist samkvæmt verðskrá ***Ef tæknilega mögulegt
800 7000 - siminn.is



**FÍLAPÓLÓ Í TAÍLANDI** Bandarískur leikmaður reynir að verja boltann ásókn ítalska keppinautarins í Konunglegu fílapólókeppninni sem haldin var í fjöllunum við yfirráðasvæði Gullna þríhyrningsins. NORDICPHOTOS/AFP

Barr býður 25 kúnum betur en Actavis fyrir hvern hlut í slagnum um Pliva:

# Actavis hugsar málið um sinn

**VIÐSKIPTI** Endurskoðað yfirtökutilboð bandaríska lyfjafyrirtækisins Barr Pharmaceuticals, sem lagt var fram í allt hlutafé í króatíska samheitalyfjafyrirtækið Pliva síðasta föstudag, hljóðar upp á 820 kúnur á hlut.

Miðað við þetta síðasta útspil Barr nemur kaupverð Pliva tæpum 180 milljörðum íslenskra króna.

Tilboðið var birt á vef HANFA, króatíska fjármálaeftirlitsins í gær, en birting þess var háð samþykki eftirlitsins.

Tilboð Barr er 25 kúnum hærra en nýtt yfirtökutilboð Actavis, sem síðast bauð 795 kúnur á hlut, eða um 176 milljarða króna fyrir fyrirtækið. Þremur prósentum munar á tilboðunum.

Actavis brást ekki samdægurs við ákvörðun Barr, en ekki er ólíklegt að fyrirtækið kynni í dag ákvörðun sína um næstu skref.

Fyrirfram var búist við að Barr myndi hækka boð sitt.

Actavis á rétt rúman fimmtung bréfa í Pliva með beinum eða óbeinum hætti. Verði af sameiningu Actavis og Pliva er gert ráð fyrir því að til verði þriðji stærsti framleiðandi á samheitalyfjamarkaði í heimi.

Það sama á svo einnig við, sameinist Barr og Pliva. Áætlað er að tilboðsferlinu í Pliva ljúki 11. næsta mánaðar. - jab/óká



**RANNSÓKNASTOFUR PLIVA** Gengi bréfa Pliva lækkaði í gær, en sérfræðingar á mörkuðum telja fjárfesta horfa til þess að lokaverð bréfa fyrirtækisins verði 850 kúnur á hlut. MYND/PLIVA

Fleiri karlar vinna lengur:

# Stjórnendur vinna lengur

**ATVINNUMÁL** Yfir helmingur stjórnenda á Íslandi vinnur meira en 50 klukkustundir á viku en meðalvinnuvika launafólks er um 42 klukkustundir. Mun fleiri karlkyns stjórnendur vinna svo langa vinnuviku en konur í sambærilegum stöðum. Þetta er meðal þess sem kemur fram í könnun VR meðal stjórnenda á íslenskum vinnumarkaði.

Í könnuninni kemur fram að þriðjungur stjórnenda vinni yfir 60 klukkustundir að meðaltali í hverri viku. 22 prósent karla vinna yfir 60 klukkustundir á viku á móti 7 prósentum **kvenna.** - hs



**BENEDIKT SEXTÁNDI** Hann er þessa dagana í heimsókn á heimaslóðum sínum í Þýskalandi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Benedikt páfi í Bæjaralandi:

# Í heimsókn á heimaslóðum

**MÜNCHEN, AP** Benedikt XVI páfi sagði Vesturlandabúum til syndanna í útimessu í Þýskalandi á sunnudaginn. Hann er þar í sex daga heimsókn á heimaslóðum sínum í Bæjaralandi og hefur hlotið feiknagóðar móttökur.

Í útimessunni á sunnudaginn, sem um 250 þúsund manns sóttu, sagði páfi að fólk á Vesturlöndum þjáðist af heyrnarleysi þegar guð væri annars vegar.

„Við erum ekki lengur fær um að heyra í guði," sagði hann. „Það sem sagt er um Guð finnst okkur vera frá því áður en vísindin komu og henta ekki lengur okkar tímum." - gb

# Bág aðstaða blindra hneykslar sérfræðinga

**Eini ráðgjafi um málefni blindra hjá Reykjavíkurborg er hættur störfum. Önnur sveitarfélög gátu keypt þjónustu af honum. Enginn hefur verið ráðinn í hans stað. Sérfræðingar á Norðurlöndum eru slegnir yfir stöðunni hér.**

**MENNTAMÁL** „Er þetta bókmenntaþjóðin, hér geta blind börn ekki einu sinni fengið að læra að lesa," þessa setningu segir Halldór Sævar Guðbergsson, formaður Blindrafélagsins, hafa hrokkið upp úr stjórnanda sænsku þekkingarmiðstöðvarinnar í málefnum blindra þegar honum varð ljóst hvernig menntamálum blindra er háttað á Íslandi.

Starfshópurinn Novir, eða Nordic Visually Impaired Research, var stofnaður fyrir ellefu árum og hefur síðan þá verið í samstarfi við þekkingarhópa um málefni blindra á Norðurlöndum. Ísland er eina Norðurlandaþjóðin sem ekki hefur slíka þekkingarmiðstöð. Engu að síður voru átján fulltrúar frá átta slíkum miðstöðvum staddir hér á dögunum til að kynna það sem er að gerast í sínum löndum og sjá hvernig staðan er annars staðar.

Halldór segir að erlendu gestirnir séu furðu lostnir á því hvernig málum er háttað hér á landi. „Ísland stendur langt að baki þeim og reyndar flestum þjóðum Evrópu. Hér er ekki boðið upp á neina kennsluþjónustu fyrir blind börn," segir hann og nefnir sem dæmi að hérlendis njóti aðeins einn nemandi blindrakennslu í grunnskóla. Blind og alvarlega sjónskert börn fái því ekki tækifæri til að læra að lesa þó að sá réttur sé lögbundinn. Hér sé ekki boðið upp á námskeið fyrir foreldra, börn eða kennara, námsefnið sem ætlað er blindum sé ekki yfirfarið af blindrakennurum til að ganga úr skugga um að það nýtist, auk þess sem engar kennsluleiðbeiningar fylgi til kennara.

„Foreldrar og kennarar sem mættu á fundinn hjá okkur voru slegnir þegar þau heyrðu af þjónustunni sem talið er sjálfsagt að börn njóti annars staðar en á Íslandi," segir Halldór.

Halldór segir fyrst hafa verið fjallað um þessi mál fyrir um tíu árum en síðan hafi ekkert gerst nema hvað nefnd hafi verið skipuð ofan á aðra nefnd og allar skýrslur orðið að því sem hann kallar skúffuskýrslur. Einn blindrakennari hafi sinnt ráðgjöf fyrir blinda í Reykjavík en til þess fékk hann fimm tíma á viku. Hann sé nú hættur störfum og enn sem komið er hafi enginn verið ráðinn í hans stað.

Óopinbert vilyrði liggi þó fyrir um að ráðið verði í stöðuna og Halldór vonast því til þess að eitthvað sé að þokast í þessum málum á næstunni. Hann bendir á að Blindrafélagið eigi von á tveimur breskum sérfræðingum sem ætli að fara yfir málin og gera tillögur til úrbóta.

„Ég er bjartsýnn en ég hef lært að brýnustu verkefni geta þvælst ótrúlega lengi í kerfinu. Engu að síður er ekki annað hægt en að vona og hvetja fólk til að prófa að setja sig í spor þeirra sem þurfa að sætta sig við að börnin þeirra fái ekki að læra að lesa heldur sagt að þeim nægi að hlusta á hljóðbækur," segir hann að lokum.

karen@frettabladid.is



**EITT BLINT BARN FÆR KENNSLU.** Aðstaða blindra barna á Íslandi vekur furðu erlendra sérfræðinga en ekki er boðið upp á kennsluþjónustu fyrir blind börn hér á landi.



**FRÍSTUNDAHEIMILI** Enn bíða hátt á sjötta hundrað barna eftir plássi á frístundaheimili.

587 börn bíða vistunar:

# 68 starfsmenn vantar til starfa

**FRÍSTUNDAHEIMILI Enn bíða 587 börn eftir að komast að á frístundaheimilum í Reykjavík. Steingerður Kristjánsdóttir, verkefnastjóri hjá ÍTR, segir búið að útvega 1.850 börnum pláss en umsóknir á frístundaheimilin eru 300 fleiri í ár en í fyrra. „Enn vantar 68 starfsmenn til starfa á frístundaheimilin, flesta í Árbæinn en þar bíða einnig flest börn eftir að komast að."**

**Steingerður segir stöðuna hjá mörgum foreldrum mjög erfiða vegna þess að börn þeirra komast ekki að.** - hs

Stórstreymt í Hafnarfirði:

# Flóðhæð rúmir fjórir metrar

**FLÓÐ** Stórstreymt var í Hafnarfjarðarhöfn á föstudaginn var. Ekki mátti miklu muna að sjórinn flæddi yfir bryggjuna. Flóðhæðin var rúmir fjórir metrar þegar mest var.

„Þetta er ekkert óalgengt. Það kemur fyrir að sjórinn flæði upp á bryggjuna," segir Viggó Þorsteinsson, hafnsögumaður í Hafnarfjarðarhöfn.

Hann segir enga hættu skapast þegar sjórinn flæðir svona hátt. „Þetta varir ekki lengi, það getur verið í einn, tvo daga sem sjórinn fer upp að bryggjunni eða yfir hana á stöku stað." - sþs

## LÖGREGLUFRÉTT

### Sofnaði undir stýri

Umferðaróhapp varð á Vestfjarðavegi neðan við Skógskot í Miðdölum snemma í gær. Talið er að ökumaður hafi sofnað undir stýri með þeim afleiðingum að hann ók jeppabifreið sinni ofan í skurð. Manninn sakaði ekki en samkvæmt lögreglunni í Búðardal er bíllinn töluvert skemmdur.

ÁSKRIFT: 515 6100 | WWW.STOD2.IS | SKÍFAN | OG VODAFONE

NÝTT BRESKT GRÍN!

SAMSKIPTI KYNJANNA HAFA ALDREI VERIÐ FYNDNARI

Man Stroke Woman í kvöld kl. 22:30



GOTT FÓLK McCANN



# Hlutafjárútboð Marel hf. hefst á morgun

Seldir verða 75.000.000 nýrra hluta í Marel í útboði. Útboðið verður þrískipt; útboð til forgangsréttarhafa, fagfjárfesta og almennings.

Þjónustuver Landsbanka Íslands hf. mun veita upplýsingar um útboðið í síma 410 4000. Jafnframt munu ráðgjafar Landsbankans veita upplýsingar um útboðið í síma 410 4040.

Marel hefur gefið út lýsingu vegna fyrirhugaðrar hlutafjárhækkunar og útboðs. Lýsinguna er hægt að nálgast á vef Marel www.marel.is, Landsbankans www.landsbanki.is og Kauphallar Íslands www.icex.is. Jafnframt er hægt að nálgast prentuð eintök af lýsingunni hjá útgefanda og umsjónaraðila.

# Hlutafjárútboð Marel hf. 13. – 14. september 2006

## Útgefandi

Marel hf., kt. 620483-0369, Austurhrauni 9, Garðabæ, sími 563 8000, www.marel.is

## Umsjónaraðili útboðs og skráningar

Fyrirtækjaráðgjöf Landsbanka Íslands hf., kt. 540291-2259, Hafnarstræti 5, 3. hæð, Reykjavík, fax: 410 3007, www.landsbanki.is

## Heimild til hlutafjárhækkunar

Á fundi stjórnar Marel hf., sem haldinn var þann 24. ágúst 2006, var tekin ákvörðun um að nýta heimild í samþykktum félagsins til að hækka hlutafé félagsins um allt að 75.000.000 hluta og selja fjárfestum í útboði. Útboðið er liður í að styðja við frekari vöxt Marel.

## Útboðsgengi og heildarsöluvirði útboðs

Útboðsgengið er 74,0 kr. fyrir hvern hlut og heildarsöluvirði útboðsins eru 5.550 milljónir króna.

## Sölutímabil

Frá klukkan 9:00 miðvikudaginn 13. september 2006 til klukkan 16:00 fimmtudaginn 14. september 2006.

## Sölutrygging

Landsbanki Íslands hf. hefur sölutryggt útboðið að fullu á útboðsgengi

## Gjalddagi

Áskrift í útboðinu er skuldbindandi. Greiðsluseðlar verða sendir kaupendum í kjölfar áskriftar. Gjalddagi greiðsluseðla er 22. september 2006. Hlutir, sem kunna að vera ógreiddir, má stjórn Marel hf. hvort heldur sem er innheimta með kostnaði eða fella úr gildi og ráðstafa til þriðja aðila án sérstakrar tilkynningar eða fyrirvara.

## Afhending og skráning nýrra hluta

Stefnt er að rafrænni útgáfu og afhendingu nýrra hluta hjá Verðbréfaskráningu Íslands hf. eigi síðar en 29. september 2006. Hlutirnir verða skráðir í Kauphöll Íslands hf. eigi síðar en 2. október 2006.

## Forgangsréttarútboð

Hluthöfum Marel verða alls boðnir 30.000.000 nýrra hluta til kaups og er áskriftarréttur hlutfallslegur miðað við hlutafjáreign þeirra eins og hún var skráð í hlutaskrá Marel í lok föstudagsins 25. ágúst 2006. Hluthöfum er heimilt að skrá sig fyrir færri eða fleiri hlutum en sem nemur forgangs-rétti þeirra og verður ónýttum forgangsréttarhlutum útdeilt í hlutfalli við forgangsrétt þeirra sem þess óska.

Áskriftum er einungis hægt að skila rafrænt á vef Landsbankans www.landsbanki.is. Aðeins forgangsréttarhafar geta skráð áskrift í þessum hluta útboðsins og þá aðeins að þeir geti gert grein fyrir sér með kennitölu og lykilorði sem þeir hafa fengið sent í pósti. Rafræn staðfesting er skilyrði fyrir gildri áskrift. Staðfestingin er birt í lok áskriftar og hana má prenta út.

## Fagfjárfestaútboð

Alls verða 30.000.000 nýrra hluta boðnir fagfjárfestum til kaups. Einungis þeir sem eru fagfjárfestar samkvæmt skilgreiningu í 2. gr. 1. mgr. 7. tl. laga nr 33/2003, um verðbréfaviðskipti, hafa heimild til að taka þátt í þessum hluta útboðsins.

Fagfjárfestar skila inn bindandi áskrift á þar til gerðum áskriftareyðublöðum sem hægt er að nálgast á vef Landsbankans. Stjórn Marel hefur heimild til að hafna áskriftum í þessum hluta útboðsins í heild eða að hluta. Verði ekki næg eftirspurn í útboðinu til fagfjárfesta hefur stjórn Marel heimild til að úthluta óseldum hlutum til forgangsréttarhafa.

Þeir fagfjárfestar sem fá úthlutað hlutum í útboðinu verður send tilkynning um samþykki stjórnar á áskrift þeirra í lok útboðsins.

## Almennt útboð

Alls verða 15.000.000 nýrra hluta seldir í almennu útboði. Hámarkshlutur sem hver fjárfestir í þessum hluta getur skráð sig fyrir eru 10.000 hlutir eða 740.000 krónur að markaðsverði. Ef til umframáskriftar kemur skerðist hámarks fjöldi hluta sem hverjum áskrifanda er heimilt að kaupa þar til heildarfjöldi seldra hluta er kominn niður í þann fjölda hluta sem er til sölu í þessum hluta útboðsins. Skerðing er því ekki hlutfallsleg. Verði eftirspurn í almenna hluta útboðsins ekki næg hefur stjórn Marel heimild til að úthluta óseldum hlutum til forgangsréttarhafa.

Áskriftum í almenna útboðinu er einungis hægt að skila rafrænt á vef Landsbankans www.landsbanki.is. Til þess að skrá áskriftir sínar þurfa áskriftendur að sækja um lykilorð með því að slá inn kennitölu sína og netfang og fá þeir þá lykilorðið sent strax í tölvupósti. Rafræn staðfesting er skilyrði fyrir gildri áskrift. Staðfestingin er birt í lok áskriftar og hana má prenta út.

**Forgangsréttarhafar og fagfjárfestar hafa fulla heimild til þátttöku í almenna útboðinu án tillits til þátttöku þeirra í öðrum hlutum útboðsins.**

Landsbankinn

Marel

HÚN Á AFMÆLI...

Nýherji fagnar því að í ár eru **25 ár** síðan IBM hóf tölvubyltinguna með því að setja fyrstu einkatölvuna á markaðinn.

Kíktu í verslun Nýherja og skoðaðu afmælistilboðin.

1981 1982 1983 — **IBM** kynnir fyrstu einkatölvuna til sögunnar. Hún var með 4,7MHz örgjörva og 16K í minni.

1984 1985 1986 1987 — Fyrsta færanlega tölva **IBM** kemur á markað, hún var aðeins 14 kg.

1988 1989 1990 1991 — Fyrsta ThinkPad fartölvan frá **IBM** kemur á markaðinn. Þetta er fyrsta fartölvan á markaðnum með litaskjá og pinnamús.

1992 1993 1994 — **Nýherji** stofnaður með samruna IBM á Íslandi og Skrifstofuvéla og verður umboðsaðili IBM. NÝHERJI

1995 1996 1997 1998 1999 — **IBM** kynnir fyrstu fartölvuna sem vegur minna en 2kg.

2000 2001 2002 2003 — **IBM** hefur selt 100 milljón tölvur út um allan heim.

2004 2005 — Einkatölvuhluti **IBM** og tölvuframleiðandinn **Lenovo** renna saman í eitt fyrirtæki undir nafninu **Lenovo**.

2006 — 25 árum síðar víkkar **Lenovo** út vörulínuna. Auk **Lenovo ThinkPad** kemur **Lenovo 3000** fartölvulínan á markað sem setur nýja staðla í gæðum og verðum.

Afmælistilboð

Í tilefni 25 ára afmælisins bjóðum við 25.000 króna afslátt af Lenovo ThinkPad T60 fartölvu

Tilboðsverð: 239.900 kr.

Verð áður 264.900 kr.

lenovo
www.lenovo.is

NÝHERJI

Borgartúni 37 | 105 Reykjavík | s: 569 7700 | f: 569 7799 | nyherji@nyherji.is

Erlendu vinnuafli fjölgar mest á höfuðborgarsvæðinu og Austurlandi:

# Fleiri karlar flytja til Íslands

**FÓLKSFLUTNINGAR** Fram á mitt þetta ár fluttu 3.262 til landsins en allt árið í fyrra fluttu 3.680 manns hingað til lands. Flestir sem flytjast frá útlöndum setjast að á höfuðborgarsvæðinu og Austurlandi.

Ólöf Garðarsdóttir, deildarstjóri mannfjöldadeildar Hagstofu Íslands, segir það koma á óvart hversu mikil fjölgunin sé. „Þetta er mesta fjölgun sem við höfum séð af erlendu vinnuafli fram til þessa en stór hluti þess mun að öllum líkindum hverfa af landi brott eftir að virkjanaframkvæmdum lýkur fyrir austan.“

Þegar kynjahlutfall aðfluttra er skoðað kemur í ljós að breytingar hafa orðið á hlutfalli kynjanna í flutningi erlendra ríkisborgara. Á árunum 2004-2006 fluttust fleiri konur en karlar til landsins en á fyrstu sex mánuðum þessa árs var hlutfall aðfluttra erlendra karlmanna hærra en erlendra kvenna í öllum landsfjórðungum nema á Norðurlandi vestra.



**VIRKJANAFRAMKVÆMDIR** Flestir sem flytjast frá útlöndum setjast að á höfuðborgarsvæðinu og Austurlandi.

Mestur er kynjamunurinn á Austurlandi en þangað fluttust 1.274 erlendir karlar en aðeins 103 erlendrar konur á fyrstu sex mánuðum þessa árs. Á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Vesturlandi voru erlendir karlar sem fluttu til landsins um það bil helmingi fleiri en konur. - hs

# Stillt upp á lista VG á höfuðborgarsvæðinu

**Vinstri græn stefna að sameiginlegu forvali fyrir kjördæmin á höfuðborgarsvæðinu. Tillögurnar verða kynntar flokksmönnum í kvöld. Efasemdir eru uppi um aðferðina á meðal flokksmanna sem óttast vald Reykvíkinga.**

**STJÓRNMÁL** Tillögur uppstillingarnefndar Vinstri grænna um fyrirkomulag til röðunar á framboðslista flokksins á höfuðborgarsvæðinu fyrir komandi kosningar verða kynntar í kvöld. Athygli vekur að samkvæmt þeim nær forvalið yfir bæði Reykjavíkurkjördæmin og Suðvesturkjördæmi, eða hinn svokallaða Kraga. Ýmsir flokksmenn hafa af því áhyggjur að jafnræði muni ekki ríkja milli Kragans og Reykjavíkur verði þessi háttur hafður á.

Þorleifur Gunnleifsson, formaður kjördæmisráðs VG í Reykjavík, segist hafa verið efins í fyrstu þegar hann heyrði tillögurnar en sé þó kominn á þá skoðun að þetta sé rétta leiðin. „Ástæðan fyrir því að það er verið að skoða þessa hluti er sú að höfuðborgarsvæðið er orðið eitt svæði bæði atvinnulega séð og íbúalega séð. Þetta er orðið svæði án sjáanlegra landamæra og samvaxið í alla kanta. Þarna er um að ræða íbúa á sama svæðinu sem hafa sömu hagsmuna að gæta.“

Í sama streng tekur Ólafur Þór Gunnarsson, oddviti VG í Kópavogi. „Þetta er spennandi tilraun til að horfast í augu við þá staðreynd að þetta er orðið eitt svæði. Það skiptir í sjálfu sér ekki máli hvar á svæðinu þingmenn hafa búsetu og því ættu íbúar alls svæðisins að hafa áhrif á listann.“ Ólafur segir að hann hafi vissulega heyrt efasemdir um tillöguna og segir þær áhyggjur virðast fyrst og fremst stafa af óróa um að Reykvíkingar muni hafa áhrif á hverjir séu í framboði í Kraganum. Hann telur þó að fyrirkomulag forvalsins ætti að koma í veg fyrir slíkt því uppstillingarnefndin mun hafa vald til að raða mönnum framar á listana svo lengi sem þeir hafa fengið til þess kjörgengi. Ólafur segist sjálfur ekki hafa miklar áhyggjur af því ef það hittist svo á að fleiri góðir frambjóðendur eigi heima í Reykjavík en í Kraganum. „Þá er það bara flokknum til góða og hann kemur fleiri góðum frambjóðendum fram.“

Sigurður Magnússon, bæjarstjóri Vinstri grænna á Álftanesi, segir að það sé ekki úr háum söðli að detta varðandi uppstillingarmál í Kraganum því samstöðu hafi almennt skort hjá flokksdeildunum í kjördæminu. Hann segist hafa orðið var við áhyggjur í kjördæminu en telur að fyrirkomulagið geti ekki orðið annað en til bóta. thordur@frettabladid.is



**SAMEIGINLEGT FORVAL** Ef tillögur uppstillingarnefndar ná fram að ganga munu reykvískir flokksmenn Vinstri grænna geta haft áhrif á uppstillingu lista Suðvesturkjördæmis og öfugt.



SIGURÐUR MAGNÚSSON



ÞORLEIFUR GUNNLAUGSSON



ÓLAFUR ÞÓR GUNNARSSON

15% september afsláttur til 16. september

INNVAL

Hamraborg 1 Kópavogi s: 554 4011



Úrslit fyrstu þingkosninga í Svartfjallalandi frá því að landið lýsti yfir sjálfstæði liggja ljós fyrir:

# Ríkisstjórn Djukanovic hrósar sigri

**PODGORICA, AP** Samsteypustjórn Milos Djukanovic lýsti í gærmorgun yfir sigri í þingkosningunum í Svartfjallalandi, sem haldnar voru á sunnudaginn. Þetta voru fyrstu þingkosningarnar í Svartfjallalandi frá því landið lýsti yfir sjálfstæði snemma í sumar.

„Við fengum algjört vald í Svartfjallalandi,“ sagði Milo Djukanovic forsætisráðherra sigri hrósandi. „Þetta er sigur fyrir evrópskt Svartfjallaland og sönnun þess að landið er á góðri leið inn í samstæða Evrópu.“

Áður en endanleg úrslit höfðu verið staðfest hafði óháð stofnun sent frá sér bráðabirgðatölur þar sem stjórnarflokkarnir fengu 41 þingsæti af 81, en tveir stjórnarandstöðuflokkar, sem vilja ganga aftur í ríkjasamband með Serbíu, fá 23 þingsæti. Stjórnarandstöðuflokkarnir tveir, sem létu gera eigin talningu, sögðu þessi úrslit geta staðist.



**SIGRI FAGNAÐ** Stuðningsmenn sjálfstæðs ríkis í Svartfjallalandi fagna sigri í fyrstu kosningunum frá því að landið fékk sjálfstæði. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

„Þetta eru slæm úrslit og vonbrigði fyrir okkur,“ sagði Milorad Vojnovic, talsmaður Sósíalíska þjóðarflokksins.

Fjórði flokkurinn, Hreyfing í þágu breytinga, sem stofnaður var til þess að berjast gegn spillingu og gera efnahagsumbætur, fær 11 þingsæti en síðan skipta smærri flokkar sex þingsætum á milli sín.

Nebosja Medojevic, leiðtogi Hreyfingar í þágu breytinga, segist hæstánægður með það mikla fylgi sem þessi nýstofnaði flokkur hlaut. En jafnframt sagði hann úrslitin sýna að Svartfellingar væru ekki tilbúnir að „losa sig við“ hina „spilltu og vanhæfu“ stjórn Djukanovic, sem í raun hefur stjórnað landinu í sautján ár. **- gb**

Fingralangur nammigrís:

## Stal sælgæti úr sjálfsala

**LÖGREGLUMÁL Brotist hefur verið inn í sælgætissjálfsalann sem stendur við þjóðveginn á leið til Borgarfjarðar eystri í þrígang í sumar.**



**Í innbrotunum var öllu sælgæti úr sjálfsalanum stolið og var heildarverðmæti þess á annað hundrað þúsund krónur.**

**Eftir fyrsta innbrotið var myndavél komið fyrir á staðnum. Myndirnar sýndu að sami maður var að verki þegar sjálfsalinn var brotinn upp í annað og þriðja sinn og telst málið upplýst. - hs**



**LEIÐTOGI BRESKA ÍHALDSFLOKKSINS** Segist vera „frjálslyndur íhaldsmaður, en ekki nýíhald“. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

David Cameron:

## Enga þrælslund gagnvart Bush

**LONDON, AP** David Cameron, leiðtogi breska Íhaldsflokksins, segir að Bretar eigi að vera „traustir en ekki þýlyndir“ í vináttu sinni við Bandaríkin.

Í ræðu sem hann flutti í London í gær, þegar fimm ár voru liðin frá hryðjuverkunum í New York og Washington, hafnaði Cameron þeirri utanríkisstefnu sem bæði George W. Bush Bandaríkjaforseti og nánasti bandamaður hans, Tony Blair, forsætisráðherra Bretlands, hafa fylgt.

„Við höfum aldrei, fyrr en núna nýlega, verið gagnrýnislausir bandamenn Bandaríkjanna,“ sagði Cameron. **- gb**

Lyfjastofnun:

## Varar við lyfjum í netverslun

**LYFJAMÁL Lyfjastofnun varar fólk við því að kaupa lyf í netverslunum.**

**Stöðugt færist í vöxt að fölsuð lyf finnist í umferð í Evrópulöndum, að því er fram kemur á vefsíðu stofnunarinnar. Einnig eykst framboð á allskyns náttúrulyfjum sem oft geta haft skaðleg áhrif á heilsu manna.**

**Oftast má rekja þessi lyf til netverslunar og vill Lyfjastofnun því ítreka að netverslun með lyf er óheimil hér á landi enda er slík verslun í flestum tilvikum án eftirlits heilbrigðisyfirvalda. - jss**

Hexia.net opnar stjórnmálavef:

## Safnar saman pólitísku efni

**STJÓRNMÁL** Hexia.net hefur opnað nýja pólitíska fréttagátt. Gáttin, sem nálgast má á vefslóðinni politik.hexia.net, safnar sjálfkrafa efni af vefjum stjórnmálamanna og annarra sem fjalla um stjórnmál. Hún flokkar þær saman og birtir heildaryfirlit á einum stað.

Þórarinn Stefánsson, framkvæmdastjóri Hex, sem á og rekur gáttina, líkir henni við fréttaþjónustu Google. „Við höfum ekkert ritstjórnarvald yfir því sem birtist. Uppfærslur á vefjum stjórnmálamannanna stýra því hvenær nýtt efni birtist.“ **- sþs**


SEPTEMBERTILBOÐ



(131187)
Gorenje kæli -og frystiskápur
Ryðfrítt stál með kámvörn
200cm á hæð
279L kælir, 86L frystir
**Tilboðsverð kr. 109.900**



(101563)
Gorenje þvottavél
1200 sn/mín
Tekur 6 kg m/íslenskum merkingum
**Tilboðsverð kr. 65.900**



(705053)
Gorenje þurrkari
Barkalaus m/rakaskynjara tekur 6kg
**Tilboðsverð kr. 64.900**



(665938)
Gorenje blástursofn
Klukka, hreinsibúnaður, 9 kerfi
**Tilboðsverð kr. 49.900**



(695112)
Gorenje keramik helluborð
4 hellur, snertitakkar, barnalæsing
**Tilboðsverð kr. 55.900**



(662749)
Gorenje háfur
60cm, vegghháfur úr burstuðu stáli
**Tilboðsverð kr. 14.500**

**Reykjavík**: Borgartún 24 • Sími 562 4011
**Akureyri**: Óseyri 2 • Sími 460 0800
**Reykjanesbær**: Hafnargata 52 • Sími 420 7200
**Reyðarfjörður**: Nesbraut 9 • Sími 470 2020

RÖNNING
www.ronning.is

pipar / SÍA



**STYTTAN AF GANDHI** Í gær minntust Suður-Afríkubúar þess að 75 ár eru frá því að Indverjinn Mohandas Gandhi hóf þar í landi að stunda friðsamleg mótmæli. Þessi stytta af Gandhi stendur við torg, sem nefnt er eftir honum, í Jóhannesarborg. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Íslenska fyrirtækið ShopUSA hyggur á útrás eftir þriggja ára þróunarvinnu á Íslandsmarkaði:

# ShopUSA færir út kvíarnar í Evrópu

**NETVERSLUN** Íslenska fyrirtækið ShopUSA er að færa út kvíarnar. Á næstunni mun fyrirtækið veita kaupendum í tólf Norður-Evrópulöndum aðgang að bandaríska netmarkaðinum. Löndin eru Danmörk, Svíþjóð, Finnland, Noregur, Færeyjar, Grænland, Lettland, Litháen, Eistland, Pólland, Þýskaland og Frakkland.

Hildur Hauksdóttir, framkvæmdastjóri ShopUSA, segir reksturinn hafa gengið vel hérlendis. Nú séu um fimm hundruð íslenskar pantanir gerðar vikulega í gegnum fyrirtækið.

„Við erum ekki að opna verslun eða útibú heldur aðgang að öllum bandarískum netverslunum,“ segir hún. „Einstaklingar í þessum löndum munu geta verslað eins og Íslendingar hafa getað gert síðastliðin þrjú ár. Þetta verður unnið í samstarfi við PNL og



**HILDUR HAUKSDÓTTIR** Framkvæmdastjóri ShopUSA í Virginíu.

póstinn í Danmörku, en þeir sjá um dreifingu innan landana.“

Hildur segir sterkasta tromp fyrirtækisins vera reiknivélina á heimasíðunni. „Enginn annar býður viðskiptavinum sínum upp á reiknivél eins og við gerum. Þar kemur heildarkostnaðurinn fram með öllum gjöldum. Fólk greiðir þennan kostnað áður en við sendum pöntunina frá vöruhúsi okkar í Virginíu og svo er það laust allra mála og fær vöruna heim að dyrum.“

Þróunarvinnan hefur tekið þrjú ár og að sögn Hildar hefur Íslandsmarkaðurinn verið tilraunaverkefni. „Hér hefur þetta gengið vonum framar og við bíðum í ofvæni eftir að geta boðið fleiri Evrópuþjóðum upp á sömu þjónustu. Kynningarherferðin fer af stað í haust í löndunum og við erum vongóð, þótt misjafnt sé hvernig löndin almennt taka nýjungum. Við förum hægt af stað og búumst við að sjá 120.000 sendingar fyrsta árið.“ - glh

Sjóræningjaveiðar:

## Bréf til Evrópuþingmanna

**STJÓRNMÁL** Guðlaugur Þór Þórðarson hefur sent öllum þingmönnum sem sitja í þingmannanefnd EES bréf.

Þar vekur hann athygli á sjóræningjaveiðum á Norður-Atlantshafi. Í bréfinu taldi Guðlaugur Þór upp þau Evrópulönd sem veitt hafa skipum er stunda sjóræningjaveiðar þjónustu í höfnum sínum.

Guðlaugur vill að þingmenn nefndarinnar sjái til þess að skipum sem stunda ólöglegar veiðar verði ekki hleypt til hafnar í löndum sínum líkt og nýlega samþykktar reglur Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndarinnar segja til um.

Guðlaugur hyggst taka málið upp að nýju á haustfundi þingmannanefndar EES. - þsj

Erlendir fréttavefir segja Ísland kjörið fyrir iðnað:

## Dásama hræódýrt orkuverð hérlendis

**ORKUMÁL** Ástæðan fyrir því að álfyrirtæki stefna til Íslands er sú að þar er orkan næstum ókeypis. Þessu halda ráðgjafar fréttavefjanna Stansberry & Associates og Moneyweek.com fram í nýlegum fréttabréfum sínum.

Sagt er að landið sé kjörið tækifæri fyrir þá sem standa að orkufrekum iðnaði, þá sérstaklega álframleiðendum, sem sagðir eru framleiða eina mikilvægustu vöru heims. Bent er að að í ljósi hækkandi olíuverðs í heiminum þurfi stórfyrirtæki að leita að ódýrari framleiðsluleiðum þar sem verið sé að loka fyrirtækjum víða um heima vegna þess hve rafmagnsverð er orðið hátt. Ísland sé því kjörið tækifæri fyrir iðnfyrirtæki þar sem orkan sé svo hræódýr [dirt-ceap] eins og það er orðað.

Þorsteinn Hilmarsson, upplýsingafulltrúi Landsvirkjunar, segir að það geti ekki verið skaðlegt að vekja athygli fjárfesta á Íslandi. Fullyrðingarnar um ódýrt orkuverð hér á landi segir hann þó byggðar á misskilningi. Staðreyndin sé að verð til orkufreks iðnaðar eins og álframleiðslu séu um miðbik þess sem þekkist annarsstaðar í heiminum.

„Það eru skrotur á ódýrri orku í heiminum og aðilum þykir áhugavert að sjá hvar hana er að finna á hagstæðu verði. Þá sérstaklega eins og þá sem við getum boðið hér á landi sem veldur ekki gróðurhúsaáhrifum. Þannig skiljanlega vekur Ísland athygli,“ segir Þorsteinn að lokum. - kdk



**GAGNRÝNIR TRYGGINGAFÉLÖGIN** Daði Hinriksson bifvélavirkjameistari gagnrýnir tryggingafélögin harkalega og telur þau reyna að svína á þeim sem verða fyrir tjóni. Hann telur viðskiptavini eiga rétt á fullu tjóni, líka fyrir afnotatapi. Honum var boðinn Yaris í staðinn fyrir svona Dodge Ram pallbíl fyrir nokkrum árum. FRÉTTABLAÐIÐ/HALLDÓR SVEINBJÖRNSSON

# Tryggingafélög sökuð um svik

**Daði Hinriksson bifvélavirkjameistari telur að tryggingafélögin stundi samráð og reyni að svíkja almenning. „Borgum fólki bætur með bros á vör,“ segir framkvæmdastjóri hjá Sjóvá.**

**TRYGGINGAMÁL** Daði Hinriksson bifvélavirkjameistari deilir harkalega á tryggingafélögin og segir þau neyta allra ráða til að svíkja. Þóra Hallgrímsdóttir, framkvæmdastjóri hjá Sjóvá, þvertekur fyrir þetta.

„Það er ekki hægt að segja að almenningur steli eitthvað sérstaklega af tryggingafélögunum. Tryggingafélögin eru þá alveg sömu svikararnir,“ segir Daði og telur sárlega vanta hjá tryggingafélögunum að þau bæti tjón að fullu.

Daði rifjar upp viðskipti við tryggingafélag fyrir nokkrum árum. Hann hafði keypt sér Dodge Ram pallbíl og var í fullum rétti þegar ekið var aftan á bílinn. Tryggingafélagið vildi ekki bæta afnotatapið sem hann varð fyrir. „Þeir eiga að útvega samskonar bíl eða sambærilegan en buðu mér Yaris. Ég er fatlaður og get ekki keyrt þann bíl,“ segir Daði og telur að tryggingafélög nýti sér alltaf alla veika bletti hjá tjónþola til að lágmarka bæturnar.

Daði deilir harkalega á tryggingafélögin, segir þau neyta allra ráða til að svíkja og hafa jafnvel samráð um iðgjöld og úrskurð bóta. „Í kaskótjóni gera þeir allt til að bæturnar verði sem minnstar og lækka bæturnar eftir aldri bílsins og akstri. Tryggingatakinn verður hins vegar alltaf að borga sama iðgjaldið sama hversu gamall bíllinn er og hve mikið keyrður hann er.“

„Við leggjum áherslu á að afgreiða málin rétt og borgum fólki bætur með brosi á vör í yfirgnæfandi fjölda tilfella,“ segir Þóra Hallgrímsdóttir, framkvæmdastjóri hjá Sjóvá. „Við byggjum starf okkar á ákveðnum ramma sem löggjafinn setur. Bótafjárhæðir geta verið afmarkaðar í lögum. Það er alveg kýrskýrt að það er ekkert samráð um ákvörðun iðgjalda en íslensk tryggingafélög eru auðvitað á sama markaði,“ segir hún.



**ÞÓRA HALLGRÍMSDÓTTIR** Framkvæmdastjóri hjá Sjóvá segir tryggingafélög ekki hafa neitt samráð um ákvörðun iðgjalda.

Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins, segir að ýmis hagsmunasamtök séu í gangi í atvinnulífinu. Ekki sé hægt að komast fyrirfram að þeirri niðurstöðu að vinna þeirra feli í sér ólögmætt samráð.

„Það þarf að skoða í hverju tilviki fyrir sig. Hins vegar þarf að gæta varúðar í slíku samstarfi með það hversu langt má ganga,“ segir hann og bætir við að vátryggingamarkaðurinn hafi komið til skoðunar samkeppnisyfirvalda og muni vafalaust gera það í framtíðinni í samræmi við eftirlitsskyldu sína. ghs@frettabladid.is




# Fjölbreytt nám á haustönn

## Námskeið við allra hæfi að hefjast

## Tölvu- og bókhaldsnám

Stutt og hnitmiðuð 200 stunda námsbraut sem skilar strax árangri. Nám á þessari braut hentar fólki á öllum aldri sem vill styrkja stöðu sína enn frekar á vinnumarkaði með aukinni menntun. Hentar einnig vel sjálfstæðum atvinnurekendum sem vilja vera sem mest sjálfbjarga í allri tölvuvinnu og við bókhaldið.
Að námi loknu eiga nemendur að vera færir um að sinna flestum skrifstofustörfum sem ritarar og öflugir tölvunotendur og sem fulltrúar og bókarar í bókhaldsdeildum stærri fyrirtækja.
Kennd er ein námsgrein í senn sem lýkur með prófi eða verkefni, tölvugreinunum lýkur flestum með alþjóðlegri prófgráðu.

**Tölvug eina**

- Windows XP tölvugrunnur og skjalavarsla
- Word
- Excel
- PowerPoint kynningar, glærur og skjásýningar
- Myndvinnsla, stafrænar myndir og brennsla CD og DVD
- Internet, öryggi á Netinu og spjallrásir
- Outlook tölvupóstur, dagbók og skipulag

**Bókhald**

- Verslunarreikningur
- Virðisaukaskattur, reglur og skýrslur
- Bókhaldsgrunnur og handfært bókhald
- Tölvubókhald í Navision

Kennsla hefst 21. september og lýkur 16. desember.

Morgunnámskeið:
Þriðjudaga, fimmtudag og föstudag kl 8.30 - 12.

Kvöldnámskeið:
Þriðjudaga og fimmtudaga kl. 18 - 21.30 og laugardaga frá 9 - 12.30.

Lengd: 200 std. - Námið er metið til eininga.
Verð: 153.000,- Allar kennslubækur og námsgögn innifalin.

Boðið er upp á VISA eða EURO raðgreiðslur til allt að 36 mánaða. Við útvegum einnig námslán, en þá þarf að útvega einn ábyrgðarmann.



## Sóley Rut Ísleifsdóttir, þjónustufulltrúi hjá VÍS.

„Ég fékk mjög gott starf á frábærum vinnustað. Tölvunámið hjálpaði mér að öðlast það sjálfstraust sem þurfti til að sækja um nýtt og krefjandi starf. Það er aldrei of seint að byrja að læra eitthvað nýtt. Fyrir mig var þetta góð fjárfesting og frábær tími í góðum félagsskap í skemmtilegum og krefjandi skóla."

## ECDL tölvunám

Þetta viðamikla tölvunámskeið hentar fólki á öllum aldri sem vill fá ítarlega þekkingu og þjálfun í öllum helstu tölvugreinunum og alþjóðlega vottun því til staðfestingar.

ECDL skammstöfunin stendur fyrir European Computer Driving Licence sem er alþjóðlegt prófskírteini útgefið af Skýrslutæknifélagi Íslands.

**Kennslugreinar:**

- Grunnatriði upplýsingatækninnar
- Windows tölvugrunnur,
- Word ritvinnsla
- Excel töflureiknir
- Internet og tölvupóstur
- Gagnasafnsgerð í Access
- Power Point

™ ECDL

Kennsla hefst 21. september og lýkur 3. nóvember.

Morgunnámskeið:
Þriðjudaga, fimmtudaga og föstudaga kl 8.30 - 12.

Kvöldnámskeið:
Þriðjudaga og fimmtudaga kl. 18 - 21.30 og laugardaga frá 9 - 12.30.

Lengd: 100 std. - Námið er metið til eininga.
Verð kr. 75.000,- Allt kennsluefni innifalið.

## MCP XP

Grunnbraut fyrir þá sem vilja verða hæfir til að sjá um rekstur og uppsetningu minni og meðalstórra tölvukerfa og fá alþjóðlega vottun því til staðfestingar. Þeir sem ljúka þessu námi og því prófi sem það miðast við (70-270) fá alþjóðlega vottun sem „Microsoft Certified Professional" MCP gráðan er einnig grunnur að flestum öðrum sérfræðinámsbrautum Microsoft.

Microsoft CERTIFIED Professional

Kennsla hefst 19. september og lýkur 19. október.
Kennt er þriðjudaga og fimmtudag frá kl. 17:30 – 21:30
**Eitt sæti laust**

Lengd: 60 std.
Verð kr. 79.900,- án prófa (kr. 88.900,- með prófinu).

## MCSA

Aðalmarkmið MCSA námskeiðsins er að gera þátttakendur hæfa til að starfa sem sérfræðingar og umsjónarfólk Microsoft netkerfa og veita þeim jafnframt eftirsótta alþjóðlega vottun því til staðfestingar.
Nám á þessari braut hentar því vel þeim sem þurfa að styrkja stöðu sína og samkeppnishæfni á vinnumarkaði með aukinni þekkingu, færni og alþjóðlegum prófgráðum.

**Námsbrautin samanstendur af námskeiðunum:**

- Installing, Configuring, and Administering Microsoft Windows XP Professional
- Managing and Maintaining a Microsoft Windows Server 2003 Environment
- Implementing, Managing, and Maintaining a Microsoft Windows Server 2003 Network Infrastructure
- Implementing and Managing Microsoft Exchange Server 2003

Þeir sem ljúka þessu námi og þeim fjórum prófum sem námskeiðið byggir á, öðlast hina eftirsóttu gráðu frá Microsoft, "Microsoft Certified Systems Administrator"

Microsoft CERTIFIED Systems Administrator

Kennsla hefst 19. september og lýkur 15. febrúar.
Kennt er þriðjudaga og fimmtudaga frá kl. 17:30 – 21:30
**Tvö sæti laust**

Lengd: 240 std.
Verð kr. 230.000,- án prófa (kr. 266.000,- með fjórum prófum).

TÖLVUSKÓLINN ÞEKKING

REYKJAVÍK & AKUREYRI

FAXAFEN 10 | GLERÁRGATA 36 | WWW.TSK.IS | SÍMI: 544 2210
108 REYKJAVÍK | 600 AKUREYRI | SKOLI@TSK.IS

## „ORÐRÉTT“

### *Aðeins sjálfsmörk*

**„Mér finnst því helst hægt að líkja þessu stríði gegn hryðjuverkum við fótboltalið sem gerir mjög mikið af mörkum en nær eingöngu sjálfsmörk.“**

JÓN ORMUR HALLDÓRSSON STJÓRNMÁLAFRÆÐINGUR SEGIR STRÍÐIÐ GEGN HRYÐJUVERKUM HAFA MISTEKIST. FRÉTTABLAÐIÐ, 11. SEPTEMBER.

### *Ljós hörmung*

**„Það er ljóst að afleiðingar slyss þar sem risaolíuskip á í hlut yrðu hörmulegar.“**

GÍSLI VIGGÓSSON, FORSTÖÐUMAÐUR HJÁ SIGLINGASTOFNUN, SEGIR ÍSLAND EKKERT SÉRLEGA VEL BÚIÐ UNDIR MENGUNARSLYS. FRÉTTABLAÐIÐ, 11. SEPTEMBER.

# tilveran
*nær og fjær*

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** JÓN R. HJÁLMARSSON RITHÖFUNDUR

## *Fór fyrir eldri borgurum um landið*



„Það er sáralítið að frétta af gömlu fólki, en maður hefur nóg að gera,“ segir Jón R. Hjálmarsson, rithöfundur og fv. fræðslustjóri. Þrátt fyrir meint tíðindaleysi fór Jón, sem varð 84. ára síðastliðið vor, í tvær ferðir sem leiðsögumaður í sumar. „Ég fór norður Kjöl með Ferðaklúbbi eldri borgara. Gist var fyrstu nóttina í Skagafirði en síðan haldið upp í Laugafell, sem er merkilegur staður við Hofsjökul. Þarna er jarðhiti og þjóðsagan segir að þegar svarti dauði gekk yfir landið hafi Þórunn ríka hafst þarna við með sitt fólk. Hún var mikil hreinlætismanneskja, lét höggva til þró í móbergsklöpp og tók sér þar bað daglega. Þróin stendur enn en það er bannað að baða sig í henni.“ Áfram hélt ferðin m.a. til Grímseyjar og á Fiskidaginn mikla á Dalvík.

Í næstu ferð fór Jón fyrir hópi Félagi kennara á eftirlaunum upp að Kárahnjúkum. „Það var geysilega áhrifamikið og stífluframkvæmdirnar eru svo risavaxnar að maður áttar sig varla á umfanginu.“

Jón er fróðleiksbrunnur um land og sögu og hefur skrifað fimm Þjóðvegabækur, svokallaðar. „Næst í röðinni er bókin „Þjóðkunnir menn við þjóðveginn,“ sem ég á von á að komi út hjá Skjaldborg fyrir jólin,“ segir hann að lokum.



**AÐ LOKNUM HÁTÍÐARHÖLDUM** Þessu risavaxna líkneski fílaguðsins Ganesha var kastað í hafið við Mumbai á Indlandi, Ganesha til dýrðar. NORDICPHOTOS/AFP

## SJÓNARHÓLL
**ÁHRIFIN AF 11. SEPTEMBER 2001**

### *Tortryggni aukist mikið*



**UNNUR JÖKULSDÓTTIR RITHÖFUNDUR**

„Ég held að áhrifin séu miklu djúpstæðari og meiri en við gerum okkur grein fyrir,“ segir Unnur Jökulsdóttir rithöfundur um áhrifin af hryðjuverkunum 11. september 2001. „Maður finnur áhrifin beinast í því að ferðalög hafa breyst mikið og eru orðin torveldari. Nú er líka alltaf þessi ógn undirliggjandi að eitthvað hræðilegt sé við það að gerast og fólk tortryggir allt og alla. Óvinurinn er þessi ósýnilegi hryðjuverkamaður sem hvenær sem er getur látið til skarar skríða og paranojan er slík að t.d. þriðjungur Bandaríkjamanna telur að þarlend stjórnvöld hafi staðið að baki atburðunum til að auka hervæðingu og fá hjólin til að snúast. Ég held að því miður eigi áhifin af 11. september eftir að vara lengi enn.“

# Valtýr einn af þeim síðustu til að græða á veru Varnarliðsins

**Í gegnum tíðina hafa margir makað krókinn á veru Varnarliðsins á Miðnesheiði. Nú fer hver að verða síðastur því stutt er í að Kaninn fari með sitt hafurtask til mikilvægari hernaðarsvæða. Valtýr Björn Thors er einn af þeim síðustu til að komast í feitt.**

Valtýr hefur verið að vinna í brotajárnsmóttöku Hringrásar í Helguvík en þangað keyra nú varnarliðsmenn ruslið sitt í stríðum straumum.

„Þetta er ótrúlegt magn sem kemur hingað,“ segir Valtýr. „Það sem er smíðað fyrir herinn virðist vera úr skriðdrekastáli og vegur skrilljón tonn. Það er því ekki lógískt að fljúga með þetta úr landi. Við erum að taka á móti allskyns dóti, innréttingum, húsgögnum og tölvubúnaði; allt saman gæða stöff og öllu hent.“

Valtýr segist hafa sett sér mörk þegar hann byrjaði að vinna hjá Hringrás um hvað hann ætlaði að hirða. „Ég bý í 45 fermetra íbúð með konu sem hefur annan skítastöðul en ég svo ég ákvað að hirða bara það sem gæti nýst mér við tónlistarsköpun. Ég hef m.a. hirt mixer, barítónhorn og risastórt hátalarabox sem hefur eflaust hangið neðan úr þyrlu einhvern tímann og blastað klassískri tónlist yfir hrísgjónaakra. Ég hef líka hirt allskyns framandi gosdrykki og endalaust af ógeðsnammi, svona stöff sem Kaninn er sólginn í. Einn daginn var komið með sjálfssala sem ég reif í sundur. Þar voru allskyns niðursuðudósir með tilbúnum réttum, en mér leist ekkert á þetta og gaf vinum mínum. Ég sá fyrir mér „silent treatment“ hjá konunni ef ég hefði dregið þetta heim.“

Valtýr segir mikinn áhuga á ruslinu. „Við erum rekandi fólk í burtu allan daginn og það eru sko engir fátæklingar á horriminni heldur menn á nýlegum Land Cruiser jeppum. Þegar við lokum kl. 18 koma jakkafatamennirnir og klifra yfir girðingarnar til að róta í ruslinu. Þetta er eiginlega stórt vandamál því við erum ábyrgir fyrir svæðinu. Þarna eru bílastæður sem menn eru að klifra í og hver veit hvaða ógeð leynist þarna. Við settum meira að segja upp skilti og báðum fólk vinsamlegast að hætta að sniglast þarna, en það gekk nú ekki betur en svo að daginn eftir var búið að kúka í kaffibollana okkar.“

gunnarh@frettabladid.is



**VALTÝR MEÐ HLUTA GÓSSINS** Hefur ekki undan að reka í burtu jakkafatamenn sem vilja komast í draslið. FRETTABLAÐIÐ/HÖRÐUR





ENNEMM / SIA / NM23357

Heimsferðir bjóða fimmta árið í röð beint flug til hinnar einstöku borgar Budapest. Október er frábær tími til að heimsækja borgina en þá iðar hún af lífi og menningalífið er í hvað mestum blóma. Fararstjórar Heimsferða gjörþekkja borgina og kynna þér sögu hennar og heillandi menningu. Góð hótel í hjarta borgarinnar auk frábærra veitinga- og skemmtistaða.

**Frá 19.990 kr.** Flugsæti báðar leiðir með sköttum, m.v. 2 fyrir 1 tilboð 10.-13. okt.. Netverð á mann.

**Frá 37.900 kr.** Netverð á mann, m.v. 2 í herbergi í 3 nætur á Hotel Tulip Inn með morgunmat, 10., 17. eða 24. október.

Ferðaskrifstofa Leyfishafi Ferðamálastofu

Heimsferðir

Skógarhlíð 18 • Sími 595 1000 • www.heimsferdir.is


# Hollur íslenskur bjór á leiðinni

Nýr íslenskur bjór er væntanlegur í búðir ÁTVR í byrjun október. Hann heitir Kaldi og er lagaður í nýju brugghúsi Bruggsmiðjunnar á Árskógssandi. Agnes Sigurðardóttir og eiginmaður hennar, Ólafur Ólafsson, eru eigendur Bruggsmiðjunnar og hún segir að hugmyndin hafi kveiknað fyrir þrem árum þegar hún sá frétt um smábrugghús, svokölluð Micro-Brewery, í sjónvarpinu.

„Maðurinn minn hafði slasast í hné á sjónum og við vorum að leita að einhverju sem við gætum gert í staðinn. Við erum mikið dreifbýlisfólk í okkur og við vildum helst ekki flytja. Mér fannst þetta upplögð hugmynd og viku síðar vorum við komin til Danmerkur til að kynna okkur málið. Tveim mánuðum síðar vorum við svo í Tékklandi og gerðum tilboð í tæki.“ Frá Tékklandi fengu þau ekki bara tæki heldur bruggmeistarann líka. Hann heitir David Masa og þykir með þeim efnilegustu í bruggbransanum.

Kaldi er með 5% alkóhólmagn, gerður úr tékknesku hráefni en vatnið er úr lind í Sólarfjalli í Eyjafirði. Bjórinn er án allra aukaefna og sykurs og er ekki gerilsneyddur, sem Agnes segir að geri gæfumuninn. „Manneldisráð Evrópu hefur gefið út að það geti beinlínis verið hollt að drekka einn lítra af ógerilsneyddum bjór á dag. Kaldi er ferskvara með fjögurra mánaða líftíma í stað eins árs sem aðrar íslenskar tegundir eru með. Svo verður þetta eini íslenski bjórinn í brúnum glerflöskum, sem Tékkarnir segja að fari mun betur með bjórinn en grænar flöskur.“

Agnes vonar að Kaldi festi sig í sessi og miklar vonir eru bundnar við bjórinn því þeim hefur verið boðið á heimssýningu framleiðanda í Þýskalandi í nóvember. „Við erum ekki fólk sem hefur tekið svona skyndiákvarðanir áður og hvorki verið með laxeldi né refarækt. Við tókum bara sénsinn og lögðum allt í sölurnar. Þetta hefur verið erfitt og við höfum oft rekist á hindranir. En nú þegar hillir undir að fyrsta lögunin verði tilbúin getum við ekki annað en verið bjartsýn.“ - gh



**FRÁ BRUGGSMIÐJUNNI Á ÁRSKÓGSSTRÖND** David Masa og Agnes Sigurðardóttir bíða spennt eftir fyrstu löguninni.




**KALDI LAGER BJÓR** Svona lítur flöskumiðinn út.

# Arctic Trucks jeppamiðstöð

# Opnum á næstu dögum sérhæfða jeppasölu

**Erum að skrá bíla**



06-0034 KC

ARCTIC TRUCKS®

*Kletthálsi 3 | 110 Reykjavík | Sími 540 4900 | arctictrucks.is*

*Arctic Trucks jeppamiðstöð er þjónustufyrirtæki og vinnur að lausnum fyrir fólk sem hefur áhuga á jeppum og ferðalögum. Hér er flest það sem jeppaeigandinn þarf á að halda: Dekkja- og smurþjónusta, ástandsskoðun, jeppabreytingar, jeppasala, fagleg þjónusta og ráðgjöf.*

## Svona erum við

> Meðalatvinnutekjur í milljónum króna árið 2005




Heimild: Hagstofa Íslands

**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

**FBL-GREINING:** LEYNIFANGELSI CIA

# *Vekur spurningar um mannréttindi*

George W. Bush viðurkenndi nýlega tilvist sérstakra leynifangelsa bandarísku leyniþjónustunnar og sagði um leið að þeim hefði verið lokað og fangarnir sendir til Guantanamo-herstöðvarinnar á Kúbu. Vangaveltur hafa verið uppi um hvað forsetanum gangi til með yfirlýsingunni og hverju hún breyti.

**Hvers vegna segir forsetinn frá þessu núna?**
Það eru fimm ár síðan ráðist var á Tvíburaturnana, eins og minnst var um öll Bandaríkin í gær. Stjórnvöld í Bandaríkjunum hafa verið gagnrýnd fyrir að enn hafi enginn verið sóttur til saka fyrir fjöldamorðið. Ætla má að þau hafi viljað bregðast við því fyrir minningarathöfnina. Einnig segir forsetinn að nú sé lag vegna þess að leyniþjónustan hafi lokið við að yfirheyra þá fjórtán fanga sem í fangelsunum voru.

**Hvers vegna hafa leynifangelsin verið svo umdeild?**
Eftir að upplýsingum um fangelsin var lekið í fjölmiðla gagnrýndu mannréttindasamtök Bandaríkjastjórn harðlega vegna þeirra. Gagnrýnin fólst í að fangelsin væru utan laga og réttar og að samtök eins og Rauði krossinn hefðu ekki aðgang að þeim.



**Hvað gerist næst?**
Fangarnir fjórtán eru nú þegar komnir til Guantanamo. Þar hyggst Bandaríkjaforseti láta herrétt dæma í máli þeirra, en til þess þarf að samþykkja ný lög og vill forsetinn að þau verði sett fyrir þingkosningar í nóvember. Jafnvel samflokksmenn hans hafa látið efasemdir í ljósi um þær fyrirætlanir. Enn um sinn verður unnið eftir CIA-áætluninni um leynifangelsi, þótt enginn sitji inni um þessar mundir, svo vitað sé.

**SPURT & SVARAÐ**
**BYGGINGARMARKAÐI STJÓRNAÐ AF ERLENDU VINNUAFLI**

## *Allt í skoðun*

Þorbjörn Guðmundsson, framkvæmdastjóri Samiðnar, segir íslenska byggingaverkamenn þreytta á nýjum vinnutíma í iðninni. Hann hafi skapast vegna verbúðarhugsunarháttar erlendra starfsmanna sem oft vilja vinna í þriggja mánaða lotum og fá svo tveggja og þriggja vikna frí inni á milli á meðan Íslendingar fái þau ekki.



ÞORBJÖRN GUÐMUNDSSON

**Hvaða aðgerða er að vænta vegna þessa?** „Það er verið að fara yfir allan þennan feril, það er skráningar, eftirlit og eftirfylgni með erlendum starfsmönnum og vonast er eftir úrbótum á þessum málum á næstunni.“

**Þykir þér óeðlilegt að íslensk fyrirtæki leiti til erlendra verkamanna?** „Við lítum svo á að þegar skortur er á vinnuafli sé eðlilegt að atvinnurekendur leiti til þeirra en sömuleiðis teljum við eðlilegt að þeir dragi úr eftirspurninni þegar samdráttur verður.

# Ofbeldi í skjóli veggja heimilisins

**Heimilisofbeldi er samfélagslegt mein. Aðeins lítill hluti mála sem skila sér inn á borð lögreglu er tekinn til ákærumeðferðar. Af tæplega 300 málum sem komið hafa inn á borð lögreglu það sem af er ári hafa um þrjú þeirra verið tekin til ákærumeðferðar.**

Sú staðreynd, að tæplega eitt prósent heimilisofbeldismála sem komið hafa inn á borð lögreglu það sem af er ári hafa verið tekin til ákærumeðferðar, beinir kastljósinu að þeim samfélagslega vanda sem heimilisofbeldi er. Og því miður er það svo að aðeins lítið brot ofbeldis sem á sér stað innan veggja heimilisins kemur til kasta lögreglu, samkvæmt rannsóknum sem gerðar hafa verið á lífsmynstri þolenda og geranda heimilisofbeldis.

**Heimilisofbeldi – margvísleg alvarleg brot**
Hugtakið heimilisofbeldi, í sinni víðustu og raunverulegustu mynd, má segja að sé notað til þess að lýsa því þegar fjölskyldumeðlimur gerist sekur um að kúga þolanda, með líkamlegu eða andlegu ofbeldi, í skjóli friðhelgi heimilisins og tilfinningalegrar, félagslegrar og jafnvel fjárhagslegrar bindingar. Vegna þess hversu ofbeldið er margþætt geta afleiðingar þess haft langvarandi áhrif á þolanda og hans nánustu. Heimilisofbeldi er í þessum skilningi mannréttindabrot af verstu sort og líkamstjón sem af því hlýst er aðeins lítill hluti af djúpstæðri niðurlægingu sem brýtur niður sjálfsmynd þolenda.

**Erfitt að taka á vandanum**
Niðurbrotin sjálfsmynd þolenda heimilisofbeldis er til þess fallin að draga úr kjarki þeirra til að leita sér hjálpar vegna ofbeldisins. Á þeirri forsendu er talið að aðeins lítill hluti brotanna rati inn á borð yfirvalda, sem síðan bíður það erfiða verkefni að taka á vandanum með þeim hætti að uppræta hann varanlega.

Fagfólk, sem hefur verið til viðtals í Fréttablaðinu undanfarna daga, er á einu máli um að núverandi nálgunarbannslöggjöf sé óskilvirkt hjálpartæki í baráttunni við heimilisofbeldi. Þannig lét Bjarnþór Aðalsteinsson, lögreglufulltrúi í ofbeldisbrotadeild lögreglunnar í Reykjavík, þá skoðun sína í ljós að „brýnt væri að breyta löggjöfinni á þann veg að lögreglan geti sett á nálgunarbann með skömmum fyrirvara“, svo að hægt sé að bregðast við aðstæðum á heimili þolenda með þeim hætti að skilja ofbeldismanninn frá þolandanum fljótt og vel.

**Hin austurríska leið**
Nágrannalönd Íslands, Danmörk, Noregur og Svíþjóð, hafa tekið upp hina svokölluðu austurrísku leið sem fyrst var kynnt innan Norðurlandanna á ráðstefnu Stígamóta árið 2001, en hún á, eins og nafnið gefur til kynna, rætur að rekja í austurrískri löggjöf. Í henni felst öðru fremur að lögreglan fái til þess vald að fjarlægja ofbeldismenn af heimili sínu svo að þolandinn geti losnað undan kúgun og ofbeldisverkum með skilvirkum hætti. Innan tveggja til þriggja daga kveður síðan dómari upp úr um það hvernig framhald málsins verður en þolandinn fær, um leið og nálgunarbann er lagt á ofbeldismanninn, ráðgjöf og meðhöndlun sem hjálpar honum að ná jafnvægi að nýju.

Leiðin byggir því á atriði, sem talist getur til grundvallarmannréttinda, að þolandinn þurfi ekki að flýja ofbeldismanninn út af heimili sínu heldur geti litið á heimili sitt sem traust skjól fyrir sig og sína. Kjarninn í inntaki austurrísku leiðarinnar er því sá, að ofbeldið verði fært út af heimilinu en ekki fórnarlömb þess.

Þetta er áhrifarík leið en um hana hefur ekki náðst sátt á Alþingi. Kolbrún Halldórsdóttir, þingkona Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs, hefur í þrígang flutt frumvarp sem felur í sér upptöku austurrísku leiðarinnar en það hefur ekki verið samþykkt.

**Reynsla af lagabreytingum verður skoðuð**
Reynsla af lagabreytingum, og nýjum verklagsreglum lögreglu vegna heimilisofbeldismála, verður að sögn Björns Bjarnasonar dómsmálaráðherra skoðuð sérstaklega og það síðan metið hvort nauðsynlegt er að breyta lögum til þess að geta tekið heimilisofbeldi fastari tökum.

Björn mælti fyrir lagabreytingum á síðasta þingvetri sem fólu í sér að lögfest yrði sérstök refsiþyngingarástæða í lög „þegar náin tengsl gerenda og brotaþola þykja hafa aukið grófleika verknaðar, það er þegar um heimilisofbeldi er að ræða,“ eins og Björn komst að orði þegar hann mælti fyrir frumvarpi sínu.

Í viðtali við Fréttablaðið hefur Ágúst Ólafur Ágústsson, þingmaður Samfylkingarinnar, lýst því yfir að nauðsynlegt sé að hafa sérákvæði í lögum sem tekur til heimilisofbeldis en slíkt ákvæði hefur verið fært inn í sænsk lög. Þessi leið var rædd sérstaklega innan refsiréttarnefndar, sem Róbert Ragnar Spanó veitti formennsku, en hún komst að því að ekki væri nauðsynlegt að setja inn sérstakt ákvæði í lög sem tæki til heimilisofbeldis, heldur ætti núverandi löggjöf að taka með nægilegum hætti til þeirra brota sem talist geta til heimilisofbeldis.

Komum fórnarlamba heimilisofbeldis í Kvennaathvarfið hefur jafnt og þétt fjölgað frá árinu 1997. Þó að rekja megi fjölgunina að miklu leyti til aukins krafts í starfi athvarfsins, og ýmissa samtaka sem starfa að umönnun fórnarlamba heimilisofbeldis, þá gefur fjöldi heimsókna vísbendingu um að alltaf sé hægt að gera betur í baráttunni gegn ofbeldi í skjóli veggja heimilisins.



**OFBELDI** Vandkvæðum er bundið að uppræta heimilisofbeldi vegna eðli brotsins. Lítill hluti þess kemur inn á borð lögreglu en töluverð vinna hefur farið fram á vegum dómsmálaráðuneytisins við að finna lagalegar lausnir á því hvernig best er að taka á heimilisofbeldinu. FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

**KOMUR Í KVENNAATHVARFIÐ**

| | |
|---|---|
| 1997 | 395 |
| 1998 | 400 |
| 1999 | 298 |
| 2000 | 347 |
| 2001 | 503 |
| 2002 | 435 |
| 2003 | 388 |
| 2004 | 531 |
| 2005 | 557 |

**HEIMILISOFBELDISMÁL HJÁ LÖGREGLU**

| | |
|---|---|
| Afgreidd sem verkefni | 17% |
| Enn til afgreiðslu | 57% |
| Rannsókn hefur verið hætt | 20% |
| Eru til rannsóknar | 5% |
| Tekið til ákærumeðferðar | 1% |
| **Landshlutaskipting** | |
| Á höfuðborgarsvæðinu | 67% |
| Á Suðurlandi | 14% |
| Á Norðurlandi | 9% |
| Á Vestfj., Vestur- og Austurlandi | 5% |

**ÁSTÆÐA KOMU Í KVENNAATHVARFIÐ**

| | |
|---|---|
| **Stuðningur** | |
| 2003 | 75% |
| 2004 | 82% |
| 2005 | 70% |
| **Andlegt ofbeldi** | |
| 2003 | 78% |
| 2004 | 84% |
| 2005 | 87% |
| **Líkamlegt ofbeldi** | |
| 2003 | 40% |
| 2004 | 43% |
| 2005 | 47% |
| **Ofsóknir** | |
| 2003 | 34% |
| 2004 | 36% |
| 2005 | 42% |
| **Kynferðislegt ofbeldi** | |
| 2003 | 16% |
| 2004 | 13% |
| 2005 | 20% |



FRÉTTASKÝRING
MAGNÚS HALLDÓRSSON
magnush@frettabladid.is





Kjósum Magna!
Íslendingar, gerum Magna að söngvara Supernova
SMS
Sendu atkvæði þitt, rock 4, í númerið 1918. Síminn, SKJÁREINN og Og Vodafone taka höndum saman og lækka verðið á SMS í 19 kr.
NETIÐ
Farðu á www.rockstar.msn.com og kjóstu eins oft og úthaldið endist - það kostar ekkert.
ROCK STAR Supernova
MAGNAVAKA Í BEINNI ÚTSENDINGU
Atkvæði okkar hafa skilað Magna í fjögurra manna úrslit og nú er komið að stóru stundinni. Gerum Magna að söngvara Supernova.
Kl. 23.35 Rock Star raunveruleikaþátturinn
Kl. 00.00 Kosningavaka í beinni útsendingu með Guðrúnu og Felix
Kl. 01.00 Rock Star tónleikarnir
Kl. 01.50 Framhald af kosningavökunni
SKJÁREINN næst í gegnum Skjáinn og Digital Ísland
ENNEMM / SÍA / NM23346

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Héraðsdómur Reykjavíkur kýs að nota ekki þjónustu Barnahúss.

## Reykvísk börn gjalda

STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR SKRIFAR

Í Barnahúsi er sinnt málefnum barna sem grunur leikur á að hafi sætt kynferðislegri áreitni eða ofbeldi. Húsið hefur starfað frá árinu 1998 og þar hefur orðið til mikil sérþekking enda hafa í húsinu verið teknar skýrslur af 1.200 börnum frá upphafi.

Í síðustu viku hlaut Barnahús viðurkenningu alþjóðlegu samtakanna ISPCAN en þau samtök hafa að markmiði að vinna gegn hvers konar ofbeldi og vanrækslu á börnum um heim allan. Viðurkenningin er enn ein rós í hnappagat Barnahússins sem áður hefur meðal annars fengið viðurkenningu Evrópusamtaka Save the Children, auk ýmissa innlendra viðurkenninga fyrir starfsemi sína.

Mesta viðurkenning Barnahússins í Reykjavík er þó fólgin í að vera fyrirmynd sambærilegra húsa sem komið er á fót víða um Evrópu. Í Svíþjóð starfa nú sex barnahús að fyrirmynd Barnahúss á Íslandi og allt stefnir í að uppbyggingarstarf haldi þar áfram. Lagt hefur verið til að hafin verði starfsemi barnahúss í Noregi og undirbúningur að stofnun slíkra húsa stendur yfir í Danmörku, Póllandi og Litháen. Að auki hefur hingað til lands komið talsverður hópur fólks til að læra af starfsmönnum Barnahúss, meðal annars að taka skýrslur af börnum. Óhætt er því að fullyrða að í Barnahúsi hefur verið staðið fyrir miklum útflutningi á þekkingu.

Það er því sárt til þess að vita að meira en helmingur þeirra barna sem koma til skýrslutöku vegna gruns um að kynferðislegt ofbeldi hafi átt sér stað fær ekki að njóta þeirrar þjónustu sem Barnahús býður. Ástæðan er sú að stærsti héraðsdómstóll landsins, Héraðsdómur Reykjavíkur, hefur valið að notfæra sér ekki þjónustu Barnahúss og byggir ákvörðunin á lagabreytingu frá árinu 1999 sem gerði frumskýrslutöku af barni að sérstakri dómathöfn. Rökin eru aukin skilvirkni og góður árangur og aðstaða til skýrslutöku í Héraðsdómi Reykjavíkur.

Ókostirnir við þetta fyrirkomulag eru ýmsir. Meðal annars að barnið fær ekki þjónustu reyndustu sérfræðinga landsins í skýrslutöku af börnum. Alvarlegastur er þó kannski réttur sakbornings, eða verjanda hans, til að vera viðstaddur skýrslutökuna, þótt bak við gler sé. Sá réttur gefur honum tækifæri til að undirbúa framburð sinn þegar kemur að yfirheyrslum yfir honum, auk þess sem hann hefur svigrúm til að eyða sönnunargögnum en slík dæmi hafa átt sér stað.

Á tíu árum hafa kynferðisbrotamál gegn börnum sem til rannsóknar koma liðlega tvöfaldast. Þrátt fyrir þetta hefur ákærum í slíkum málum ekki fjölgað og segir það sína sögu um lyktir þessara mála.

Ljóst er að hagsmunir barna eru ekki hafðir að leiðarljósi þegar forráðamenn Héraðsdóms Reykjavíkur taka þá ákvörðun að nýta ekki Barnahús við skýrslutöku á börnum sem grunur liggur á að orðið hafi fyrir kynferðislegu ofbeldi eða áreitni. Þar eru aðrir hagsmunir að leiðarljósi og vandséð að eðlilegt sé að þeir geti vegið þyngra en hagsmunir barnsins. Auk þess verður ekki annað séð en að sniðganga Héraðsdóms Reykjavíkur á þjónustu Barnahúss brjóti í bága við Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem kveður á um að hagsmunir barna skuli ævinlega hafðir í fyrirrúmi.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365

**RITSTJÓRAR:** Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Sigríður Björg Tómasdóttir og Trausti Hafliðason **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Björgvin Guðmundsson

Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

issn 1670-3871

BANTHAI
Laugavegi 130

**Það vantar:**

**Starfsfólk í sal. - Kvöldvinna**

**Kokk - Dag- og kvöldvinna**

**Starfsmann í útkeyrslu á eiginn bíl**

**Góð Laun í boði**

**Banthai**

**Uppl. 896 3536**

## FRÁ DEGI TIL DAGS

**Án tölvunnar**

Davíð Oddsson seðlabankastjóri opnar skrifstofu sína fyrir blaðamanni í nýjasta tölublaði Veggfóðurs. Þar er hann spurður hvers hann geti síst verið án á skrifstofunni. „Ætli það sé nú ekki síminn, það er hann sem tengir mann við umheiminn og við aðra. En ég er lélegur tölvumaður þannig að ég get alveg verið án hennar. Ég hef haft svo góða þjónustu í gegnum tíðina að ég hef aldrei þurft að læra til fulls á hana. Ég hef sömu aðferðir og Kjarval, en Kjarval sagði að síminn ætti að vera þannig að það væri bara hægt að hringja úr honum. Þeir tölvupóstar sem talið er að ég eigi að fá, þurfa að fara í gegnum kerfið hérna og ég fæ þá útprentaða á pappír," svarar Davíð.



**Fullir gámar**

Seðlabankastjórar þurfa auðvitað að hafa góða tilfinningu fyrir því hvert hagkerfið stefnir svo hægt sé að bregðast við samdrætti eða þenslu í tíma. Sumir segja að besta vísbendingin um það fáist með því að fylgjast með inn- og útflutningi. Þetta veit Davíð Oddsson enda seðlabankastjóri með gott útsýni yfir siglingaleiðir til og frá Sundahöfn. „Hér get ég staðið og fylgst með viðskiptahallanum sigla inn og út. Skipin koma með drekkhlaðna gáma inn og svo fara þeir tómir út," segir hann í Veggfóðri. Á fimmtudag er vaxtaákvörðunardagur Seðlabankans. Kannski sú ákvörðun dragi dám af þessari tilfinningu bankastjórans?

**Áfangaskil Indriða**

Indriði H. Þorláksson lætur af embætti ríkisskattstjóra í lok september. Þó að Indriði hafi beitt sér fyrir nokkrum breytingum telur hann ákveðið verk óunnið. „Efla þarf starfsemi skattyfirvalda, ekki síst skatteftirlit. Hafa þarf í huga að virkt skatteftirlit eykur ekki bara skatttekjur umfram aukinn tilkostnað heldur er það hornsteinn þess að viðhalda jafnræði þegnanna gagnvart skattalögum, og forsenda þess að þeir beri virðingu fyrir starfsemi skattyfirvalda," segir hann í sínum síðasta leiðara í Tíund, málgagni skattyfirvalda.



bjorgvin@frettabladid.is

# Um gönguferð og virkjanaáætlanir



VALGERÐUR BJARNADÓTTIR

**Í DAG** | Virkjanir

*Fólk á rétt á því að vita hvaða leið á að fara til að komast ekki að því á miðri leið að það hefði kosið aðra, eins og henti okkur hjónakorn í Alfama forðum.*

Í Lissabon er gamalt hverfi sem ber merki þess að það var fyrir langa löngu byggt af fólki af norður- afrískum uppruna. Nafn hverfisins, Alfama, er arabískt og mun þýða brunnur. Hverfið er í hlíðum hæðar og þar efst trónir kastali einn mikill, græni Michelin gefur útsýninu þaðan þrjár stjörnur. Hafandi verið ekið upp að kastalanum, skoðað hann og dáðst að útsýninu ákváðum við hjónakorn að fá okkur göngutúr niður hæðina.

Við lögðum af stað glöð í sinni og dáðumst að þröngum götum sem voru þó frekar stígar en götur og sums staðar var hentugra að fara niður tröppur í þröngum sundum en að fylgja götunni. Þarna sat fólk á bekkjum, karlar og konur, allt hið vinalegasta fólk og við alhress með að hafa valið þessa leið aftur í bæinn. Eins og sönnum fróðleiksfúsum ferðamönnum sæmir höfðum við meðferðis bók sem sagði frá staðháttum.

Þegar við vorum komin aðeins á leið var gluggað í bókina til að fræðast um þetta skemmtilega hverfi. Hvenær varð það til og hverjir bjuggu þar? Þá kárnaði hins vegar gamanið. Fólki var eindregið ráðlagt að vera ekki á gangi í þessum hluta hverfisins því þar hefðust við hinir verstu glæpamenn og hyski, sem rændu og rupluðu og gengju jafnvel endanlega frá saklausum vegfarendum. Það er skemmst frá því að segja að ásýnd góðlega fólksins sem við höfðum séð sitjandi á bekkjum breyttist samstundis í illmenni sem sætu þarna fyrir okkur. Þeir sem sáu til okkar síðasta spölinn niður hæðina hafa frekar haldið að við værum að æfa einhverja tegund hraðgöngu en að við værum í huggulegum göngutúr og skoðunarferð.

Það eru einhver ár síðan þessi ganga var farin. Hún rifjaðist upp fyrir mér því líkt og ég varð þá óttaslegnari eftir því sem ég fræddist meira um gönguleiðina, þá verð ég nú meira hugsi og óttaslegnari eftir því sem ég fræðist meira um virkjanaframkvæmdirnar fyrir austan og fyrirætlanir um vatns- og gufuaflsvirkjanir. Ég gerði mér grein fyrir að virkjunin fyrir austan yrði stór, en fyrr má nú fyrr vera. Ég gerði mér grein fyrir að ýmis virkjanaáform eru á borðinu, en fyrr má nú fyrr vera.

Gamall yfirmaður minn sagði einu sinni við mig að tölulegar upplýsingar hefðu lítið gildi nema þær væru bornar saman við eitthvað. Það sama er uppi á teningnum með lýsingar á framkvæmdunum fyrir austan. Nú heyrast loks lýsingar sem skiljast: lónið sem verður til þarna fyrir austan verður jafn stórt Hvalfirðinum, hæðarmunur á vatnsborðinu þegar mest er í lóninu og minnst í því verður á bilinu 50-70 metrar, til samanburðar er turninn á Hallgrímskirkju 73 metrar, stíflan sem verið er að steypa verður hæsta stífla í heimi, hvorki meira né minna.

Á netinu er að finna yfirlit um orkulindir sem rammaáætlun um virkjanir á landinu mun ná til. Í formála segir að listinn sé ekki endanlegur og að í fyrsta áfanga verði athyglinni einkum beint að jökulám og háhita nærri byggð, „auk Torfajökulsvæðis vegna skipulags að Fjallabaki". Á að skipuleggja svæðið að Fjallabaki? Á að leiða rör um Torfajökulsvæðið eins og þau sem nú má augum líta á Hellisheiði ?

Í yfirlitinu um vatnsaflsvirkjanir í 1. áfanga rammaáætlunar eru 28 staðir taldir upp. Þar af eru sjö á Þjórsársvæði, þar á meðal Urriðafoss, og fimm undir Hvítá í Árnessýslu, þar með talið Tungufljót við Faxa. Eftir listanum að dæma er verkhönnun í gangi í Blönduveitu 2 og við Villinganesvirkjun í Skagafirði. Við allar þessar vatnsfallsvirkjanir bætist listi af sautján jarðhitavirkjunum og rannsóknarboranir eru í gangi á þrettán þessara staða. Mér er sagt að tíu þúsund rannsóknarholur hafi verið boraðar, mér hefði fundist þúsund há tala. Hvað ætli sé margt fólk í vinnu við að rannsaka þetta allt saman og búa til skýrslur? Það er skylda stjórnmálaflokka að upplýsa kjósendur rækilega um hver stefnan er, hvað á að virkja, hverjum á að selja orku og á hvaða verði. Fólk á rétt á því að vita hvaða leið á að fara til að komast ekki að því á miðri leið að það hefði kosið aðra, eins og henti okkur hjónakorn í Alfama forðum.

Auk þess legg ég til að eftirlaunaósóminn verði afnuminn með lögum.

# Tveir milljarðar í forvarnir

**UMRÆÐAN**

Fíkniefnavandi ungmenna



KARL V. MATTHÍASSON

Hvað getum við gert þegar við heyrum að ellefu ára gamalt barn er tekið með fíkniefni í fórum sínum og upplýsir að það geti orðið sér úti um meira? Við skulum vona að þetta barn komist vel frá þessu og eignist gott líf. Þegar við heyrum slíkar fréttir hljótum við að líta aðeins upp og velta því fyrir okkur hvað hægt sé að gera til koma í veg fyrir það að unglingar og jafnvel börn fari í fíkniefnaneyslu.

Þróun síðustu ára hefur verið skelfileg og vörur fíkniefnamarkaðarins hafa aukist og margfaldast. Í fíkniefnaheiminum gilda lögmál markaðarins alveg eins og á mörkuðum annarra söluvara. Þegar framboðið er mikið og lagerar fíkniefnasalanna fullir verða þeir að grípa til ráðstafana svo þeir geti losnað við vöru sína, fljótt og öruggleg a.

Fíkniefnasalarnir reyna að afla sér nýrra viðskiptavina og stækka markaðinn. Hvar eru nýir viðskiptavinir spyrja þeir og svarið er: Hjá börnum og unglingum. Þegar unglingar og jafnvel börn halda partý getur hætta verið á ferðum.

Við verðum að auka forvarnirnar og útvíka þær. Hvaða fræðslu fá börn og unglingar um eiturverkanir alkóhóls og fíkniefna á líkama mannsins? - Hvernig virkar kannabis á heilann? Hvernig virkar kókaín og amfetamín á sálarlífið? Og svona mætti lengi telja. En það eru ekki bara skólarnir – hér gætu íþróttafélögin líka gegnt auknu hlutverki og hvers kyns æskulýðsfélög. Við verðum að verja mun hærri fjárhæðum í fræðsluna.

Þeim fjármunum sem notaðir eru til þess að hjálpa fólki sem hefur lent í klóm víns og eiturlyfja er vel varið. Hér má spyrja: Hvar eru þeir sem verst eru farnir af samskiptum sínum við alkóhólið og hin fíkniefnin? Eru þeir ekki í fangelsunum? Og hvað er gert þar til að koma mönnum út úr fíkniefnaneyslunni? Hver er meðferðin þar? Verður umræðan sem átti sér stað síðustu vikurnar þögnuð innan skamms og kyrrstaðan tekin við á ný?

Það er ljóst við höfum ekki verið viðbúin þeirri flóðbylgju fíkniefna sem skollið hefur hér á okkur. Því hljótum við að gefa út þá yfirlýsingu sem við getum staðið við. Setjum tvo milljarða í þennan málaflokk og fylgjum því eftir með staðfestu. Það mun skila sér margfalt til baka. Ekkert er verðmætara en lífið sjálft.

*Höfundur er prestur. Greinin birtist óstytt undir Skoðun á Vísir.is.*



**LÍÐANIN HEFUR ÁHRIF Á ALLT**
Idol-stjarnan Davíð Smári vill hjálpa þjóðinni að komast í form.
HEILSA 2



**VINNUTENGD STREITA**
Streita er ekki öll slæm, segir Eggert Birgisson, sálfræðingur hjá persona.is
HEILSA 4



## ALLT HITT

**[HEILSA]**

**Ný stundaskrá** er komin fyrir vatnsleikfimi, leikfimi og sundkennslu eldri borgara, að því er fram kemur á vefsíðu Íþrótta- og tómstundaráðs Reykjavíkur, www.itr.is. Sundleikfimi fer fram í Sundhöllinni, Laugardalslaug, Grafarvogslaug, Breiðholtslaug og Vesturbæjarlaug en leikfimi í íþróttahúsi Víkings.



**Loft,** ráðstefna um tóbaksvarnir, verður haldin í Kirkjulundi, Kirkjuvegi 25 í Reykjanesbæ, dagana 14.-15. september 2006. Á ráðstefnunnar verða óbeinar reykingar og reyklausir vinnustaðir tekin til umfjöllunar. Nánari upplýsingar eru á vef ráðstefnunnar: http://www.congress.is/loft2006/

**Útivist** stendur fyrir göngum á fimmtudögum. Þá er farið kl. 18.00 frá bílastæði við austurenda göngubrúarinnar yfir Kringlumýrarbraut í Fossvogi og gengið vestur með Öskjuhlíð, um Nauthólsvík og út í Skerjafjörð. Sama leið er farin til baka en gangan tekur samanlagt rúma klukkustund. Sjá www.utivist.is

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er þriðjudagurinn 12. september, 255. dagur ársins 2006.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 6.41 | 13.24 | 20.05 |
| Akureyri | 6.23 | 13.09 | 19.53 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

Smáauglýsingasími
550 5000
Auglýsingasími Allt
550 5880
Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is



Hjörleifi finnst gaman að fara á fjöll og segir marga staði koma til greina á höfuðborgarsvæðinu og í nágrenninu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Finnur á sér mun

***Hjörleifi Kristinssyni rafmagnstæknifræðingi finnst fjallgöngur tilvaldar til að koma sér í gott form.***

„Fjallgangan er liður í átaki sem ég fór í á þessu ári, en ég hleyp líka og sæki stíft átaksnámskeið fyrir karla hjá Rósu Guðmundsdóttur í World Class,“ segir Hjörleifur, sem finnur á sér mikinn líkamlegan mun eftir að hann byrjaði.

Hjörleifur hefur um nokkurt skeið farið í miðvikudagsgöngutúra með vinnufélögunum hjá Opnum kerfum þar sem gamall skáti og mikill göngugarpur leiðir hópinn.

Hann segir það þó ekki skipta höfuðmáli fyrir hópinn að fara á fjöll, en verði það ofan á hafi Esjan oftar en ekki orðið fyrir valinu enda úr mörgum góðum gönguleiðum að velja á fjallinu. „Flestir sem farið hafa á Esjuna hafa gengið Mógilsá og þekkja þá leið vel,“ segir hann. „Ég vil því hvetja þá og aðra að reyna nýjar leiðir, til dæmis við Esjuberg og Móskarðshnjúka, sem hefur raunverulegan tind.“

Hjörleifur bendir á að fyrir fjallgöngumenn sé mikill kostur að búa á höfuðborgarsvæðinu og nágrenni því ekki þurfi að leita langt yfir skammt til að finna góð fjöll. „Hafnarfell í Hafnarfirði er gott dæmi um það, auk Úlfarsfells,“ segir hann.

Hjörleifur vill að lokum ráða mönnum það heilræði að vera vel útbúnir ætli þeir sér í fjallgöngu, auk þess að hafa varann á. „Máli skiptir að hver fari á sínum hraða,“ segir hann. „Sjálfur hleyp ég stundum Esjuna en gæti þess þá að fara ekki of geyst á niðurleið til að slasa mig ekki.“ *roald@frettabladid.is*

## Vísindamenn undrandi

AUKNING Á SKJALDKIRTILSKRABBAMEINI VELDUR HEILABROTUM.

Vísindamenn velta nú vöngum yfir fjölgum krabbameinstilfella í skjaldkirtli, meðal annars í ljósi þess að dauðsföllum af völdum tiltekinna krabbameinsafbrigða hefur almennt farið fækkandi að undanförnu.

Niðurstöðurnar voru kynntar í sameiginlegri ársskýrslu bandarískra krabbameinsfélaga, en þar kemur fram að tilfellum skjaldkirtilskrabbameins fjölgaði um 2,2 prósent hjá konum á árunum 1981 til 1993, 4,6 prósent á árunum 1993 til 2000 og 9,1 prósent frá 2000-2003. Tilfellum fjölgaði einnig hjá körlum en ekki í sama magni.



Krabbameinsfrumur

Sérfræðingar telja að þessa þróun megi meðal annars rekja til skilvirkari sjúkdómsgreiningar en áður hefur þekkst. Á þessu stigi málsins er þó ekki vitað hvort annar þáttur spili þar einnig inn í.



**Salat í hádeginu** Borðaðu salat í hádeginu þrisvar sinnum í viku og finndu hvernig heilsan tekur kipp. Mundu bara að fara sparlega með salatdressinguna því þær innihalda oft mikla fitu.



Svefn & heilsa
★★★★★
www.svefn.is

Hrein lífræn jógúrt!



Kýrin Kinna er eingöngu fóðruð á grasi

Hreina lífræna jógúrtin frá Biobú er framleidd **án sykurs**.
Aðeins er notaður lífrænn hrásykur í öðrum jógúrt tegundum frá Biobú.
Bio-Bú
Biobu ehf. • Sími: 587 4500 • Netfang: biobu@biobu.is • www.biobu.is

Taekwondo



**Byrjendanámskeið eru að hefjast hjá Taekwondo deild ÍR.**

Fullorðnir:
þriðjud. kl. 19:00
fimmtud. kl. 19:00
laugard. kl 10:30

Börn:
þiðjud. kl. 18:00
fimmtud. kl. 18:00

Æfingar fara fram í ÍR-heimilinu Skógarseli 12
Nánari uppl. í síma 896-1168 og www.irtaekwondo.net

Meira þrek!
Life Fitness – vænstu þess besta



R3.5 Recumbent þrekhjól
■ R1.5 og R3.5; stöðug, sterk og hljóðlát
ARGUS 06-0350
Life Fitness
þrekhjól, hlaupabrautir, þrekþjálfar og æfingastöðvar
allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717
Hagstæð greiðslukjör | Opið 10-18 mán.-fös. | www.hreysti.is



Davíð Smári er að fara af stað með námskeið ásamt Jóhanni Emil íþróttafræðingi, enda hafa þeir miklu að miðla til þeirra sem vilja létta sig og koma sér í form. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

# Líðanin hefur áhrif á allt

***Idol-stjarnan Davíð Smári Harðarson lætur sér ekki nægja að syngja sig inn í hjörtu þjóðarinnar heldur vill hann líka hjálpa henni í form.***

Davíð Smári og félagi hans Jóhann Emil Elíasson hafa auglýst líkamsræktarnámskeið í Sporthúsinu sem eiga að hefjast 18. september og vera milli hálf sjö og hálf átta á morgnana. En hvað kom söngvaranum til að taka þessa stefnu og hvernig verða þessi námskeið?

„Þetta byrjaði allt með því að ég vildi grenna mig. Það tókst svo vel að ég fékk brennandi áhuga á að hjálpa öðrum til þess. Ekki þó þannig að við keyrum fólk út á sex vikum og skiljum það svo eftir heldur kennum við því hvernig það á að taka á. Sumir taka allt of mikið á og brenna út, aðrir allt of lítið og finna ekki fyrir neinum árangri. Við reynum að finna þennan gullna meðalveg. Þetta er námskeið í aðhaldi.“

Sjálfur hefur Davíð Smári losað sig við hvorki meira né minna en 43-45 kíló frá því hann var þyngstur og segir sér líða mun betur nú. „Það er allt langtum auðveldara en áður því ég er miklu orkumeiri en ég var,“ segir hann og er beðinn um dæmi. „Þegar ég segist ætla að hlaupa út í búð þá hleyp ég í alvörunni og skokka með pokana til baka. Meira að segja röddin hefur breyst og úthaldið í söngnum enda er ég búinn að þjálfa kviðvöðvana svo vel að þindin er alveg tvíefld. Mér líður mjög vel og þessi líðan hefur áhrif á allt sem ég geri. Algerlega allt.“

Davíð Smári segir þá félaga ekki ætla að predika yfir fólki heldur vera með því á æfingunum og spjalla. „Jóhann Emil er íþróttafræðingur með fjögurra ára háskólanám að baki og reynslu í að kenna íþróttir auk þess að stunda þær mikið sjálfur. Ég hef reynsluna af að vera langt yfir kjörþyngd og líða illa þess vegna og ég hef reynslu af því að missa öll þessi kíló, þannig að ég hef mannlega þáttinn. Ég náði sjálfur góðum árangri og vil að fleiri njóti þess sama.“ *gun@frettabladid.is*



Keisaraskurður getur reynst varhugaverður. NORDICPHOTOS/AFP

# Keisaraskurður minnkar lífslíkur

***Ef marka má niðurstöður breskrar könnunar eru börn sem tekin eru með keisaraskurði þrisvar sinnum líklegri til að deyja í fyrsta mánuðinum eftir fæðingu en börn fædd með eðlilegum hætti.***

Frá þessu er greint á vef breska ríkisútvarpsins. 5,7 milljónir fæðinga voru skoðaðar og varð niðurstaðan sem áður segir. Ef barn er tekið með keisaraskurði er þrisvar sinnum líklegra að það deyi á fyrsta mánuðinum. Séu samfélagslegir og heilsufarslegir þættir sem hafa áhrif á fæðinguna teknir inn í útreikningana minnkar þessi munur niður í helmingi meiri líkur á dauða.

Rannsakendur telja að þetta sé vegna þess að fæðing hjálpi ungbörnum að búa sig undir lífið utan legsins. Við fæðingu þrýstist vökvi úr lungum barnsins og talið er að einhverjar hormónabreytingar verði í barninu sem stuðla að þroska lungna.

Þess ber þó að geta að ungbarnadauði var sjaldgæfur í rannsókninni og hlutfallsleg hætta var afar lítil. *- tg*

# Öryggi hjúkrunarfræðinga

***Reynsla hjúkrunarfræðinga af öryggi á vinnustað verður til umræðu á fyrirlestri í Eirbergi í dag.***

Aðalbjörg Finnbogadóttir flytur í dag fyrirlestur byggðan á rannsóknum sínum. Yfirheiti fyrirlestrarins er Reynsla hjúkrunarfræðinga af öryggi á vinnustað. Markmið rannsóknar hennar var að varpa ljósi á reynslu hjúkrunarfræðinga af eigin öryggi á vinnustað.

Niðurstöður hennar sýndu að upplifun hjúkrunarfræðinga á eigin öryggi var nátengd öryggi sjúklinganna. Þættir sem efldu öryggi hjúkrunarfræðinganna voru góð mönnun, þ.e. nægilegur fjöldi reyndra og áreiðanlegra samstarfsmanna, hæfilegt vinnuálag, vinnutími og góðar vinnuaðstæður.



Upplifun hjúkrunarfræðinga á eigin öryggi var nátengt öryggi sjúklinga

Fyrirlesturinn hefst klukkan 12.10 í stofu 201 á annarri hæð í Eirbergi, Eiríksgötu 34.

Nánar á www.hi.is

# Aldraðir í meiri hættu

***Eldri borgar eru líklegri til að verða lyfjamistökum að bráð.***

Ný rannsókn sýnir að eldri borgarar eru í meiri hættu en aðrir á að ruglast á lyfjaskömmtum, en það getur haft lífshættulegar afleiðingar í för með sér. Niðurstöðurnar voru kunngerðar á ráðstefnu breska lyfjaeftirlitsins í Manchester.

Við framkvæmd rannsóknarinnar var eftirlit haft með 695 eldri borgurum á aldrinum 78 til 86 ára sem bjuggu á vernduðum heimilum.

Um það bil helmingur þátttakenda tók að meðaltali inn fimm ólíkar lyfjategundir á degi hverjum. Einn af hverjum fimm tók síðan inn minnst tólf mismunandi lyf og fjórtán prósent þeirra neyttu lyfja sem líkleg eru til að valda einhvers konar eituráhrifum. Líklegra er að slíkur lyfjafjöldi valdi ruglingi og skapi því hættu.

Einnig kom í ljós að tíðar breytingar á lyfjaskömmtum eldri borgara eru líklegar til að auka hættuna á mistökum og óhöppum. Einn af hverjum tíu þátttakendum tilkynnti að lyfjaskammtar sínir hefðu breyst að minnsta kosti fjórum sinnum á tólf mánuðum.

Talið er að í það minnsta eitt til tvö prósent innlagna megi rekja til lyfjamistaka af einhverju tagi, þar sem aldraðir koma oft við sögu. Er nú stefnt að því grípa til viðeigandi ráðstafana til að sporna við þessari þróun. Frá þessu er greint á vefsíðu BBC, www.bbc.co.uk.



Aldraðir eiga á hættu að ruglast á lyfjaskömmtum. GETTY IMAGES

*Leiðrétting:*

# Legháls en ekki háls

Í nýlegri grein blaðsins um breska rannsókn á bólusetningu gegn krabbameini urðu leið mistök við þýðingu.

Í greininni segir að rannsóknin hafi bent til þess að dauðsföllum úr ákveðinni tegund krabbameins mundi fækka um 75 prósent ef allar tólf ára stúlkur fengju bólefni gegn því. Við þýðingu gekk blaðamaður út frá því að um krabbamein í hálsi væri að ræða en hið rétta er að rannsóknin náði til krabbameins í leghálsi, sem skýrir af hverju stúlkubörn áttu ein að vera bólusett.

Beðist er velvirðingar á mistökunum.



Niðurstöður breskrar rannsóknar mælir með því að stúlkubörn séu bólusett gegn krabbameini í leghálsi, en ekki hálsi eins og sagt var frá fyrir skömmu.



Tepokar virka til að viðhalda frísklegu útliti.

# Pokana burt!

***Tepokar gætu virkað vel á pokana og er þá ekki átt við Prada-pokana heldur þessa leiðinlegu undir augunum.***

Fyrir þá sem hafa tilhneigingu til þess að vera með poka undir augunum getur verið gott að nota næringu kringum augun sem hefur fyrirbyggjandi áhrif og dregur úr þeim.

Í kringum tuttugu ára aldur er talið óhætt að fara að nota augnkrem. Til þess að losa sig við bauga er einnig gott húsráð að bleyta tepoka, setja í ísskáp og kæla hann í smástund og setja loks á augun. Þetta kemur fram á heimasíðu Lyfju, www.lyfja.is.










Heilsuvöru-
markaður
Opið virka daga kl. 10–20
laugardaga kl. 10–17
maður lifandi
Borgartúni 24 og Hæðasmára 6

Næstu námskeið og fyrirlestrar
**12. sept. Þarmaflóran og heilbrigði**
kl 17:30 – 19:00 Helgi Valdimarsson læknir
**19. sept. Ayurveda**
kl 17:30 – 19:00 Sigurlín Guðjónsdóttir
**20. sept. Þú ert það sem þú hugsar. . .**
kl 17:30 – 19:00 Guðjón Bergmann
**27. sept. Heilsukostur – Matreiðslunámskeið**
kl 18:00 – 21:00
**28. sept. Candida sýking í líkamanum**
kl 17:30 – 19:00 Hallgrímur Magnússon læknir




„Ég hef hafið störf á nýjum stað og vil bjóða viðskiptavini, jafnt nýja sem gamla, hjartanlega velkomna."
Snæbjörn H. Blöndal
Heyrnarsérfræðingur
HEYRNARSTÖÐIN
Læknastöðin Uppsölum • Kringlunni 4-12 • Sími 568 6811
www.heyrnarstodin.is













allt matur
Alla föstudaga




## Persona.is

EGGERT S. BIRGISSON, SÁLFRÆÐINGUR SKRIFAR

# Vinnutengd streita

Streita er eðlilegt viðbragð manneskju við atburðum sem hún skynjar sem hættulega eða ógnandi á einhvern hátt. Streituviðbragðið gerir fólki kleift að laga sig að nýjum aðstæðum og bregðast hratt við ef þörf er á og er því í raun lífsnauðsynlegt. Streita er því ekki öll slæm streita. Það er til dæmis gott að vera hæfilega stressaður ef maður þarf að skila af sér mikilvægu verkefni í vinnunni. Það verður til þess að maður einbeitir sér frekar að verkefninu og lætur ekki trufla sig þar til því er lokið. Það er ekki gott að vera of afslappaður eða áhyggjulaus því þá kemur maður hugsanlega engu í verk. Á hinn bóginn er heldur ekki gott að vera of stressaður því þá er hætta á að fólki verði lítið úr verki.

Helstu lífeðlislegu einkennin sem streita hefur í för með sér eru aukið magn streituhormóna, hraðari hjartsláttur og aukin vöðvaspenna. Streita hefur líka áhrif á hugarfarið og getur gert fólk fjandsamlegt öðrum. Svo lengi sem þessi streitueinkenni eru ekki viðvarandi en ganga hratt yfir eru þau skaðlaus en þegar þau vara í langan tíma geta þau haft neikvæð áhrif á heilsu manna. Langvarandi streita getur orsakað hjartasjúkdóma, háan blóðþrýsting, meltingartruflanir, langvarandi þreytu, höfuðverki, bakverki, svefnleysi, pirring og einbeitingarleysi svo nokkur dæmi séu nefnd.

Helsta ástæðan fyrir því að streita verður viðvarandi er að það er eitthvað í nánasta umhverfi fólks sem truflar og því finnst að ætti að vera öðruvísi. Þetta geta til dæmis verið veikindi í fjölskyldu, mikið vinnuálag eða óöruggt umhverfi.

Vinnutengda streitu er hægt að skilgreina sem samsafn aðstæðna í vinnu sem valda flestum streitu, til dæmis of mörg verkefni miðað við þann tíma sem er til umráða ásamt vaxandi gagnrýni eða óþolinmæði frá yfirmönnum. Vinnutengda streitu er líka hægt að skilgreina sem streituna sem hver og einn upplifir í vinnu, til dæmis hvort viðkomandi hefur reynslu eða menntun til að sinna starfinu. Almennt er vinnutengd streita þó skilgreind sem samspil vinnuaðstæðna og eiginleika starfsmanns sem verður til þess að starfsmanni finnst hann ekki geta staðið undir þeim kröfum sem starfið gerir til hans og að hann muni ekki ráða við starfið.

Það eru aðallega tvenns konar orsakir fyrir ofstreitu í vinnu. Í fyrsta lagi orsakir sem finna má í vinnuumhverfinu eins og samskiptavandi, upplýsingatregða, ófullnægjandi endurgjöf eða ótryggt vinnuumhverfi. Í öðru lagi orsakir sem finna má hjá starfsfólkinu sjálfu og eru stundum mjög einstaklingsbundin vandamál. Það getur til dæmis verið streituvaldandi fyrir þann sem finnst hann eiga að mæta á réttum tíma í vinnuna á hverjum morgni að koma korteri of seint.

Oft er hægt að lagfæra vinnuaðstæður og gera þær þannig að þær valdi ekki ofstreitu hjá starfsfólki. Það er til dæmis hægt að tryggja að hver og einn viti nákvæmlega hvert hlutverk hans er á vinnustaðnum og hver stefna fyrirtækisins er, það dregur úr óvissu og streitu vegna hennar. Stundum er þó ekki hægt að gera breytingar á þennan hátt, það felst einfaldlega í vinnunni að það er mikið að gera og fólk þarf að vinna undir miklu álagi. Sumir þrífast vel í þess háttar umhverfi en aðrir eiga erfitt með að aðlaga sig.

Þá skipta viðhorf og hugsanir um þær aðstæður sem fólk lendir í öllu máli. Jafnvel þó að fólk telji að vinnuálag valdi streitu gleymist stundum eða er ekki vitað að vinnuálagið er ekki bein orsök streitunnar, heldur hvernig hugsað er um aðstæður sem koma upp í vinnu eða þær túlkaðar. Þegar svo háttar er lykilatriði að reyna að breyta hugsunum og viðhorfi til aðstæðna og gera þær minna streituvaldandi á þann hátt.

Virk slökun, gott mataræði og hæfileg hreyfing eru einnig lykilatriði í að takast á við streitu. Aðrar miður góðar aðferðir eru ofát, óhófleg áfengisneysla, reykingar og sjónvarpsgláp. Þær gera einungis illt verra og þó það geti hjálpað í stuttan tíma að slaka á með því að fá sér drykk eða sígarettu þá hefur það skaðleg áhrif til langs tíma.

# Börsungar styðja UNICEF

***Ný treyja fótboltaliðs Barcelona er merkt UNICEF.***

Nýlega tilkynntu íþróttafélagið Barcelona og UNICEF að þau ætluðu að hefja samstarf um að bæta líf barna í þróunarlöndum. Þau fyrstu sem munu njóta góðs af samstarfinu eru börn sem hafa orðið fórnarlömb HIV-veirunnar og alnæmis í Svasílandi. Barselóna kynnti nýja treyju knattspyrnuliðs síns fyrir árið 2006-2007 sem skartar UNICEF-merkinu að framan. Þetta er í fyrsta skipti í 107 ára sögu félagsins sem félagið hefur sett merki á treyjurnar.

Auk þess að merkja treyjurnar UNICEF mun félagið veita í það minnsta 1,5 milljónum evra, tæpum 134 milljónir króna, á ári næstu fimm árin til verkefna UNICEF um allan heim. Peningunum verður fyrst varið í HIV-verkefni í Svasílandi sem miða að því að koma í veg fyrir smit milli móður og barns, veita lyf og heilsugæslu til HIV-smitaðra, byggja upp forvarnarstarf til að koma í veg fyrir smit meðal ungmenna og veita þeim börnum umönnun sem hafa misst foreldra sína vegna alnæmis.



Þetta er í fyrsta sinní 107 ára sögu fótboltafélagsins Barceona sem merki hefur verið sett á treyjur þess.

# Athyglisverðar staðreyndir

***Vissir þú ...***

að ein sígaretta eyðir 25 mg af C-vítamíni?
... að manneldisrannsóknir sýna að 47 prósent kvenna og 36 prósent fullorðinna karla þjást af D-vítamínskorti yfir vetrarmánuðina?
... að meira en einn áfengur drykkur á dag getur valdið skorti á B1, B6 og fólínsýru?
... að P-pillan eyðir B6, B12, fólínsýru og C-vítamíni?
að þú þarft aukið magn af B6 ef þú neytir mikils prótíns?



... að B1 getur komið í veg fyrir bílveiki?
... að B12 getur komið í veg fyrir timburmenn?
*heimild: Ný og betri bætiefnabiblía*


Nýja lyfið gefur þeim von sem klára of fljótt.

# Lyf gegn of bráðu sáðláti

***Lyf sem vinnur gegn of bráðu sáðláti hefur verið lýst skaðlaust eftir prófanir á mönnum. 2.600 menn tóku þátt í rannsókninni.***

Hið virka efni lyfsins heitir dapoxetín en það er virkar á svipaðan hátt og algeng þunglyndislyf. Munurinn er hins vegar sá að efnið er mun vægara, ekki þarf að taka það nema fyrir samfarir og mun minni hætta er á aukaverkunum sem oft fylgja þunglyndislyfjunum.

Niðurstaða rannsóknarinnar varð sú að á meðan tími samfara lengdist úr minna en mínútu í 1 mínútu og 45 sekúndur hjá þeim sem fengu lyfleysu lengdist tími þeirra sem fengu lyfið mun meira. Þeir sem fengu 30 mg af dapoxetíni lengdu samfaratíma upp í 2 mínútur og 47 sekúndur og þeir sem fengu 60 mg héldu út í 3 mínútur og 19 sekúndur að meðaltali. Rannsóknin tók 12 vikur.

Of brátt sáðlát hrjáir að sögn rannsakenda um þriðjung karlmanna. Þessu lyfi ætti því að vera tekið fagnandi er það kemur á markað.

**- tg**


Prótínrík fæða getur verið megrandi.

# Prótín til megrunar

***Vísindamenn hafa fundið hormón sem skýrt getur þyngdartap af völdum prótínneyslu.***

Vitað er að mikil prótíninntaka dregur úr matarlyst og veldur seddutilfinningu. Talið er að þetta sé vegna hormónsins PYY sem framleitt er í meltingarveginum. Þrátt fyrir að hormónið hafi verið þekkt í tuttugu ár var það ekki fyrr en nýlega sem vísindamenn komust að virkni þess.

Tilraun sem gerð var á músum sýndi að ef PYY var ekki til staðar borðuðu mýsnar mun meira en eðlilegt er og urðu feitar. Þegar PYY var bætt í matinn leitaði matarlystin í eðlilegt horf og kjörþyngd var náð. Af þessu draga vísindamenn þá ályktun að prótínrík fæða ætti að vera uppistaðan í mataræði þeirra sem vilja léttast.

*- tg*



## OFURKONUR ERU EKKI TIL

*María Heba Þorkelsdóttir leikkona fer með tvö hlutverk í Gunnlaðar sögu og lætur það ekki á sig fá að vera komin sex mánuði á leið.*

SJÁ BLS. 10



## EINN RAMMI Í EINU

*Steinar Þorsteinsson býr til teiknimyndasögur í frítíma sínum.*

SJÁ BLS. 4

[ SÉRBLAÐ UM BÖRN OG UPPELDI – ÞRIÐJUDAGUR 12. SEPTEMBER 2006 ]

# Börnin okkar



MYND: FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

## EFNISYFIRLIT


**LÆRA Á LÍKAMANN Í LAUGINNI**
*Fjölmörg börn iðka sund á vegum íþróttafélagsins Ármanns.* BLS.2

**NÁVIST FORELDRA OG BARNA**
*Dr. William Sears barnalæknir vill að foreldrar rækti návist við börnin sín.* BLS. 8



**LITRÍKAR KERRUR**
*Kerrur og barnavagnar þurfa ekki að vera bara svartar og bláar.* BLS. 8

**MIKILVÆGT AÐ BÖRN SOFI NÓG**
*Arna Skúladóttir hjúkrunarfræðingur er fróð um svefnvenjur barna.* BLS. 8



**VALTÍMI ER FASTUR LIÐUR**
*Í leikskólanum Hlíðarborg er leirað og litað, sundið og spilað, leikið og lært.* BLS. 10

**FALLEG ÞÆGINDI**
*Falleg barnaföt frá Tveimur lífum.* BLS. 11





## EFTIRLÆTIS BARNABÆKURNAR



Kristjana Stefánsdóttir söngkona.

# Vísnabókin heillaði

Kristjana Stefánsdóttir, söngkona

„Það eru svo rosalega margar bækur sem ég hef lesið, en sú sem ég man helst eftir er kannski vísnabókin sem var til bæði heima og hjá ömmu og afa,“ segir Kristjana Stefánsdóttir djasssöngkona og bætir við að hún hafi lesið allt mögulegt sem krakki enda hafi hún átt gott safn barnabóka heima hjá sér. „Ég las til dæmis Fimm fræknu, Nancy Drew og bækurnar eftir Ole Lund Kirkegaard, þannig að það er kannski engin ein sem stendur beinlínis upp úr.“

Kristjana heillaðist mjög af ævintýrum, bæði Grimmsævintýrunum og H.C. Andersen. Ævintýrin heilla hana greinilega enn, enda segist hún mikill Harry Potter-aðdáandi.








Börnin nota ekki kút í Sundskólanum en þau fá að leika sér með bolta. Hér er Hrefna Sæmundsdóttir, hún er hörkudugleg í sundi.

# Læra á líkamann í lauginni

Yfirleitt á vel við börn að vera í vatni og því yngri sem þau byrja að synda, því leiknari verða þau.

Fjölmörg börn iðka sund á vegum íþróttafélagsins Ármanns allan veturinn en þau yngstu eru í Sundskólanum, sem er með ellefu tíma námskeið á haustin og aftur í janúar. Þar skiptast börnin í þrjá hópa; ungbörn, kríli og byrjendur, eins og formaður sunddeildarinnar, Hjörtur Gíslason, orðar það. „Síðan eru þau orðin atvinnumenn,“ bætir hann glettnislega við og gefur svo boltann yfir til Guðrúnar Stellu Gunnarsdóttur, sem hefur séð um Sundskólann frá árinu 1990. Hún segir marga foreldra vera meðvitaða um gildi hreyfingar fyrir börn sín. Sundþjálfun henti litlum börnum mjög vel því þau eigi svo auðvelt með að hreyfa sig í vatninu. Dóttir Guðrúnar Stellu, Eygló Traustadóttir sjúkraþjálfari, sér um kennsluna en skyldu þær mæðgur ekki hafa fengið til sín vatnshrædd börn?



Þegar jólasveinninn kom í heimsókn henti hann Hirti, formanni sunddeildarinnar, út í við mikinn fögnuð krakkanna.

„Jú, mjög oft, en foreldrarnir fara með börnunum ofan í. Það er bara farið rólega af stað og ekki byrjað að þjálfa sundtök strax. Fyrst læra börnin á umhverfið og hvað þeim er óhætt og áhersla er lögð á að þau aðlagist sem best og hreyfi sig á fjölbreyttan hátt í gegnum leik,“ svarar Guðrún Stella. Hún segir börnin alrei nota kúta heldur læri þau bara að stjórna eigin líkama í lauginni. Hún segir börnin geta byrjað á hvaða aldri sem er og stundum komi þau í þjálfun hjá Ármanni eftir að þau séu byrjuð í skólasundi til að fá meiri einstaklingsþjálfun og auka færnina. Hún segir sundið hjá Ármanni sótt af börnum af öllu höfuðborgarsvæðinu enda opið öllum. „Þetta er mjög vinsælt,“ tekur hún fram. „Og uppselt í námskeiðin fyrir þau yngstu í haust.“



Guðrún Stella og Eygló Traustadóttir hafa séð um yngstu börnin í hálfan annan áratug.

*- gg*






# Lítið barn stelur senunni

AÐ EIGNAST LÍTIÐ SYSTKINI GETUR TEKIÐ Á TAUGARNAR ENDA ATHYGLI FORELDRA DREIFT Á FLEIRI STAÐI.



Fæðing nýs barns er gleðileg fyrir alla fjölskylduna. Oft vill þó henda að eldra systkini finnist það verða út undan í þeirri athygli sem beinist að hinum nýja fjölskyldumeðlim. Upplifa þau oft afbrýðisemi á þessum tíma enda hafa foreldrarnir ekki jafn mikinn tíma fyrir þau og áður.

Afbrýðisemin getur komið fram í ýmsum myndum, allt frá því að sýna fjandsemi í garð litla barnsins til þess að draga sig í hlé og verða mjög þögul.

Hér eru nokkur góð ráð til að hjálpa eldri systkinum að takast á við nýjar aðstæður:

- Hvetjið eldri börn til að hjálpa til með nýja barnið.
- Eyðið tíma með eldri börnunum bæði þegar litla barnið er sofandi og vakandi.
- Sýnið barninu skilning og þolinmæði því þetta getur verið erfiður tími fyrir eldri börnin.
- Sýnið því ást og umhyggju með orðum og gerðum.




AFGREIÐSLUTÍMI LAUGA
Virka daga frá kl. **6:30 - 22:30**
Helgar kl. **8:00 - 22:00**
afgreiðslutími er mismunandi eftir sundstöðum, sjá nánar á www.itr.is

Stakt gjald fullorðnir **280 kr.**
10 miða kort fullorðnir **2.000 kr.**
Stakt gjald börn **120 kr.**
10 miða kort barna **800 kr.**

Sund er æðislegt

www.itr.is | sími 411 5000

Laugarnar í Reykjavík ÍTR

# Haldið hita á börnunum

Í barnafatnaði hjá 66° Norður er einungis notað fyrsta flokks efni frá þekktustu efnaframleiðendum í heimi.

Einn af kostum þess að búa á litla Íslandi er að börnin okkar geta leikið sér úti í tiltölulega ómenguðu lofti. Hins vegar fylgir því að búa við jaðar heimskautsbaugs að hérna þarf að huga að útbúnaði og klæðnaði barnanna mun betur en víða sunnar í álfunni.

Oft halda foreldrar að því þykkari og þyngri sem vetrarflíkin sé, því hlýrri og betri sé hún. En tækninni hefur fleygt fram á þessu sviði eins og flestum öðrum. Í barnafatnaði hjá 66° Norður er einungis notað fyrsta flokks efni frá þekktustu efnaframleiðendum í heimi; sömu efni og eru notuð í fullorðinslínu fyrirtækisins því þar á bæ trúa menn því að yngstu fjölskyldumeðlimirnir eigi þess rétt að fá sömu gæði í fatnaði og foreldrarnir.

Meðal efna sem 66° Norður notar í útifatnaði sínum eru mjög einangrandi efni sem halda inni hitanum, bægja frá kulda og bleytu og gera barninu kleift að athafna sig að vild auk þess að hleypa út svita sem myndast vegna hamagangsins.

Þessir nýju eiginleikar efna, auk þess að nýju efnin eru léttari, gera barninu kleift að hreyfa sig óhindrað og fá þannig mun meira út úr útiverunni.



Léttur, hlýr og flottur jakki úr Polartec Power teygjuefni.

Skrautið á þessari flíshúfu minnir á hanakamb.

Mjög hlý og þægileg dúnúlpa úr regnheldu efni með hettu sem hægt er að taka af.

## EFTIRLÆTIS BARNABÆKURNAR



# Bókasafnið var ævintýraheimur

Rannveig Guðmundsdóttir, alþingismaður

„Ég hafði ofboðslega gaman af að lesa sem barn og var alæta á bækur. Ég ólst upp á Ísafirði þannig að maður sótti bókasafnið, sem var ótrúlega heillandi staður. Þegar ég var að alast upp var hvorki sjónvarp né annað sem glapti hugann og því bækurnar sem heilluðu. Ef ég á að nefna eitthvað eftirminnilegt verð ég að segja að ævintýrabækurnar hafi heillað mig. Það sem ég las yngst var Lísa í Undralandi, Grimmsævintýri og Þúsund og ein nótt.

Það var eitthvað í ævintýrunum og baráttunni milli góðs og ills sem gerði það að verkum að maður gat vakað langt fram á nætur við lestur bóka. Ég var snemma læs og yngst af stórum systkinahópi og lærði í raun að lesa af stautinu í þeim. Mér finnst líka gaman að minnast þess að þegar jólin nálguðust hlupum við krakkarnir í ævintýraheiminn í bókabúðinni til að skoða hvað væri nýtt og freistandi. Jólin hafa ennþá tengingu við bækur fyrir mig og það eru bara ekki jól ef ekki er bók í gjafapakkanum."



Steinar hefur teiknað síðan hann man eftir sér. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Pælir í einum ramma í einu

Steinar Þorsteinsson er þrettán ára gamall nemandi í Laugalækjarskóla. Í frístundum sínum gerir hann mikið af því að búa til teiknimyndasögur.

Steinar hefur alltaf haft mjög gaman af því að teikna. „Ég er búinn að teikna síðan ég var svona þriggja ára," segir hann.

Þegar Steinar var fimm ára fór hann síðan að gera teiknimyndasögur. „Ég hef mjög gaman af því að gera myndasögur. Stundum æfi ég mig með því að teikna upp eftir öðrum myndasögum, eins og Simpsons, og svo bý ég líka sjálfur til sögur. Ég teikna samt mest í svona Simpsons-stíl."

Steinar segist ekki vera búinn að semja sögurnar í heild áður en hann byrjar að teikna og hann hugsar bara um einn ramma í einu. „Ég byrja bara á einum ramma og teikna hann og svo fer ég að pæla í næsta. Þegar ég er búinn að teikna sögurnar lita ég þær stundum en oft nenni ég því ekki."



Myndir eftir Steinar eru farnar að prýða veggina hjá flestum í fjölskyldunni hans.

Steinar hefur líka aðeins verið að teikna fólk sem hann þekkir í myndasögustíl. „Ég gerði svolítið af því í fyrra," segir hann og viðurkennir að það sé dálítil kúnst að teikna raunverulegt fólk þannig að það þekkist þegar það er orðið að teiknimyndafígúrum.

Steinar hefur farið á nokkur myndlistarnámskeið og þrjú myndasögunámskeið. „Ég fór á tvö teiknimyndasögunámskeið hjá Inga og eitt hjá Hugleiki. Það var mjög gaman. Á námskeiðinu hjá Hugleiki áttu allir að gera eina flotta myndasögu og hann safnaði þeim saman í eitt hefti og ljósritaði það svo allir fengu eintak af því."



Myndasögurnar hans Steinars eru mjög skemmtilegar.

Ein myndasagan hans Steinars birtist líka í blaði sem var gefið út í skólanum hans. „Þegar ég var í fjórða bekk var birt ein saga eftir mig skólablaðinu," segir hann.

Steinar stefnir á að fara í Menntaskólann í Hamrahlíð þegar hann verður búinn með Laugalækjarskóla en hann er ekki farinn að hugsa mikið lengra en það. „Ég held að mig langi til þess að teikna áfram en annars er ég ekkert mikið farinn að pæla í því. Ég spái ekki mikið í framtíðina."

# Að setja sig í spor annarra

Fréttir berast bæði utan úr heimi og hér heima af hörmungum sem ríða yfir og af hræðilegum ofbeldisverkum sem framin eru á saklausu fólki. Slík er ofgnóttin af fréttaflutningi að hætta er á að menn verði ónæmir fyrir ógæfu annarra. Það er því nauðsynlegt að kenna börnum að setja sig í spor annarra til að forðast ofbeldi af öllu tagi. Það barn sem kann að setja sig í spor annarra og skilja hvernig því barni líður í tilteknum aðstæðum er ólíklegt til að skapa ofbeldisaðstæður.



Nauðsynlegt er að börn læri að setja sig í spor annarra.

Nokkrar leiðir sem hafa ber í huga þegar börnum er kennt að setja sig í spor annarra:

- Þegar saga er lesin fyrir barn er gott að ræða hvernig söguhetjunni og öðrum líði þegar eitthvað gerist.
- Notaðu tækifærin sem gefast til að ræða líðan annarra, til dæmis þegar náttúruhamfarir ríða yfir úti í heimi, þegar slys verða í umferðinni og annað slíkt.
- Leyfðu barninu að tala og hlustaðu sjálf(ur). Ekki leggja barninu orð í munn heldur leyfðu því að komast að eigin niðurstöðu.

heimild: www.hugo.is

# HAFIÐ BLÁA



Fékk **áhorfendaverðlaun grímunar 2006.**
Þrjár tilnefningar til grímuverðlaunanna:

- **Barnasýning ársins.**
- **Búningaverðlaun ársins.**
- **Áhorfendaverðlaun ársins.**

**Næstu sýningar:**

Sunnudagurinn 17. Sept. Kl. 13:30

Sunnudagurinn 24. Sept. Kl. 13:30





**Höfundar:** Kikka og Þorvaldur Bjarni **Leikstjóri:** Agnar Jón Egilsson

**Leikarar:** Ívar Örn Sverrisson, Halla Vilhjálmsdóttir, Jón Jósep Snæbjörnsson, Valgerður Guðnadóttir, Árni Pétur Guðjónsson, Ólafur Þorvaldz, Aðalbjörg Árnadóttir, Matthías Matthíasson, Erlendur Eiríksson, Selma Björnsdóttir **Dansarar:** Ásta Bærings, Íris María Stefánsdóttir, Þórdís Schram

AUSTURBÆR

**Miðasala Austurbæjar opinn 13 - 17 alla daga sími : 551 4700**

# Barnahúsgögn sem stækka

Barnahúsgögnin okkar bjóða upp á ótal samsetningarmöguleika og sveigjanleika sem gerir þér kleift að nota eitt og sama rúmið allt frá því barnið hættir í grindarrúminu og fram á unglingsár.














Hægt er að hækka rúmin á öruggan og fljótlegan hátt.


Stigar með sterkum handriðum.


Álagsprófaðar heilsudýnur sem endast vel.


Mikið úrval fylgihluta fyrir stelpur og stráka.

www.design.is @ 2006

**HÚSGAGNA HEIMILIÐ**

**Sérverslun með barnahúsgögn og fylgihluti**

Fossaleynir 6 - 112 Reykjavík | Sími: 586 1000 - Fax: 586 1034 | www.husgogn.is

# Barnahúsgögn sem stækka

Barnahúsgögnin okkar bjóða upp á ótal samsetningarmöguleika og sveigjanleika sem gerir þér kleift að nota eitt og sama rúmið allt frá því barnið hættir í grindarrúminu og fram á unglingsár.



3ja ára



6 ára



9 ára



12 ára



Hægt er að hækka rúmin á öruggan og fljótlegan hátt.



Stigar með sterkum handriðum.



Álagsprófaðar heilsudýnur sem endast vel.



Mikið úrval fylgihluta fyrir stelpur og stráka.

**HÚSGAGNA HEIMILIÐ**

**Sérverslun með barnahúsgögn og fylgihluti**

Fossaleynir 6 - 112 Reykjavík | Sími: 586 1000 - Fax: 586 1034 | www.husgogn.is

www.design.is @ 2006

# Litríkar kerrur

Um árabil hafa kerrur og barnavagnar verið í svörtum og dökkbláum litum, en í versluninni Sipa eru kerrurnar í öllum regnbogans litum.

Eflaust hafa margir tekið eftir litríkum verslunarglugga Sipa á Laugaveginum þar sem kennir ýmissa grasa. Stórar Barbapabbastyttur og litríkar kerrur og barnavagnar. Vissulega er það skemmtileg tilbreyting frá þeim svörtu og dökkbláu kerrum sem hafa verið allsráðandi í áraraðir. Þessar litríku kerrur eru frá fyrirtækinu One Tree Hill á Nýja-Sjálandi og segist Kristín Stefánsdóttir, eigandi Sipa, hafa tekið þessar kerrur inn fyrst og fremst vegna þess hversu notendavænar þær séu. „Kerrurnar eru mjög léttar og auðvelt að stýra þeim," segir Kristín. Allar eru þær á þremur hjólum og eiga að ráða við hvaða aðstæður sem er. Fyrstu sex mánuði barnsins er hægt að notast við burðarrúm í kerrunni, svo hún nýtist einnig sem vagn, en þegar börnin eru orðin eldri er hægt að leggja niður bakið á kerrunni svo barnið geti sofið.

Vinsælustu litina segir Kristín vera svartan og rauðan, en það eru litir sem fólk telur ganga fyrir bæði kynin. Flestir litirnir henta þó bæði stelpum og strákum, meira að segja bleikur. Sjá www.sipa.is



Ýmsir fylgihlutir eru fáanlegir með kerrunum, þ.á m. fallegir kerrupokar.



Fagurgræn og létt kerra á þremur hjólum sem auðvelt er að stýra.



Það ætti að fara vel um tvö börn í þessari fallega gulu kerru.



Bleikur barnavagn frá One Tree Hill.



Gulur tvíburavagn sem lýsir upp tilveruna.



Börnum líður best í návist við foreldra sína, og koma þá svona magapokar að góðum notum. Nordic photos/Getty images

# Návist foreldra og barna

Margir sérfræðingar hafa gefið foreldrum ráðleggingar um hvernig eigi að ala upp börnin. Í Bandaríkjunum er dr. William Sears þar fremstur í flokki, en hann leggur áherslu á að foreldrar rækti návist við börn sín.

Einn þekktasti barnalæknir Ameríku, dr. William Sears, og kona hans, hjúkrunarfræðingurinn Martha Sears, hafa gert það að ævistarfi sínu að fræða almenning um börn, heilsufar þeirra og uppeldi. Þau hafa gefið út fjöldann allan af bókum um meðgöngu, brjóstagjöf, mataræði og uppeldi og halda úti ítarlegri vefsíðu þar sem hægt er að nálgast nánast hvaða upplýsingar sem er sem tengjast heilsu barna. Þau hafa smíðað sitt eigið hugmyndakerfi og kalla það „attachment parenting", sem snýst um að foreldrar leggi áherslu á návist við börnin sín. Telja þau hjónin að slík uppeldisaðferð kalli fram það besta í barninu og foreldrum þess og styrki samband þeirra til muna.

Foreldri sem leggur áherslu á návist við barnið sitt hefst handa um leið og barnið er fætt og þá er það helst móðirin sem tengist barninu, enda er hún hjá því öllum stundum. Mikil áhersla er lögð á brjóstagjöfina, enda sé það æfing í að lesa barnið og kynnast líkamstjáningu þess auk þess sem í brjóstamjólkinni er að finna efni sem hvergi finnast annars staðar og eru meðal annars góð fyrir heila barnsins.



Á vefsíðunni askdrsears.com er heilmikið af gagnlegum upplýsingum.

Annað sem þau Bill og Martha, eins og þau eru kölluð, leggja talsverða áherslu á er að halda á barninu í barnapoka sem foreldrarnir hafa utan á sér. Börn sem eiga návist við foreldra sína á þennan hátt gráta minna og eru rólegri. Foreldrar fá einnig tækifæri til að kynnast barni sínu betur við þær aðstæður.

Jafnframt þykir það mikilvægt að sofa nálægt barni sínu til að auka návist. Ekki þarf það þó að þýða að börnin sofi alltaf uppi í, enda getur það raskað svefni allra. Frekar er mælt með að barnið sé í sama herbergi og þá jafnvel í rúmi sem er þétt uppi við rúm foreldrana. Ef börn finna að foreldrarnir eru nærri læra þau að sofa betur þar sem þau eru öruggari og þegar þau eldast eiga þau auðveldara með að sofa ein.

Að hlusta á grát barnins og þekkja hvað hann þýðir er einnig mikilvægt. Að bregðast rétt við grát barnsins skiptir miklu máli og eiga foreldrar að hafa það í huga að ungbörn gráta til að tjá sig, en ekki til að stjórna. Foreldri sem leggur áherslu á návist á ekki að festa sig í þröngu tímaskipulagi og láta barnið til að mynda gráta sig í svefn, heldur finna það skipulag sem hentar barninu best.

Ekki mega þó foreldrarnir verða svo uppteknir af því að hugsa um þarfir barnsins að þeir gleymi sjálfum sér og hjónabandinu. Þess vegna skiptir miklu máli að kunna líka að segja nei við barnið, og já við sjálfan sig. Úttaugaðir foreldrar sem sinna ekki sjálfum sér gera lítið gagn.

Að lokum leggja þau Bill og Martha áherslu á að uppeldið verði mun auðveldara ef þessar aðferðir eru viðhafðar. Því betur sem foreldrar þekkja barn sitt, því auðveldara er að aga barnið. *- keþ*

# Mikilvægt að börn sofi nóg

Margir foreldrar velta því fyrir sér hversu langan svefn börnin þeirra þurfi til þess að dafna eðlilega. Arna Skúladóttir hjúkrunarfræðingur er fróð um svefnvenjur barna.

„Meðal nætursvefntími ungra barna er um ellefu tímar og venjulega er þau komin á það ról í kringum sex mánaða og halda því fyrstu þrjú árin," segir Arna og bætir við að sum sofi kannski klukkutíma skemur og önnur klukkutíma lengur.

Arna segir að meðalsvefntími barna á seinni árum í leikskóla og fyrstu árum í grunnskóla sé um tíu tímar og börn á þeim aldri þurfi að minnsta kosti svo langan svefn. „Börn eru mjög oft að sofa of stuttan nætursvefn, sérstaklega fyrstu árin í grunnskóla. Börn sofna aldrei um leið og þau leggjast á koddann svo það verður að ætla þeim hálftíma til þrjú korter í það að sofna. Foreldrar þurfa því að koma börnum sínum tímanlega í rúmið svo að þau verði ekki þreytt á morgnana. Ef barn á að vakna klukkan sjö má það því ekki vera komið í rúmið seinna en á milli átta og níu."

Regla er flestum börnum mikilvæg og Arna segir að best sé að börn fari alltaf á sama tíma í rúmið. „Þegar börn eru að byrja í leikskóla eða skóla er sérstaklega mikilvægt að hafa reglu á svefntímanum og ekki vera með annan svefntíma um helgar. Hálftíma frávik eða svo er allt í lagi en það er ekki gott að hafa mikinn mun á svefntímanum um helgar því sum börn eru mjög viðkvæm fyrir því."

Ung börn þurfa flest að leggja sig á daginn en misjafnt getur verið hvenær þau hætta því. „Börn eru venjulega komin í tvo daglúra um sex mánaða og einn daglúr eins árs. Gríðarlega mikill munur er á því hvenær þau hætta að sofa á daginn en það getur verið frá eins og hálfs árs til fimm ára" segir Arna.

Margir foreldrar hætta fljótt að láta börnin sín sofa á daginn eða stytta daglúrana til þess að þeir hafi ekki áhrif á nætursvefninn en Arna segir að það sé ekki almenn regla að hafa þurfi afskipti af dagsvefni barnanna. „Það sem þarf kannski helst að stjórna er hvenær daglúrarnir eru teknir því það skiptir meira máli en lengd þeirra. Þegar barn er komið í einn daglúr er best ef honum er lokið fyrir tvö á daginn því það hefur frekar áhrif á nætursvefninn ef þau sofna seinna. Mesta hættan með börn í leikskóla er að þau sofni á milli fjögur og sex á leiðinni heim úr leikskólanum."

*emilia@frettabladid.is*



Börn sofna sjaldnast um leið og þau leggjast á koddann og því þurfa foreldrarnir að koma þeim tímanlega í rúmið.




# Litaljómi í veröld barnsins

Barnaherbergi eru einstakir staðir enda fer þar fram allt í senn; leikur, nám og svefn.

Fyrstu æviár barnsins móta þá persónu sem það verður sem fullorðinn einstaklingur. Stórum hluta uppvaxtaráranna ver barnið í herbergi sínu. Þar fer fram leikur, nám, svefn og margt fleira. Það er því nauðsynlegt að barnaherbergi sé skipulagt bæði með notagildi og örvun í huga.

Litir geta lífgað mjög upp á lífið. Skemmtilegt getur verið að mála barnaherbergi í líflegum litum þó að auðvitað beri að varast að hafa litina of marga og æpandi, sem hefur truflandi áhrif.

Umfram allt verður barnaherbergið þó að höfða til barnsins.

Gott getur því verið að hafa það með í ráðum í vali á litum og skreytingum.



Barnaherbergi í sveitastíl. Það er örugglega ljúft að fara að sofa í þessu notalega herbergi og spjalla við systkini sitt í neðri kojunni.



Litir á barnaherbergjum þurfa alls ekki að endurspegla hvort þar búi strákur eða stelpa. Skemmtilegir hlutlægir litir geta verið skemmtilegir sérstaklega þegar þeir eru brotnir upp með hvítum eins og hér er gert. NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES



Ekta strákaherbergi. Heil ímynduð ævintýraveröld getur orðið að veruleika með réttri hönnun.



Litríkar ábreiður, fallega lagaðir púðar og skemmtilegt skraut á hurðum lífgar upp á tilveruna.



Prinsessuherbergi. Margar litlar telpur elska bleikan. Af hverju ekki að leyfa þeim að njóta þess að vera prinsessur í herberginu sínu?

# Ofurkonur ekki til

María Heba Þorkelsdóttir leikkona fer með tvö hlutverk í Gunnlaðar sögu og lætur það ekki á sig fá að vera komin sex mánuði á leið.

„Mér finnst töluverður munur á þessari meðgöngu og þeirri fyrstu,“ segir María Heb,a sem er komin sex mánuði á leið, en fyrir á hún sautján mánaða dreng.

„Mér finnst meðgangan erfiðari í þetta sinn, þótt hún sé jafn yndisleg og tilhökkunin eins mikil,“ segir hún til útskýringar. „Ætli munurinn sé ekki helst sá að ég get ekki slappað af þegar ég kem heim af æfingum á Gunnlaðar sögu eins og ég gerði þegar ég gekk með soninn, heldur verð ég að sinna honum af fullum krafti.“

Maríu Hebu finnst hún af þeim sökum vera svolítið sundurtætt á milli vinnunnar og einkalífsins, þótt hún sé ekki þreytt á því að standa á sviðinu svona langt komin á meðgöngu. „Ég elska vinnuna mína og finnst streðið af þeim sökum þess virði,“ segir hún.

„Meðgangan hefur hins vegar kennt mér að ofurkonur eru ekki til, að minnsta kosti ekki eins og þeim hefur verið lýst,“ segir María Heba. „Ofurkonur eru einfaldlega konur sem vinna mikið og fá góða aðstoð, hvort sem það er frá ættingjum, vinum eða dagmömmum. Sjálf er ég heppin að eiga góðan mann sem passar upp á mig og yndislegt starfsfólk sem tekur tillit til mín.“

„Meðganga er að vissu leyti svolítið eins og sköpun leiksýningar, hún er og á að vera gleðiefni og ég er full tilhlökkunar að hitta þessa nýju manneskju,“ segir hún glöð í bragði. *-rve*



María Heba stendur í ströngu því auk þess að vera barnshafandi leikur hún í Gunnlaðar sögu sem frumsýnd verður í Hafnarfjarðarleikhúsinu á föstudaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

## EFTIRLÆTIS BARNABÆKURNAR

# Bláskjár og Óliver Tvist

Einar Már Guðmundsson, rithöfundur



„Minnisstæðustu sögurnar frá barnæsku eru Bláskjár og Óliver Tvist,“ segir Einar Már Guðmundsson rithöfundur. „Bláskjár var oft lesinn fyrir mig þegar ég var lítill og ég man ekki efnisatriðin nákvæmlega en ég man áhrifin og hvað allt leystist farsællega. Óliver Tvist var leikrit í útvarpinu sem hélt mér alveg í spenntri kryppu og það varð til þess að Óliver Tvist varð fyrsta bókin sem ég keypti mér. Samt er hún ekkert endilega barnabók. Kannski hef ég lesið fullorðinsbækur sem barn og svo barnabækur sem fullorðinn.“








Alexander Már, bak við hann er Þóra Rún sem er að leika við Kjartan í köflóttu skyrtunni og Katrín Inga situr þar fyrir aftan. Þau eru að hefja daginn eftir morgunhvíld. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Valtími er fastur liður

Í leikskólanum Hlíðarborg er leirað og litað, sungið og spilað, leikið og lært.

„Það er valtími í leikskólanum Hlíðarborg þegar Fréttablaðsfólk er þar á ferð um hálf tíuleytið einn morguninn. Hafragrauturinn er kominn upp í munn og ofan í maga, þangað sem allur matur á að fara, eins og kunnugt er. Rólegar samverustundir á hverri deild fyrir sig eru líka afstaðnar. Nú hefur athafnasemin tekið völdin hjá flestum og meðan sumir leira eru aðrir að lita og enn aðrir hafa snúið sér að eldhússtörfum, byggingum eða öðrum veigamiklum viðfangsefnum. Kennararnir hafa góðar gætur á öllu og leiðbeina ungviðinu eftir þörfum. Svona valtími er fastur liður í dagskipulaginu fyrir hádegi, að sögn Heiðu Bjargar Scheving leikskólastjóra, og markmiðið er að börnin velji sér sjálf viðfangsefni og beri ábyrgð á þeim.

Fimmtíu börn eru í leikskólanum í þremur deildum á Hlíðarborg og þau eru á aldrinum eins og hálfs til fimm ára. Deildirnar heita Álfahlíð, Drekahlíð og Tröllahlíð. Auk þess er salur sem ber heitið Gáskahlíð og er samnýttur af öllum deildum og Listahlíð er stofa sem myndlistin er kennd í. Lautin er svo stofa fyrir ýmis elstubarnaverkefni og þar er úrval af spilum í hillunum.

Yngstu börnin halda til í Álfahlíð og þegar blaðafólkið er á ferðinni eru þau að komast á stjá eftir morgunhvíldina. Svo er útiverutími fram undan og það tekur sinn tíma að koma öllum í viðeigandi galla. Þar sem enn er hlýtt í veðri er útiveran stærri liður í dagskránni en þegar líða tekur á haustið, að sögn Heiðu Bjargar. „Vetrardagskráin okkar tekur gildi smám saman á næstu dögum. Við höfum verið að taka inn marga nýja nemendur eins og ævinlega á þessum árstíma og aðlögunin tekur sinn tíma. Svo kemst bráðum allt í enn fastari skorður,“ segir hún. *- gg*



Tara Líf fann sér gott næði til að hugsa um eitthvað skemmtilegt.



Elísabet Thelma, Íris Björk og Erna Katrín spá í spilin.



Áki Hlynur, Arnór Tjörvi, Máni og Róbert sinna heimilis- og uppeldisstörfum.



Kjartan og Maríus Alvin leira.




## EFTIRLÆTIS BARNABÆKURNAR



Kjartan Ragnarsson, leikstjóri og leikskáld. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Bróðir minn Ljóns-hjarta fallegust

Kjartan Ragnarsson, leikstjóri og leikskáld

„Ég las mikið sem barn og á svolítið erfitt með að velja," segir Kjartan Ragnarsson leikstjóri þegar hann er inntur eftir sinni uppáhaldsbarnabók. „Hjaltabækurnar eftir Stefán Jónsson stóðu ansi mikið upp úr á tímabili og svo man ég eftir bók eftir Friðrik A. Friðriksson sem mér þótti mjög skemmtileg og hét Sölvi." Kjartan hugsar sig um smástund. „En margar barnabækur skiptu mig líka máli eftir að ég varð fullorðinn og fór að lesa fyrir börnin mín. Ég held að Bróðir minn Ljónshjarta sé sú sem hefur hrifið mig einna mest. Mér fannst hún fallegust við lestur."

# Falleg þægindi

Meðgöngufataverslunin Tvö líf er með glæsilegt úrval af barnafötum frá Noppies-barnafatalínunni. Fötin eru vönduð og fara vel með viðkvæma húð lítilla kroppa. Hönnuðirnir leggja upp úr þægindum, einföldum formum og hógværum litum. Noppies-barnafötin eru fyrir börn að 24 mánaða aldri og endurspegla oft á tíðum tískustraumana sem eru ríkjandi hverju sinni, enda er ekkert að því að vera flottur í tauinu þó maður sé bara tæpur metri á hæð.
- jóa



Falleg herðaslá yfir bleikan bol. Hlýtt og gott og auðvelt fyrir barnið að hreyfa sig.

Fallegt stelpusett. Grænn bolur við appelsínugular buxur. Settið gengur á hvaða árstíma sem er. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Sportlegt strákasett. Litirnir eru mildir og fallegir. Buxnastrengurinn er stillanlegur og því auðvelt að laga buxurnar að útbelgdum malla.



Gallapils virka vel fyrir litlar skvísur sem ekki eru byrjaðar að ganga, ásamt því að auðvelda foreldrunum bleyjuskiptin. Við gallapilsið má nota fallegar sokkabuxur.



Noppies-barnafötin eru skemmtileg að því leyti að auðvelt er að raða þeim saman í margar fallegar útfærslur. Þetta strákasett er sérlega gæjalegt, hettupeysa undir hermannalitaða skyrtu við gallabuxur.




Skoðið úvalið á www.oo.is










**Autobaby II** ungbarnabílstóll er fyrir börn frá 0-13 kg. Er fánlegur með eða án stands/ Base. Festa má stólinn á allar Graco kerrur.

**Cosmic XTP** er barnabílstóll fyrir börn frá 0-25 kg. Má snúa baki í aksturstefnu bifreiðar frá 0-18 kg. Er með hámarks hliðarvörn.

**Rallysport** er barnabílstóll fyrir börn frá 15-36 kg. Seta er sérstaklega mikið bólstruð.



**GRACO, BASSON og TRILLE** kerrur, yfir 20 gerðir af regnlífa-, svefn- og lúxus kerrum. Festa má GRACO Autobaby II bílstól á allar GRACO kerrur.



**GRACO Aerosport Plus** er létt svefnkerra á álstelli. Er með stillanlegu handfangi, skermi og stuðningsslá. 4 stillingar á sætisbaki með svefnstöðu. 5 punkta beisli. Stór innkaupagrind. Auðveld að leggja saman. Þyngd aðeins 8,5 kg.



**GRACO, BASSON og TRILLE** kerruvagnar. Nýr Roma III kerruvagn frá BASSON.

ólavía og oliver

Glæsibæ - sími 553 3366 - www.oo.is

## Ýmislegt



Haust tilboð á heitum pottum Eigum örfáa Beachcomber heita potta eftir. Fimm ára ábyrgð. Frí heimsending hvert á land sem er. Sendum bæklinga samdægurs. Óskum hundruðum nýrra pottaeigenda á Íslandi til hamingju með pottinn sinn. Með von um að þið njótið vel og takk fyrir viðskiptin. Opið alla daga frá 9 til 21.00. Allar nánari uppl. í s. 897 2902 eða mvehf@hive.is

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Gisting

Gisting á Spáni. Íbúð í Barcelona, Costa Brava og Menorca. Uppl. í s. 899 5863 www.helenjonsson.ws

## Byssur

Gæsaveiði til sölu dagar í gæsaveiði á Suðurlandi. Stórir akrar á dreifðu svæði. Stutt í þjónustu. Upplýsingar í síma 869 2241 & 487 8828.

## Fyrir veiðimenn




Stórir maðkar til sölu! Silungs og laxa. Margra ára reynsla. S. 692 5133.

## Ýmislegt



**Sjóstangaveiði**
Verktakar - atvinnurekendur! Nú er rétti tíminn til að bóka. www.sjostong.is S. 898-3300

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Leigjendur, takið eftir! Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

3ja herb. íbúð til leigu á mjög góðum stað í Garðabæ. Uppl. í s. 693 8801.

## Húsnæði óskast

Er í leit að íbúð til leigu á höfuðborgarsvæðinu sem þarf að vera 3-4 herbergja!! Endilega látið í ykkur heyra í síma 697 6423.

2ja herb. íbúð með geymslu óskast á Rvíkursvæðinu. Uppl. Ólafur í s. 692 8987.

Óska eftir að leigja bílskúr í vetur undir mótorhjól Upplýsingar í síma 8671449

Kvk óskar eftir lítilli íbúð til leigu í Rvk eða Kóp. M/ eða án húsgagna. Góðri umgengni heitið. Uppl. í s. 698 8791, Margrét.

Einstæður faðir óskar eftir 2-3ja herb. íbúð. Meðmæli ef þess er óskað. Uppl. í s. 662 3146.

Móðir með tvö börn ókar eftur íbúð í vesturbæ Rvk. Helst nálægt Hagaborg. s. 690 1900.

Íbúð óskast.Traust fyrirtæki vantar litla íbúð fyrir starfsmann okkar í hafnarf, eða í Garðabæ. Traustur og reglusamur leigjandi uppl gefur Erna í síma 414 9700 eða 845 3169.

2ja herb. íbúð óskast í Hafnarf. eða Garðabæ á sanngjörnu verði. Uppl. í s. 861 6106, Grímur.

## Sumarbústaðir




## Geymsluhúsnæði




Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir innsiglaðar í plasti á brettum. Starfað í 19 ár. Geymt í vöktuðu og upphituðu húsnæði. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar.

**Geymsluhúsnæðið Auðnum II, 190 Vogar.**
Tökum til geymslu, tjaldvagna, fellihýsi, búslóðir o.fl.

Uppl. í s. 864-3176 & 895-3176

## Gisting

Fyrirtæki, stofnanir. 75 íbúðir til leigu með eða án húsgagna. Þjónusta/ þrif/ þvottur/morgunmatur. Skoðið uppl. og myndir á www.ibudir.is

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Kaffihús, Bakarí**
**Bakarameistarinn, Húsgagnahöllinni, Smáratorgi, Austurveri, Suðurveri, Glæsibæ og Mjódd óskar eftir afgreiðslufólki. Vinnutími 10-19 og 13-19 og 07-13. Einnig laus helgarstörf.Góð laun í boði.**
**Uppl. í s. 897 5470 til kl.17.00 einnig umsókareyðublöð http://www.bakarameistarinn.is www.bakarameistarinn.is**

**Skalli Vesturlandsvegi**
**Starfsfólk óskast. Vinnutími 10-18 alla virka daga.**
**Upplýsingar á staðnum.**

**Keiluhöllin Öskjuhlíð**
**óskar eftir starfsfólki með reynslu í skyndibitaeldhús.**
**Upplýsingar í síma 864 6112 eða á keiluhollin.is**

**Kitchen staff.**
**People with experience needed in fast food kitchen in 101 RVK.**
**Information in tel 864 6112.**

**American Style í Skipholti og Tryggvagötu**
**Afgreiðsla og grill. Fullt starf. Uppl. Herwig 892 0274. Góð íslenskukunnátta.**

**Aktu Taktu Afgreiðsla og Vaktstjórn**
**Afgreiðsla, grill, vaktstjórn.**
**Uppl. gefur Óttar í S. 898 2130.**

**Pítan**
**Afgreiðsla, grill.**

**Einnig dagvinna og hlutastörf í boði**

**Sækjið um á www.pitan.is**

**Við leitum að duglegum aðstoðarmanni í eldhús.**
**Þarf að geta hafið störf sem fyrst. Fullt starf. Lámarksaldur er 18 ár. Umsóknir á staðnum og á www.kringlukrain.is**
**Upplýsingar um starfið veitir Sophus í síma 893 2323.**

**Viltu vinna hjá góðu og rótgrónu fyrirtæki?**
**Okkur vantar starfsfólk í veitingasal. Fullt starf eða hlutastarf. Lágmarksaldur er 18 ár. Umsóknir á staðnum og á www.kringlukrain.is**
**Upplýsinga um starfið veiti Sophus s. 893 2323.**

**Kaffihús Laugavegi 24**
**Óskar eftir að ráða efnilegan kokk í eldhús.**
**Upplýsingar gefur Birgir í s. 898 3085 milli kl. 12 & 18.**

**Prikið auglýsir.**
**Vantar fólk í dyravörslu helgarvinna í boði. Góð laun í boði fyrir gott fólk. Tilvalin vinna með skóla.**
**Upplýsingar veitir í síma 698 8698.**

**Starfsmenn óskast**
**Til útiverka, góð laun og mikil vinna.**
**Upplýsingar í síma 894 7010.**

**Smart - Starfsfólk**
**Starfsfólk óskast á sólbaðstofuna Smart, Grensásveg. Dagvinna. Reyklaus vinnustaður.**
**Umsóknareyðublöð á staðnum. Sólbaðstofan Smart.**

**Leikskólinn Brekkuborg.**
**Óskum eftir leikskólakennara/leiðbeinenda í leikskólann Brekkuborg Grafarvogi í 100% starf.**
**Uppl. gefur leikskólastjóri í s. 567 9380.**

**Trésmiður eða laghentur maður óskast.**
**Þarf að vera vanur parketögnum og viðgerðum á inréttingum.**
**Uppl. í s. 896 0323.**

**Loftorka Reykjavík.**
**Óskar eftir verkamanni til jarðvinnuframkvæmda og fl. Matur í hádeginu og heimkeyrsla.**
**Upplýsingar í síma 565 0877.**

**Úthringistörf fyrir KB ráðgjöf**
**Vantar starfsfólk til úthringistarfa fyrir KB ráðgjöf. Góðar og öruggar greiðslur í boði fyrir rétta aðila**
**Áhugasamir vinsamlega hringi í Magnús í síma 694 9614 milli kl. 18:00 og 20:00.**

**Bakaríið Kornið Hjallabrekku 2 Kópavogi**
**óskar eftir starsfólki. Vinnu tími 13-18. Hentar fólki 40 ára og eldri.**
**Upplýsingar í s. 864 1585 eða á staðnum.**

**Vélamaður - afleysingar**
**Vanur maður óskast strax á hjólavél í tímabundar afleysingar.**
**Upplýsignar í síma 861 5577.**

**Hjólbarðaverkstæðið Barðinn**
Röska menn vantar á hjólbarðaverkst. Uppl. í s. 568 3080 eða á staðnum. Barðinn, Skútuvogi 2.

**ATVINNA Í MOSFELLSBÆ**
Óskum eftir starfsfólki af báðum kynjum í móttöku, þrif og eftirlit. Vinnutími að jafnaði frá 08:00 á morgnana en getur þurft að vera sveigjanlegur einhverja daga vikunnar. Nánari upplýsingar í síma 897 1012, Lárus.

Söluturn í miðbæ Rvk. óskar eftir starfsm. í nætursölu um helgar. 20 ára og eldri. Uppl. í s. 896 1933.

**Bakarí - kaffihús, Skipholti**
Starfskraftur óskast til afgreiðslustarfa. Vinnutími virka daga frá 12-18.30 og annan hvorn laugardag. Ekki yngri en 25 ára. Góð laun í boði fyrir rétta fólkið. Helst reyklaus. Uppl. í s. 820 7370.

Potrzebujemy ludzi do pracy w fabryce ryb od zaraz duzo pracy informacje tel.520-7308

**Vantar aðstoðarmann**
í vélsmiðju. Upplýsingar í síma 897 2206.

## Atvinna óskast

2 smiðir óska eftir vinnu. Vanir gips, parketi o.fl. Vilja mikla vinnu. S. 661 3537.

# TILKYNNINGAR

## Fundir

**Skyggnilýsingarfundur**
**Með skúla Lorenz miðvikudaginn 13.09 kl. 19.30. Húsið opnar kl. 19. Verð 1500 kr.**
**Kærleikssetrið Álfabakka 12 s. 567 5088.**

## Ýmislegt

**Engar skuldir - Hærri tekjur**
Skoðaðu Magnad.com og lærðu að skapa þér þær tekjur sem þú vilt - heima hjá þér!

## Einkamál




Ert þú karlmaður? Viltu láta dekra við þig? Hafðu samband í síma 869 6914.

Maður um 50 í góðu lagi óskar eftir ad kynnast konu á aldrinum 30-45 má vera af erlendu bergi brotin sem hefur áhuga á dýrum og útivist ekki verra ef að mynd fylgir svör sendist fréttablaðinu merkt 1905 eða malverk@visir.is




## TIL SÖLU









RE/MAX

**HÚSIÐ FASTEIGNASALA**

**Suðurlandsbraut 50**
(Bláu húsin við Faxafen)
**Sími: 513-4300**
**www.hudid.is**
Vilhjálmur Bjarnason - Lögg. fast.sali

## Grundarhóll, Mógilsá við Esju – 116 Reykjavík





- Glæsilegt sveitasetur á einu besta bæjarstæði Reykjavíkur.
- Einstakt tækifæri til að eignast einbýli sem er í friðuðu landi.
- Stórglæsilegt 302,8 fm 9 herb. einbýli á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr
- Möguleiki á að stækka eignina.
- Innréttingar, gólfefni og hurðir eru af vönduðustu gerð.
- Góð lóð með fótboltavelli, gróðurhúsi, tjörn, lækjum, brú, sólskála og fleiru.
- Sólrík verönd sem er stór og góð með heitum potti.
- Gott útsýni og sterk tenging við náttúruna en í nálægð við borgina.

Frum

**GARÐABÆR**
www.gardabaer.is

## Leikskólar Garðabæjar

### Leikskólasérkennarar og þroskaþjálfar

Í boði eru áhugaverð störf í góðum leikskólum. Leikskólar Garðabæjar eru þekktir fyrir sterkt faglegt starf og góðan starfsanda.

Leitað er að leikskólasérkennurum, þroskaþjálfum eða fólki með aðra uppeldismenntun

Umsóknarfrestur er til 17. september nk.

Upplýsingar veita Margrét H. Þórarinsdóttir, sérkennslufulltrúi leikskóla, mh@gardabaer.is og Anna Magnea Hreinsdóttir, leikskólafulltrúi, annah@gardabaer.is í síma 525 8500

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Launanefndar sveitarfélaga við viðkomandi stéttarfélag.

*Deildarstjóri skóladeildar*

Fræðslu- og menningarsvið

# Bifreiðaumboðið B&L

## ...leitar að starfsmönnum



### Sölumaður varahluta

Starfssvið
Sala varahluta
Ráðgjöf

Hæfniskröfur
Þekkingu á bílum
Hagnýta reynslu
Lipurð í mannlegum samskiptum
Stundvísi
Helst reyklaus

### B&L Bílaspítalinn Hafnarfirði

Starfssvið
Bílasmíði

Hæfniskröfur
Lærður bifreiðasmiður
Lipurð í mannlegum samskiptum
Stundvísi
Helst reyklaus

### B&L fólksbílaverkstæði

Starfssvið
Viðgerðir á fólksbílum

Hæfniskröfur
Lærður bifvélavirki
Lipurð í mannlegum samskiptum
Stundvísi
Helst reyklaus

*Umsækjendur verða að geta hafið störf sem allra fyrst. Áhugasömum er bent á að senda greinargóðar upplýsingar um menntun og fyrri störf til B&L, annað hvort í pósti eða tölvupósti á netfangið bjarnib@bl.is. Umsóknir þurfa að berast fyrir 17. september nk. Umsækjendum er heitið fullum trúnaði og verður öllum starfsumsóknum svarað.*

**B&L er eitt stærsta og virtasta bifreiðaumboð landsins, stofnað árið 1954.**
Fyrirtækið er umboðsaðili fyrir bílaframleiðendurna Hyundai, Renault, BMW, Land Rover og einnig Arctic Cat vélsleða. B&L er einn stærsti söluaðili atvinnubíla á landinu. Meginmarkmið B&L er að veita vandaða og trausta þjónustu á öllum sviðum bifreiðaviðskipta og rekur fyrirtækið í því skyni öfluga starfsmannastefnu.
Alls starfa 115 manns hjá fyrirtækinu.

Með bílinn handa þér

VR FYRIRMYNDAR FYRIRTÆKI 2006

**B&L var í 9. sæti í Fyrirtæki ársins,** árlegri könnun sem VR gerir meðal félagsmanna sinna og er því meðal fyrirmyndarfyrirtækja ársins 2006. B&L, sem er í flokki stærri fyrirtækja, var í 14. sæti í síðustu könnun og hefur því hækkað sig um 5 sæti á milli ára. **Þá reyndist B&L jafnframt vera með bestu niðurstöðuna, í samanburði við önnur bílaumboð í flokki stærri fyrirtækja. Það umboð sem kom næst B&L var í 16. sæti.**

**B&L, Grjóthálsi 1, 110 Reykjavík, sími: 575 - 1200, www.bl.is**

HYUNDAI - RENAULT - BMW - LAND ROVER - RENAULT TRUCKS - IRISBUS - ARCTIC CAT

Það er gott að búa á austurlandi



# Melgerði 7, Reyðarfjörður.

TIL SÖLU & LEIGU





## 2., 3. og 4. herbergja íbúðir

Íbúðirnar eru á besta stað í bænum, steinsnar frá þjónustukjarna bæjarins. Góðar svalir fylgja öllum íbúðum, með einstöku útsýni. Íbúðirnar afhendast tilbúnar án gólfefna. Eldhúsinnréttingar eru úr eik, góðir skápar eru í herbergjum & anddyri. Hjóla og vagna-geymsla er á jarðhæð, og geymslur fyrir hverja íbúð. Íbúðirnar verða afhentar kaupendum á árinu 2006 og 2007

FFA og fasteignasalar veita allar frekari upplýsingar.

2 herb. verð frá KR. 12.950.000*

3 herb. verð frá KR. 16.550.000*

4 herb. verð frá KR. 18.750.000*

* Verðlisti miðaður við vísitölu byggingarkostnaðar fyrir mars 2006 (325,3)





ffa FASTEIGNAFÉLAG AUSTURLANDS
567 3400

HÖLL Tákn um traust
475 8000

Nánari upplýsingar á netinu: **www.nmedia.is/ffa**

Fasteignafélag Austurlands ehf. · Melgerði 7 · 730 Reyðarfjörður · Sími: 567-3400 · GSM: 896-8934

# GARÐABÆR
www.gardabaer.is

## Garðaskóli
## Þroskaþjálfar og kennarar

**Áhugaverð störf í góðum skóla**

**Þroskaþjálfi**
Laust er 75-100% starf með fötluðum nemanda.
Leitað er að aðila með uppeldismenntun svo sem þroskaþjálfa eða BA í sálfræði.

**Sérkennari**
Laust er 75-100% starf sérkennara/kennara við sérkennslu.

Umsóknarfrestur er til 17. september nk.

Umsóknir berist skólastjóra, Ragnari Gíslasyni, sem veitir upplýsingar í síma 590 2500 eða ragnar@gardaskoli.is. Einnig er hægt að sækja um á vef Garðabæjar, www. gardabaer.is

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Launanefndar sveitarfélaga við viðkomandi stéttarfélag.

*Deildarstjóri skóladeildar*

Fræðslu- og menningarsvið



RE/MAX HEIMILI OG SKIP

## Sölufulltrúar óskast

Remax heimili og skip óska eftir 2—3 reyndum sölufulltrúum til starfa ásamt starfandi sölufulltrúum í nýju útibúi miðsvæðis í Reykjavík. Áhugasamir sendi inn umsókn í gegnum tölvupóst: stefanp@remax.is eða pantið viðtal hjá Huldu í síma 420 0800.



## VIÐ HEFJUM UPP RAUST Á NÝ

Karlakór Reykjavíkur getur bætt við mönnum í allar raddir.
Raddpróf fara fram á næstu dögum.
Efnilegir söngmenn geta skráð sig á www.kkor.is
fyrir 15. september n.k. Spennandi vetrarstarf framundan

Nánari upplýsingar í síma 862-5044 eftir kl. 17.00.

**KARLAKÓR REYKJAVÍKUR**



MS REYKJAVÍK

## MS Reykjavík leitar að dugmiklum og drífandi starfsmanni í áfyllingar.

Starfið felst í röðun á vöruflokkum MS í verslunum auk annarra tilfallandi verkefna.

Áhersla er lögð á frumkvæði, áreiðanleika og þjónustulipurð auk sjálfstæðra vinnubragða og samstarfshæfni.
Í boði er starf hjá traustu fyrirtæki í góðu umhverfi.
Nánari upplýsingar veitir sölustjóri í síma 569-2273.

Umsóknir berist til starfsmannasviðs MS , Bitruhálsi 1, 110 Reykjavík eða á netfangið starfsmannasvid@ms.is, í síðasta lagi 18. september n.k.



VERKTAKAR MAGNI

## Vantar verkamenn til starfa strax

**Upplýsingar gefur Sölvi í síma 660-6100 eða 545-1805.**



Skipulags stofnun

## Efnistaka við Eyvindará, Fljótsdalshéraði

**Mat á umhverfisáhrifum - Álit Skipulagsstofnunar**

Skipulagsstofnun hefur gefið álit sitt um mat á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106/2000 m.s.b. Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð efnistaka við Eyvindará, Fljótsdalshéraði, allt að 410.000 m³ af um 260.000 m² svæði á 30 árum, eins og hún er kynnt í matsskýrslu sé ásættanleg og muni ekki valda verulega neikvæðum og óafturkræfum sjónrænum áhrifum og áhrifum á laus jarðlög, gróður, fugla, neysluvatn, útivist og ferðaþjónustu að uppfylltum tveimur skilyrðum.

Álitið í heild liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Álit Skipulagsstofnunar og matsskýrsla Fljótsdalshéraðs er einnig að finna á heimasíðu stofnunarinnar: **www.skipulag.is.**

**Skipulagsstofnun**



*... í öruggum höndum*

Gunnar Sv. Friðriksson hdl. löggiltur fasteigna- og skipasali
*Traust og góð þjónusta • Örugg skjalagerð • Vel heppnuð fasteignaviðskipti*

# FASTEIGNASTOFAN
## Fjarðargötu 19 — 565 5522
Opið: mán-fim 9-18 og fös 9-17



**FASTEIGNASTOFAN, FJARÐARGÖTU 19, ER MEÐ OPIÐ HÚS OG KYNNINGU Á EFTIRTÖLDUM EIGNUM Í DAG MILLI KL. 17.00 – 19.00 Á VÖLLUNUM Í HAFNARFIRÐI.**




Frum

**AKURVELLIR 1 – 3JA OG 4RA HERBERGJA ÍBÚÐIR:**
Í sölu glæsilegt 4ra hæða fjölbýli með 3ja og 4ra herb. íbúðum - 16 íbúðir alls. Einungis 4 íbúðir á palli og því allar íbúðir hornibúðir. Mjög skemmtileg hönnun og góð nýting á fermetrum. **Einungis ein 3ja herbergja íbúð eftir og átta 4ra herbergja íbúðir.** Íbúðirnar verða tilbúnar til afhendingar við kaupsamning.




**KIRKJUVELLIR 3 – 3JA OG 4RA HERBERGJA ÍBÚÐIR:**
Í smíðum glæsilegt 7 hæða lyftufjölbýli með 27 íbúðum á góðum stað á Völlunum, 3ja og 4ra herb. íbúðir. Íbúðirnar skilast fullbúnar skv. skilalýsingu. Mjög góð hönnun á íbúðunum, einungis fjórar íbúðir á palli og því **allar íbúðir hornibúðir** og því mjög bjartar. Rúmgóðar **L svalir með öllum íbúðum.**




**KIRKJUVELLIR 5 – EINUNGIS ÞRJÁR 4RA HERBERGJA ÍBÚÐIR EFTIR:**
Í smíðum mjög gott 6 hæða lyftufjölbýli. 4 íbúðir á hæð. Mjög bjartar og vel skipulagðar íbúðir. Íbúðirnar skilast fullbúnar að utan og einnig að innan fyrir utan gólfefni. Vandaðar innréttingar og tæki
**Íbúðirnar eru tilbúnar til afhendingar.**

**Sölumenn Fasteignastofunnar verða á staðnum með teikningar af eignunum.**

**www. fasteignastofan. is ◆ Sími 565 5522**

# STAÐURINN: FIMMVÖRÐUHÁLS

Fimmvörðuháls, sem er milli Eyjafjallajökuls og Mýrdalsjökuls, er ein allra vinsælasta gönguleið landsins. Leiðin er um 22 km löng og hækkun um þúsund metrar. Á hálsinum er nýlegur skáli ferðafélagsins Útivistar. Baldvinsskáli er verr farinn en hann er rétt sunnan við hálsinn. Þrátt fyrir það er hann mikið notaður af göngufólki sem áningarstaður. Leiðin er sérstaklega fögur ef gengið er frá suðri til norðurs enda mikið af vatnsföllum í Skógá og útsýn falleg niður í Þórsmörk þegar komið er yfir hálsinn. Jöklarnir ná saman á hálsinum svo gengið er að nokkru leyti í snjó. Ásamt kjarrlendi Þórsmerkur og grösugum heiðunum sunnan til gerir það að verkum að leiðin er mjög fjölbreytt, en getur þó einnig verið varasöm því skjótt skipast veður í lofti í nálægð við jökla.

http://is.wikipedia.org



Fimmvörðuháls. Jónsmessuganga með Útivist.


gítar
www.gitarskoli-olgauks.is
skóli ólafs gauks

Innritun í símum 588-3630 og 588-3730, eða í skólanum að Síðumúla 17, tölvupóstur: ol-gaukur@islandia.is Í boði er fjölbreytt nám með **vönduðu námsefni** fyrir alla aldursflokka, bæði byrjendur og þá sem kunna eitthvað fyrir sér. Nánari upplýsingar um skólann og námsleiðir er að fá á heimasíðunni: www.gitarskoli-olgauks.is eða í skólanum á innritunartíma, en innritað er alla virka daga kl. 14:00 til 17:00.

588-3630
588-3730

Hægt að fá leigða HEIMAGÍTARA kr. 3500 á önn

Heimasíða: www.gitarskoli-olgauks.is

GAUKUR – GUTENBERG

INNRITUN DAGLEGA KL. 14-17



CITROËN

Berlingo Van 1,4 75 hö. 5 gíra*
Tilboð dagsins án vsk. 1.168.700 kr.
Fjármögnunarleiga: 20% útborgun, 60 mán.
Mánaðargreiðsla án vsk. 17.834 kr.
Rekstrarleiga 39 mán og 75.000 km. akstur.
Mánaðargreiðsla án vsk. 22.289 kr.



# Betri kjör á fjármögnun

Við erum sjálfselsk hjá Citroën. Þær tilfinningar sem fylgja því að hafa tekist að gera enn betur í dag en í gær gefur okkur þann drifkraft fyrirtækjaþjónusta Citroën stendur fyrir. Í það minnsta finnst okkur það.

**Enn meira fyrir enn minna**

Hagstæðari samningar við framleiðanda; enn betri kjör, enn betri þjónusta og sérútbúnir atvinnubílar fyrir íslensk fyrirtæki styrkir okkur í því að samvinna við aðra og stöðug hugmyndaleit borgar sig alltaf. Komdu í dag.

Samvinna við SP-Fjármögnun borgar sig. Nú getum við boðið betri kjör í þeirra nafni. Komdu endilega til okkar í Brimborg, Bildshöfða 8 og skoðaðu hvað við getum boðið þér. Kynntu þér kosti og hagkvæmni samvinnu við okkur.

Citroën Berlingo

**Dæmi um tilboð sem við gátum ekki boðið í gær**
- Betri kjör á fjármögnun frá SP-Fjármögnun
- Hundrað þúsund krónur í beinan afslátt
- Fimmtán þúsund fleiri kílómetrar veljir þú rekstrarleigu
- Mun betri kjör á fjármögnunarleigu
- Mun betri kjör á rekstrarleigu
- Aðeins tuttugu prósent útborgun veljir þú fjármögnunarleigu
- Betri þjónustu í dag en í gær

SP-FJÁRMÖGNUN HF.

*SP-Fjármögnun býður í enn betri fjármögnun á Citroën Berlingo*

Berlingo Van 2,0 HDi 90 hö. 5 gíra*
Tilboð dagsins án vsk.1.317.300 kr.
Fjármögnunarleiga: 20% útborgun, 60 mán.
Mánaðargreiðsla án vsk. 20.163 kr.
Rekstrarleiga 39 mán og 75.000 km. akstur.
Mánaðargreiðsla án vsk. 24.997 kr.



**Dæmi um staðalbúnað í Citroën:**
- Meiri burðargeta: 800 kg
- Hliðarhurðir beggja vegna með lokunarvörn
- 180 gráðu opnun á afturhurðum
- Topplúga fyrir lengri hluti
- Hiti í sætum
- Geislaspilari með útvarpi og fjarstýringu við stýri
- Rafdrifnar rúður
- Fjarstýrð samlæsing
- Fellanlegt framsæti farþega með borði og geymsluhólfi

**Þetta tilboð gildir meðan birgðir endast.**

GCI ALMANNATENGSL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL

Aflaðu þér frekari upplýsinga www.citroen.is

# Enn meira fyrir enn minna



Sífellt fleiri Íslendingar velja Citroën. Sérstök hönnun, framúrskarandi tækni og mikil eftirspurn á endursölumarkaði tryggja gæði og hagkvæmni Citroën. Skoðaðu súlumyndina hér til hægri og þú sérð að fleiri og fleiri Íslendingar velja Citroën.



brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.citroen.is



allt
matur
Alla föstudaga








Hringdu í 550 5000 ef blaðið berst ekki

FRÉTTABLAÐIÐ
- mest lesið

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 6.101 **+0,10%** **Fjöldi viðskipta:** 348 **Velta:** 7.980 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| Landsbankinn | +1,17% | Tryggingamiðstöðin | -3,62% |
| Atorka | +0,79% | Avion | -1,21% |
| Straumur-Burðarás | +0,60% | Bakkavör | -0,91% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 64,80 -0,31% ... Alfesca 4,77 +0,42% ... Atlantic Petroleum 572,00 +0,00% ... Atorka 6,35 +0,79% ... Avion 32,80 -1,21% ... Bakkavör 54,30 -0,91% ... Dagsbrún 4,91 -0,81% ... FL Group 20,50 +0,00% ... Glitnir 19,80 +0,00% ... KB banki 833,00 +0,00% ... Landsbankinn 25,90 +1,17% ... Marel 77,50 -0,64% ... Mosaic Fashions 17,90 +0,56% ... Straumur-Burðarás 16,80 +0,60% ... Össur 120,00 +0,00%

viðskipti
Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Mosaic yfirtekur Rubicon

Mosaic Fashions hefur nú lokið áreiðanleikakönnun á bókum bresku smásölukeðjunnar Rubicon Retail og hefur skrifað undir bindandi samning þess efnis að kaupa öll hlutabréf í keðjunni. Heildarvirði viðskiptanna er um 320 milljónir punda, sem jafngildir um 43 milljörðum íslenskra króna.

Til þess að samningurinn geti gengið í gegn er nú beðið samþykkis hluthafa og breskra samkeppnisyfirvalda. Í fréttatilkynningu frá Mosaic Fashions segir að því verði væntanlega lokið innan 45 daga frá undirskrift samningsins og verður kallað til hluthafafundar hjá Rubicon Retail innan skamms.

Rubicon rekur meðal annars Shoe Studio, sem hefur mörg þekkt vörumerki á sínum snærum, auk kvenfatamerkjanna Warehouse og Principles. Með samruninum verður til ein stærsta kvenfatasmásölukeðja Bretlandseyja, með um 1.700 verslanir í 27 löndum. Áætlað er að heildarársvelta sameinaðs félags verði um 818 milljónir punda, sem nemur um 110 milljörðum íslenskra króna. - hhs



**DEREK LOVELOCK** Derek er forstjóri Mosaic Fashions, en fyrirtækið hefur nú lokið áreiðanleikakönnun á Rubicon Retail.

# Horfa til OMX

Viðræður eru sagðar hafnar um hugsanleg kaup bandaríska verðbréfamarkaðarins Nasdaq á OMX-markaðnum, sem rekur kauphallir í Stokkhólmi, Helsinki, Kaupmannahöfn og Eystrasaltslöndunum.

Ekki eru taldar líkur á að af kaupum verði fyrr en Nasdaq hefur tekið ákvörðun um næstu skref varðandi Kauphöllina í Lúndunum en Nasdaq hefur átt rétt rúman fjórðung bréfa í henni síðan á vordögum þessa árs.

Lundúnakauphöllin hafði einnig áhuga á samruna við OMX í fyrra, en þær viðræður runnu út í sandinn í nóvemberlok þegar Lundúnakauphöllin varðist óvinveittri yfirtöku ástralska fjárfestingarbankans Macquarie. - jab



**HANNES SMÁRASON, FORSTJÓRI FL** Kaupir fyrir um 2,2 milljarða í FL Group.

# Hannes kaupir í FL Group

Hannes Smárason, forstjóri FL Group, hefur aukið hlut sinn í FL um tæp 1,5 prósent í gegnum eignarhaldsfélagið Oddaflug. Nam fjárhæð viðskiptanna um 2.350 milljónum króna.

Hlutabréf í FL hækkuðu um tæp tólf prósent á föstudaginn í síðustu viku í miklum viðskiptum. Má reikna með að Oddaflug hafi átt bróðurhlutann í þeim viðskiptum og hreyft við gengi bréfanna.

Félag Hannesar er eftir sem áður stærsti hluthafinn í FL með um fimmtungshlut af heildarhlutafé.

Greiningardeild KB banka gagnrýndi í gær kaup Hannesar og sagði óheppileg þar sem stutt væri í að niðurstaða uppgjörs þriðja ársfjórðungs lægi fyrir innan félagsins. Að auki gætu nú legið fyrir einhverjar viðkvæmar upplýsingar um stöðu og fyrirætlan varðandi skráningu Icelandair Group í Kauphöllina. - eþa



**OLÍUVINNSLUSTÖÐ** Ekki er búist við að OPEC geri breytingar á olíuframleiðslu fyrr en í fyrsta lagi á næsta ári.

# Óbreytt olíuframleiðsla

Fulltrúar aðildarríkja OPEC, samtaka olíuútflutningsríkja, samþykki á fundi sínum í gær að halda olíuframleiðslu óbreyttri þrátt fyrir að hætta sé á að hátt olíuverð geti dregið úr hagvexti. Hins vegar var haldið þeim möguleika opnum að draga úr framleiðslunni síðar á árinu.

Aðildarríki OPEC eru 11 talsins en þau framleiða 28 milljón tunnur af hráolíu á degi hverjum.

Verð á olíu fór hæst í rúma 78 dali á tunnu um miðjan júlí og hafði olíuverð aldrei verið hærra. Verðið hefur lækkað talsvert síðan og stendur nú í tæpum 64 dölum á tunnu. Slíkt verð hefur ekki sést síðan í mars á þessu ári. - jab

MARKAÐURINN



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000




Þú getur fengið Hár Spa þjónustu hjá eftirfarandi fagfólki en það hefur sótt námskeið og getur því veitt þér þessa einstöku meðferð:

Unique, 105 RVK, s: 552 6789. Sæunn, Jóa, Jógvan, Una, Hrafnhildur, Elsa.

Prima Donna, 108 RVK, s: 588 5566. Arna Björk, Bella.

Gel Hárstofa, 101 RVK, s: 551 7733, Anna.

Hár Fókus, 108 RVK, s: 568 2240 Elín, Brynja, Magdalena.

Hármiðstöðin, 104 RVK,s: 568 2720 Dagný, Saga.

Hárhönnun, 101 RVK, s: 551 3130 Þórhildur/Tóta.

Hárgr.st. Margrétar, 550 Sauðárkrókur, s: 453 5609, Margrét, Auður.

Samson,603 Akureyri, s: 462 7044 Hildur, Hólmfríður.

Kritik, 800 Selfoss, s: 482 4141 Þóra Valdís.

Vif, 300 Akranes, s: 431 1114 Elísabet.

Lokkar og Línur, 230 Keflavík, s: 421 4585, Thelma.



*Ástkær eiginkona mín, móðir, stjúpmóðir, tengdamóðir, dóttir og amma,*

**Anna Hafsteinsdóttir**

Brekkuskógum 1, Álftanesi,

lést á Líknardeild Landspítalans laugardaginn 9. september.

**Ársæll Karl Gunnarsson**
**Gunnar Karl Ársælsson** **Sigurlaug Sverrisdóttir**
**Sólrún Ársælsdóttir** **Ingólfur V. Ævarsson**
**Ingibjörg Birna Ársælsdóttir**
**Rakel Ársælsdóttir** **Rúnar Snæland Jósepsson**
**Ingibjörg B. Þorláksdóttir** **Hafsteinn Sigurþórsson**
**og barnabörn.**



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,*

**Sólveig Guðmundsdóttir**

Hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð, Kópavogi, áður til heimilis að Álfhólsvegi 38, Kópavogi,

lést fimmtudaginn 7. september, 2006.
Jarðarförin auglýst síðar.

**Örn Óskarsson** **Annakarin Wallin**
**Rós Óskarsdóttir** **Helgi Helgason**
**Ásdís Óskarsdóttir** **Jón Hermannsson**
**Ævar Óskarsson**
**Steinunn B. Valdimarsdóttir**
**Kjartan Valdimarsson** **Þóra Grímsdóttir**
**Brynjar Valdimarsson** **Sunneva Hafsteinsdóttir**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.**



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Valgerður Einarsdóttir**

Hrafnistu, Reykjavík, áður til heimilis að Gullsmára 10, Kópavogi,

sem lést á Landspítalanum Fossvogi þriðjudaginn 5. september, verður jarðsungin frá Kópavogskirkju miðvikudaginn 13. september kl. 15.00.

**Gylfi Norðdahl**
**Guðbjörg Haraldsdóttir** **Thorbjorn Nilson**
**Pálína Ósk Haraldsdóttir** **Þórarinn Óskar Þórarinsson**
**Helga Haraldsdóttir** **Kristján Björnsson**
**Sigríður Haraldsdóttir** **Óskar Jóhann Björnsson**
**Anna María Haraldsdóttir**
**Auður Haraldsdóttir** **Rúnar Birgir Sigurðsson**
**ömmubörn og langömmubörn.**



*Elskulegi faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Egill Hjartarson**

andaðist á Droplaugarstöðum laugardaginn 9. september.

**Hjörtur Egilsson** **Erna Hannesdóttir**
**Kristín Egilsdóttir** **Þorsteinn Aðalsteinsson**
**Finnur Egilsson** **Guðbjörg Einarsdóttir**
**Ingunn Egilsdóttir**



*Ástkær móðir okkar,*

**Lena Berg**

Hlíðargötu 62, Fáskrúðsfirði,

lést á hjúkrunarheimilinu Uppsölum 7. sept. síðastliðinn.
Jarðarförin auglýst síðar.

**Eiríkur Stefánsson**
**Rúnar Stefánsson**
**Gestur Stefánsson**
**Sigurður Stefánsson**

**JESSE OWENS FÆDDIST Á ÞESSUM DEGI ÁRIÐ 1913.**

*„Verðlaunagripir eyðast með tíð og tíma en vinir safna ekki ryki."*

***Bandaríski hlaupagarpurinn Jesse Owens bauð nasistum birginn þegar hann vann fjögur gullverðlaun á Ólympíuleikunum í Berlín 1936.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 12. SEPTEMBER 1940

## *Steinristur finnast*

Á þessum degi árið 1940 eltu fjórir unglingar hund inn um þröngan hellismunna nærri Montignac í Frakklandi. Þar beið þeirra ótrúleg sjón; fimmtán til sautján þúsund ára gamlar veggmyndir af ýmsum dýrum. Myndskreytingarnar eru eitt besta dæmi sem til er um listaverk frá fyrri hluta steinaldar.

Lascauz-hellirinn sem myndirnar fundust í er tuttugu metra breiður og fimm metrar á hæð. Veggina skreyta um sex hundruð myndir af dýrum og táknum og um fimmtán hundruð bergristur. Myndirnar af dýrunum eru ótrúlega nákvæmar. Þar má líta hesta, dádýr, hirti, naut og einnig goðsagnakenndar verur. Aðeins er mynd af einni mannveru og er hún með fuglshaus og reistan getnaðarlim.

Fornleifafræðingar telja að hellirinn hafi verið notaður sem miðstöð veiði- og trúarlegra athafna í langan tíma.

Lascauz-hellirinn var opnaður almenningi árið 1948 en honum var lokað árið 1963 af því að birtan frá lýsingunni hafði deyft liti myndanna og orðið til þess að þörungar höfðu sest á nokkrar þeirra. Eftirmynd var gerð af hellinum þar í grenndinni og opnuð almenningi árið 1983.

ÍSLENSKAR BÓKMENNTIR: SAGAN Í FIMM BINDUM

# Framhald eftir þrjú hundruð ár



**PÁLL OG ÞORGERÐUR** Páll Valsson, útgáfustjóri Eddu, afhenti Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur menntamálaráðherra, fyrstu eintök Íslenskrar bókmenntasögu IV og V í menntamálaráðuneytinu í gær.

„Það eru vissulega gleðileg tíðindi þegar þetta hafðist loksins," segir Guðmundur Andri Thorsson, bókmenntafræðingur og rithöfundur, en hann ritstýrði fjórða og fimmta bindi Íslenskrar bókmenntasögu sem kom út hjá Máli og menningu í gær, nema síðasta kaflanum sem fjallar um sagnagerð eftir 1970.

Íslensk bókmenntasaga Máls og menningar telur nú fimm vegleg bindi sem saman mynda ítarlegasta yfirlitsrit um íslenska bókmenntasögu sem komið hefur út á íslensku.

Fyrsta bindið kom út árið 1992 en þar voru íslenskar miðaldabókmenntir teknar fyrir og nú, fjórtán árum síðar, eru íslenskum samtímabókmenntum gerð skil í fimmta bindi.

„Nálægðin í tíma er vitaskuld farin að trufla okkur þegar hér er komið sögu, yfirsýnin minnkar eftir því sem líður á 20. öldina og hætt við að sumir höfundar séu hér vanmetnir eða ofmetnir," segir Guðmundur Andri og undirstrikar að með fimmta bindinu sé því ekki verið að fella „neinn stóra dóm" yfir æviverki samtímahöfunda.

Fimmta bindið fyllir þó engu að síður upp í ákveðið tómarúm þar sem haldgott yfirlit yfir bókmenntir síðustu áratuga nýliðinnar aldar hefur ekki verið aðgengilegt hingað til. „Það hafa verið skrifuð drög að bókmenntasögu 20. aldarinnar, til dæmis í verkum Kristins E. Andréssonar og Stefáns Einarssonar, en þau skrif ná ekki nema fram á miðja síðustu öld."

Rétt eins og í fyrri bindunum leggur hópur fræðifólks hönd á plóginn en í hópi þeirra sem eiga efni í nýju bókunum tveimur eru auk Guðmundar Andra, Árni Ibsen, Dagný Kristjánsdóttir, Jón Yngvi Jóhannsson, Magnús Hauksson, Árni Sigurjónsson, Magnús Þór Þorbergsson, Halldór Guðmundsson, Margrét Tryggvadóttir, Silja Aðalsteinsdóttir og Matthías Viðar Sæmundsson.

„Þetta er fríður flokkur fræðimanna og ég gerði varla annað en að taka við þessum frábæru ritgerðum, lesa þær yfir og búa til prentunar," segir Guðmundur Andri. „Ég er til dæmis svo eitthvað sé nefnt afskaplega ánægður með hvernig Dagný skrifar um Þórberg Þórðarson og ég held að sá kafli eigi eftir að vekja athygli og sýna Þórberg í nýju ljósi." Þá segir Guðmundur Andri mikinn feng vera í ritgerð Matthíasar Viðars, heitins, sem fjallar um módernismann í íslenskum bókmenntum í fimmta bindinu.

Tuttugasta öldin er öld Halldórs Laxness í íslenskum bókmenntum og hann er að sjálfsögðu áberandi í báðum bindunum. „Laxness gengur í gegnum þetta allt og ferli hans er fylgt í samhengi við annað sem var að gerast í íslenskum bókmenntum og þjóðlífi frekar en að hann sé afgreiddur á einum stað í eitt skipti fyrir öll."



**GUÐMUNDUR ANDRI THORSSON** „Þetta er skrifað á ljósu og lipru máli og það er ekkert þarna sem ætti að vefjast fyrir fólki."

Bindin fimm rekja sem fyrr segir sögu íslenskra bókmennta frá öndverðu til okkar daga, allt frá Hávamálum til Hallgríms Helgasonar þannig að segja má að með útgáfu gærdagsins séum við komin aftur á byrjunarreit. Þegar Guðmundur Andri er spurður hvort nú sé ekki rétt að bíða í svona þrjú ár áður en tekið sé til við sjötta bindi segir hann að nær sé kannski að bíða í svona 300 ár.

**thorarinn@frettabladid.is**



*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Ólafur Lúter Kristjánsson**

tónlistarkennari, Eyjabakka 5, Reykjavík,

varð bráðkvaddur föstudaginn 8. september.
Jarðarförin auglýst síðar.

**Kolbrún Kristín Ólafsdóttir** **Pétur Jökull Hákonarson**
**Kristján Björn Ólafsson** **Pála Kristín Ólafsdóttir**
**Erna Ólína Ólafsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Þakka hlýhug og samúð vegna fráfalls móður minnar*

**Ingunnar Sveinsdóttur**

Norður-Fossi, Mýrdal.

**Guðmundur Arason**



*Maðurinn minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Einar Sigurjónsson**

hárskerameistari, Sólvangsvegi 3, Hafnarfirði, (Einar rakari)

lést á Sólvangi sunnudaginn 10. september.
Útförin fer fram frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði þriðjudaginn 19. september kl. 13.00.

**Bryndís Elsa Sigurðardóttir**
**Steinþór Einarsson** **Sylvie Primel**
**Guðný Elísabet Einarsdóttir** **Einar Eyjólfsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

veidihornid.is

Hafnarstræti 5 - Sími 551 6760 • Síðumúli 8 - Sími 568 8410

VEIÐIHORNIÐ




**12 skeljar í kassa. 8 á beit, 2 í hvíld og 2 á verði. Festijárnin fylgja með.**

**Aðeins 7.995 fyrir 12 gæsir og festijárn**

**Einnig álftir á aðeins 2.195 • flotgæsir aðeins 1.595 • gerviendur aðeins 595, stél aðeins 495**

**Hvergi betra verð!**



**Aðeins 8.423 á mánuði.**

## Beretta ES 100 Standard White

Þrengingar og ólarfestingar fylgja.

**Staðgreitt aðeins 89.900 eða aðeins 8.423 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust**



**Aðeins 7.906 á mánuði.**

## Beretta ES 100 Synthetic White

Þrengingar og ólarfestingar fylgja.

**Staðgreitt aðeins 84.900 eða aðeins 7.906 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust**



**Aðeins 7.560 á mánuði.**

## Beretta ES 100 Synthetic Black

Þrengingar og ólarfestingar fylgja.

**Staðgreitt aðeins 81.900 eða aðeins 7.560 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust**



**Sellier & Bellot gæsaskot.**

Veiðihornsverð á þessum vinsælu gæsaskotum.

**2 ¾” 42,5gr. hleðsla aðeins 885 pakkinn (25 skot).**

**3” 53gr hleðsla aðeins 1.090 pakkinn (25 skot).**





**Aðeins 5.318 á mánuði.**

## Stoeger Model 2000 Standard

Þrengingar og ólarfestingar. **Staðgreitt aðeins 56.900 eða aðeins 5.318 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust**



**Aðeins 5.835 á mánuði.**

## Stoeger Model 2000 Camo

Þrengingar og ólarfestingar. **Staðgreitt aðeins 61.900 eða aðeins 5.835 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust.**



**Aðeins 5.145 á mánuði.**

## Stoeger Model 2000 Synthetic

Þrengingar og ólarfestingar. **Staðgreitt aðeins 54.900 eða aðeins 5.145 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust**



**Aðeins 3.420 á mánuði.**

## Stoeger P350 Synthetic.

Þrengingar fylgja. **Staðgreitt aðeins 35.900 eða aðeins 3.420 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust.**



**Aðeins 3.765 á mánuði.**

## Stoeger P350 Camo

Þrengingar fylgja. **Staðgreitt aðeins 39.900 eða aðeins 3.765 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust.**



**Uppgefið heildarverð er með staðgreiðsluafslætti**

**3% lántökugjald og færslugjald er innifalið í mánaðagreiðslum.**

**Meira úrval skotvopna er í Veiðihorninu Síðumúla 8**







Bubbi tekur fyrir plötuna
SÓL AÐ MORGNI
og vodafone
Heyrumst!
Miðasala fer fram í verslunum Og Vodafone í Rvk, á www.nasa.is og virka daga kl. 13 - 16 á Nasa. Tónleikarnir hefjast kl. 21, húsið opnar kl 20.
www.nasa.is



## STUÐ MILLI STRÍÐA Breytt heimsmynd hverra?

**FREYR GÍGJA GUNNARSSON** VELTIR 11. SEPTEMBER FYRIR SÉR.



Að morgni þriðjudags fyrir fimm árum breyttist heimsmynd Vesturlandabúa. Óvinurinn hafði fengið andlit miskunnarleysis. Vesturlandabúar telja sig vera heimsborgara sem viti nákvæmlega hvað sé að gerast í heiminum. Í rauninni hefur sannleikanum sem afhjúpar þröngsýni okkar gjarnan verið ýtt til hliðar og ófáir halda því fram að við séum boðberar frelsis og mannréttinda.

Þegar Tvíburaturnarnir hrundu fylltist ég, líkt og velflestir jarðarbúar, hryllingi. Enginn stóð eftir ósnortinn af þeim hildarleik sem sýndur var í beinni útsendingu. Þegar sorgin hafði unnið sitt verk var krafist hefnda. Dauðarefsingartilhneigingin spratt fram í þjóðarsál Bandaríkjamanna og nú skyldu hinir „seku“ fá að kenna á sprengjuárásum. Þeir sem væru á móti því væru óvinir landsins.

Fyrst var það Afganistan sem skyldi sprengt aftur í fornöld. Afleiðingar þessara árása eru að koma í ljós fimm árum síðar; hungursneyð fólksins í landinu og vaxandi styrkur talíbana. Áhyggjur okkar eru hins vegar bundnar við hækkandi olíuverð.

Næst var það Írak, sem herskái forsetinn taldi sannað að styddi hryðjuverkamenn og byggi jafnvel yfir gjöreyðingarvopnum. Nýleg skýrsla hefur hins vegar sýnt að Saddam Hussein var vissulega illa við Bandaríkin en studdi hvorki Osama né átti öflugar sprengjur. Íran er nýjasta fórnarlambið, árás á landið er alls ekki útilokuð. Leynifangelsi eru til og Guantanamobúðirnar eru eitt mesta mannréttindabrot sem framið hefur verið af vestrænni þjóð. Við stöndum hjá og styðjum athæfið með þögninni.

Heimsmynd Vesturlandabúa breyttist þennan þriðjudag fyrir fimm árum. Við vorum einfaldlega vakin af værum blundi og minnt á að útrás okkar útheimtir líka blóð frá eigin hendi. Heimsmynd þeirra og annarra sem fyrirlíta hið tvöfalda siðgæði þessa heimshluta breyttist hins vegar ekki. Við erum ennþá óvinur númer eitt.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Íslenskt grín of gróft fyrir Kanadamenn

Uppistandsgrínarinn Rökkvi Vésteinsson gerði góða ferð til Kanada í síðasta mánuði þar sem hann tók þátt í og sigraði í fyrstu umferð The Great Canadian Laugh off uppistandskeppninni í Ottawa.

„Keppnin er haldin af Yuk Yuk´s grínklúbbakeðjunni sem er víst ein sú stærsta sinnar tegundar í heiminum,“ segir Rökkvi vígreifur og fullyrðir að hann hafi unnið keppnina með yfirburðum.

Keppnin teygir sig yfir Kanada þvert og endilangt en með sigrinum öðlaðist Rökkvi rétt til að keppa til úrslita í Ottawa í byrjun október. Sigri hann þá umferð kemst hann í landskeppnina þar sem hann mun þá etja kappi við reynda atvinnumenn í gríninu.

„Ég bjó og starfaði í Kanada árið 2005 og byrjaði þá að reyna fyrir mér í uppistandinu og er orðinn sæmilega þekktur í ákveðnum kreðsum í Ottawa og Montreal. Það var síðan svo auðvelt að komast að en eftir að ég samdi sérstakt prógramm fyrir Kanada náði ég eyrum áhorfenda og hef fengið að troða reglulega upp síðan.“

Rökkvi segir það ekki vænlegt til árangurs að flytja íslenskan húmor út hráan þar sem áheyrendur séu miklu viðkvæmari í Kanada en hér heima.

„Ég er miklu grófari á Íslandi en það sem þykir í góðu lagi hér getur stuðað fólk úti. Þar er fólk miklu viðkvæmara fyrir þessu,“ segir Rökkvi sem fór flatt á þessu í frumraun sinni í Kanada þar sem hann talaði eins og hann stæði á sviðinu á Gauknum. „Þegar þetta gerist fer maður bara heim með skottið milli lappanna og hugsar sinn gang sem ég og gerði.“ - þþ



**RÖKKVI VÉSTEINSSON** Hitti í mark hjá kanadískum grínklúbbagestum eftir að hann tónaði sig niður. Nú gerir hann óspart grín að sjálfum sér og smæð íslensku þjóðarinnar með góðum árangri.

# Nóg eftir af sumrinu

**[ TÓNLIST ]**

**UMFJÖLLUN**

Það er aldeilis líf í Stuart Murdoch og félögum hans í Belle & Sebastian. Ég man að minnsta kosti ekki eftir því að þessi sveit hafi hljómað svona hamingjusöm áður. Hún hefur nú svo sem aldrei verið að spila neina jarðarfarartónlist, þvert á móti, en það er vissulega bjartara yfir þessari plötu en yfir seinni tíma verkum þeirra.

Á The Life Pursuit nær sveitin að kristalla allt það sem hefur gert þessa sveit svona vinsæla. Þessi plata er full af lögum sem geisla svo af hamingju að það er auðvelt að gleyma öllum heimsins erjum með þessa tónlist í eyrunum.

Suike In the Graveyard hljómar eins og það gæti verið óður til Davids Bowie, einskonar kvenkynsútgáfa af Ziggy sem spilaði á gítar. Another Sunny Day hljómar eins og það hafi verið samið í grillveislu á sólríkum degi. Dress You Up in You er svo falleg ballaða að hætti Stuarts Murdoch, með kaldhæðnum og fyndnum texta, eitt undarlegasta ástarbréf sem ég hef lesið.

Belle & Sebastian er sveit sem hefur algjörlega náð að þroskast rétt. Byrjuðu sem skólaverkefni sem átti bara að verða stuttlíft, einskonar tilraun til þess að gera tónlist bara ánægjunnar vegna. Þróaðist svo út í það að verða alvöru hljómsveit þar sem egó rákust saman og liðsmenn gáfust upp á leiðinni.

wÍ dag eru línurnar skýrar, og stílinn fullmótaður og ekki annað að heyra nema það sé mikil hamingja á hljómsveitaræfingum. Ég hef ekki haft svona gaman af Belle & Sebastian síðan The Boy With the Arab Strap kom út árið 1998. **Birgir Örn Steinarsson**




**BELLE & SEBASTIAN**

THE LIFE PURSUIT

**Niðurstaða:** Vinir Emilíönu Torrini voru að skila af sér sinni bestu plötu í lengri tíma. The Life Pursuit er full af sólríkum popplögum eins og Belle & Sebastian gera best.



**PAUL MCCARTNEY** Þarf nú að kljást við yfirvöld í Bretlandi vegna lagningu neðanjarðarlestar undir hljóðver hans.

# Í stríð við yfirvöld

Það á ekki af Bítilnum Paul McCartney að ganga. Hann stendur sem kunnugt er í skilnaði við eiginkonu sína, Heather Mills, en nú er hann líka kominn í stríð við yfirvöld í Bretlandi.

Áætlað er að leggja neðanjarðarlest undir hljóðver hans í London. McCartney er hræddur um að hávaði og titringur frá lestinni eyðileggi vinnu í hljóðveri sínu í Soho og hefur sent þingmönnum bréf vegna málsins. Þar krefst hann skaðabáta, gangi lagning járnbrautarinnar eftir.

Þykir þetta mál vekja upp óþægilegar minningar fyrir Paul en Cavern-klúbburinn í Liverpool, þar sem Bítlarnir slógu í gegn, var rifinn og járnbraut lögð í staðinn.

# Grafinn í glerbúri

David Hasselhoff vill láta jarðsetja sig í glerbúri undir Hollywood-stjörnunni sinni þegar hann deyr. Strandvörðurinn fyrrverandi vill ómögulega að fólk gleymi honum þegar hann fer yfir móðuna miklu. „Ég vil vera í glerbúri horfandi upp svo að fólk geti litið niður og séð mig rotna,“ sagði Hoffarinn í léttu gríni.

Hann segist einnig vera með háleitar hugmyndir um hvað eigi að standa á legsteini hans, „Góður vinur, góður faðir. Skemmti sér vel,“ er ein þeirra.



**DAVID HASSELHOFF** Vill láta grafa sig í glerbúri svo að fólk geti séð hann rotna.



**GEORGE W. BUSH** Forseti Bandaríkjanna er myrtur í kvikmyndinni Death of a President.

# Fær góðar viðtökur

Kvikmyndin Death of a President, sem fjallar um það þegar George W. Bush Bandaríkjaforseti er myrtur, fékk góðar viðtökur þegar hún var frumsýnd á kvikmyndahátíðinni í Toronto.

Í myndinni eru alvöru myndir af Bush settar yfir andlit leikara sem er skotinn til bana af leyniskyttu í Chicago árið 2007.

Repúblikanaflokkurinn í Bandaríkjunum hefur gagnrýnt myndina harðlega og segir hana fara langt yfir strikið.

Gabriel Range, leikstjóri myndarinnar, segir að margir hafi dæmt hana fyrir fram. Bætir hann því við að myndin upphefji ekki dauða forsetans. „Það kemur augljóslega fram í myndinni að það yrði hryllilegur atburður,“ sagði Range. „Ég held að enginn myndi fá þá hugmynd að ætla að myrða Bush eftir að hafa horft á þessa mynd.“


Hyundai hefur gæðin



Hyundai er í 3. sæti í nýjustu IQS gæðakönnun J.D. Power, næst á eftir Porsche og Lexus. Þetta er jafnframt þriðja árið í röð sem Hyundai er meðal fremstu bílaframleiðanda heims. IQS könnunin er ein virtasta könnun sinnar tegundar, byggð á svörum rúmlega 63.000 bifreiðareigenda. Það eru því orð að sönnu að Hyundai hafi gæðin.




Með mesta rýmið í sínum flokki



Frá kr. 1.390.000

Getz

- ESP stöðugleikastýring
- ABS bremsujöfnun
- 4 loftpúðar
- Þokuljós að framan
- Litaðar rúður
- CD/MP3 spilari, 4 hátalarar

Nú fáanlegur 2.0 dísel - sjálfskiptur



Frá kr. 2.290.000

SONATA

- ESP stöðugleikastýring
- TCS spólvörn
- ABS með EBD bremsujöfnun
- 6 loftpúðar
- Hiti í framsætum
- 16" álfelgur
- Þvottakerfi fyrir framljós
- ofl.

HYUNDAI hefur gæðin

B&L • Grjóthálsi 1 • 110 Reykjavík • 575 1200 • www.bl.is

Með bílinn handa þér

**!** **Kl. 20.00**
*Ásdís Jónsdóttir mannfræðingur flytur erindi í fyrirlestraröð Mannfræðingafélags Íslands, „Vald, þekking, átök“ í húsakynnum ReykjavíkurAkademíunnar við Hringbraut 121. Erindi Ásdísar nefnist „Sprungið land: vísindi og menning við Kárahnjúka.“*

# menning

menning@frettabladid.is

## Mögulegur ljúgverðugleiki

Hádegisfundaröð Sagnfræðingafélags Íslands hefst á ný í dag. Þema vetrarins er að þessu sinni, „Hvað er sagnfræði? Rannsóknir og miðlun.“ Fyrirlestrarnir verða að venju haldnir hálfsmánaðarlega í Þjóðminjasafni Íslands við Suðurgötu en fram til áramóta munu níu fræðimenn reifa málin þar og fjalla um jafn fjölbreytt efni og sagnfræðirannsóknir í Rússlandi, hvort sagnfræði geti hjálpað fólki að grenna sig og hvort sagan sé bara sjónarmið.

Rithöfundurinn Þórarinn Eldjárn ríður á vaðið og mun í hádeginu í dag flytja erindi sem hann nefnir „Ljúgverðugleiki“. Sögulegar skáldsögur Þórarins hafa fengið góðar viðtökur íslenskra lesenda en hann hefur meðal annars skrifað bækurnar Brotahöfuð og Baróninn en bækur þær vekja fróðlegar spurningar um tengsl skáldskapar og sagnfræði, sannleika og lygi. Mun Þórarinn því velta fyrir sér hvort sögurnar séu trúverðugar eða máski ljúgverðugar?



**ÞÓRARINN ELDJÁRN RITHÖFUNDUR** Ræðir um tengsl skáldskapar og sagnfræði. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Fyrirlestrar Sagnfræðingafélagsins eru öllum opnir og þeir hefjast stundvíslega í sal Þjóðminjasafnsins kl. 12.05.

## > Dustaðu rykið af...

hljómplötunni **Kysstu mig**, betur þekkt sem **Íslensk kjötsúpa**, sem kom út árið 1979. Margir muna hugljúfan texta **Jóhanns G. Jóhannssonar** við þekktasta lag plötunnar en þar heyrist sungið **„ég er matargat, mataragat/ íslensk kjötsúpa er það besta sem ég fæ“**. Fátt yljar jafn vel á nöpru haustkvöldi en íslensk kjötsúpa.







**BROTTNÁMIÐ ÚR KVENNABÚRINU - eftir W. A. Mozart**
**Frumsýning fös. 29. sep. kl. 20**
2. sýn. sun. 1.okt. kl. 20 – 3. sýn. fös. 6. okt. kl. 20 – 4. sýn. sun. 8. okt . kl. 20
5. sýn. fös. 13. okt. kl. 20 - 6. sýn. sun. 15. okt. kl. 20
Kynning fyrir sýningu í boði Vinafélags íslensku óperunnar kl. 19.15

Námskeið um Mozart og Brottnámið úr kvennabúrinu hjá EHÍ hefst 3. október. Skráning í síma 525 4444 – endurmenntun@hi.is

www.opera.is | opera@opera.is | **Sími: 511 4200**

Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga. Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.

ÍSLENSKA ÓPERAN

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ **Þjóðleikhúsið fyrir alla!**

**STÓRA SVIÐIÐ KL. 20:00**

**ELDHÚS EFTIR MÁLI** eftir Völu Þórsdóttur byggt á sögu Svövu Jakobsdóttur.
Sun. 17/9 örfá sæti laus, fös. 22/9. lau. 23/9. Aðeins fáar sýningar í haust.

**FAGNAÐUR** eftir Harold Pinter.
Sun. 24/9 **kl. 21:00** örfá sæti laus, sun. 1/10 **kl. 21:00.** Aðeins fáar sýningar í haust.

**SITJI GUÐS ENGLAR** eftir Guðrúnu Helgadóttur. Leikgerð Illugi Jökulsson.
Frumsýning fös. 29/9 kl. 20:00 uppselt, lau. 30/9 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 1/10 kl. 14:00, fös. 6/10 kl. 20:00, lau. 7/10 kl. 14:00, sun. 8/10 kl. 14:00, lau. 14/10 kl. 14:00, sun. 15/10 kl. 14:00.

**KASSINN KL. 20:00**

**PÉTUR GAUTUR** eftir Henrik Ibsen. Leikgerð Baltasar Kormákur.
Fös. 15/9 uppselt, lau. 16/9 uppselt, sun. 17/9 örfá sæti laus, fim. 21/9 örfá sæti laus, fös. 22/9 örfá sæti laus, lau. 23/9 uppselt, lau. 30/9 uppselt, sun. 1/10 kl. 17:00.

**SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20:00**

**SUMARDAGUR** eftir Jon Fosse.
Fös. 15/9 örfá sæti laus, lau. 16/9, fim. 21/9, sun. 24/9.

Leikhúskjallarinn er opinn fyrir og eftir sýningar.
Nánari upplýsingar og borðapantanir í síma 585 1295

KORTASALAN ER HAFIN! ÁSKRIFTARKORT OG OPIN KORT!
MIÐASALA Á NETINU: WWW.LEIKHUSID.IS
AFGREIÐSLA ER OPIN KL. 12:30-18:00 MÁN.– ÞRI. AÐRA DAGA KL. 12:30-20:00.
MIÐASÖLUSÍMI: 551-1200. SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.

GLEÐILEGT NÝTT LEIKÁR!

**RONJA RÆNINGJADÓTTIR**
Sun 24/9 kl. 14 Lau 30/9 kl. 14
Sun 1/10 kl. 14 Sun 8/10 kl. 14

**VILTU FINNA MILLJÓN?**
Sun 24/9 kl. 20 Lau 30/9 kl. 20
Fös 6/10 kl. 20 Sun 15/10 kl. 20

**FOOTLOOSE**
Fös 22/9 kl. 20 Lau 23/9 kl. 20
Fim 28/9 kl. 20 Fös 29/9 kl. 20

**ALLIR Í LEIKHÚSIÐ**
Börn 12 ára og yngri fá frítt í Borgarleikhúsið í fylgd með forráðamönnum.
Nánari uppl. á www.borgarleikhus.is

**ÞAÐ BORGAR SIG AÐ GERAST ÁSKRIFANDI**
Áskriftarkort á 5 sýningar á 9.900.
Þeir sem gerast áskrifendur fyrir 20.sept. fá gjafakort í Borgarleikhúsið í kaupbæti.

Nánari uppl. á www.borgarleikhus.is

**PINA BAUSCH**
LOKSINS Á ÍSLANDI!
Dansleikhúsið frá Wuppertal undir stjórn Pinu Bausch verður með 4 sýningar á verkinu Aqua í Borgarleikhúsinu.

Sun 17/9 kl. 20 UPPS.
Mán 18/9 kl. 20
Þri 19/9 kl. 20
Mið 20/9 kl. 20
Aðeins þessar 4 sýningar.

Miðaverð 4.900. MIÐASALA HAFIN.

**MEIN KAMPF**
Lau 23/9 frumsýning UPPS.
Mið 27/9 kl. 20
Fös 29/9 kl. 20
MIÐASALA HAFIN.

**ÁSKRIFTARKORT**
Endurnýjun áskrftarkorta stendur yfir!
Mein Kampf e. George Tabori
Amadeus e. Peter Shaffer
Fagra veröld e. Anthony Neilson
Dagur vonar e. Birgi Sigurðsson
Söngleikurinn Grettir e. Ólaf Hauk Símonarson, Þórarinn Eldjárn og Egil Ólafsson.
Lík í óskilum e. Anthony Neilson
Ronja ræningjadóttir e. Astrid Lindgren
Viltu finna milljón? e. Ray Cooney.
Belgíska Kongó e. Braga Ólafsson
Íslenski dansflokkurinn
og margt, margt fleira.

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is

BORGARLEIKHÚSIÐ




**LEIKSÝNING EN EKKI LEIKRIT** Spurningar um lífsviðhorf og gildismat nútímafólks brenna á vörum margra. Hver eru „við“ og hverjir eru „hinir“? FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Kanína, hefndir og húmor

**Leikaraefni Nemendaleikhússins eru í óðaönn að æfa fyrstu sýningu vetrarins, Hvíta kanínu, sem frumsýnd verður í lok mánaðarins. Síðan tekur við hádramatísk harmsaga um hefnd og ástir og splúnkunýtt leikrit eftir Þorvald Þorsteinsson.**





Sýningar í Landnámssetri í september og október

Miðvikudagur 13. september kl. 20 Uppselt
Föstudagur 15. september kl. 20 Uppselt
Laugardagur 16. september kl. 20 Uppselt
Sunnudagur 17. september kl. 20 Uppselt
Laugardagur 23. september kl. 20 Uppselt
Sunnudagur 24. september kl. 16 Uppselt
Miðvikudagur 27. september kl. 20 Laus sæti
Fimmtudagur 28. september kl. 20 Laus sæti
Fimmtudagur 5. október kl. 20 Laus sæti

**LEIKHÚSTILBOÐ: Tvíréttaður kvöldverður og leikhúsmiði frá kr. 4300 - 4800**
**TEKIÐ Á MÓTI PÖNTUNUM frá kl. 10 til 16 mánudaga - fimmtudaga í síma 437 1600 Staðfesta þarf miða með greiðslu viku fyrir sýningardag**


„Það er alltaf smá titringur í byrjun leikársins,“ segir Ragnheiður Skúladóttir, deildarforseti leiklistardeildar Listaháskóla Íslands. „Nú reynir á sjálfstæð vinnubrögð hjá hópnum sem hefur verið í frekar vernduðu umhverfi síðustu tvö árin. En þetta er frambærilegur hópur með mjög sterkar skoðanir sem þau geta fyllilega rökstutt eftir að hafa farið í gegnum okkar góða nám í Listaháskólanum,“ segir Ragnheiður sposk.

„Fyrsta verkefni vetrarins er verkið Hvít kanína, það er verk sem sett er saman af hópnum sem inniber níu leikaraefni og Jón Pál Eyjólfsson leikstjóra, auk myndlistarkonunnar Ilmi Stefánsdóttur sem sér um leikmynd og búninga og Hönnu Kayhko sem sér um ljósahönnun,“ segir Ragnheiður. Sýningin er samsett og unnin með formerkjum „devised“ leikhúshefðarinnar og er því fremur leiksýning en leikrit en þátttakendurnir hafa safnað efninu í hana á æfingatímabilinu. „Þessi aðferð er mjög gefandi fyrir leikara sem oftast vinna með efnivið sem aðrir hafa skrifað og túlka hann síðan í gegnum leikstjóra,“ útskýrir Ragnheiður og bendir á að þessi stefna eigi sér töluvert langa sögu og sé að ávinna sér sífellt meira fylgi hérlendis.

Venja er að Nemendaleikhúsið setji upp klassískt verk og að þessu sinni varð leikritið Blóðbrullaup eftir F. G. Lorca fyrir valinu, ljóðræn og dramatísk harmsaga um ástir og hefndir. „Það er ungur og frambærilegur leikstjóri frá Danmörku, Kamilla Mortensen sem leikstýrir hér á landi í fyrsta sinn en hún var að útskrifast úr stærsta leiklistarskóla Kaupmannahafnar. Börkur Jónsson sér um leikmynd og búninga en Egill Ingibergsson er ljósahönnuður. Það verður spennandi að sjá hvernig hópurinn vinnur úr verkinu.“

Lokaverkefni hópsins, nýtt verk eftir Þorvald Þorsteinsson, verður sýnt norðan heiða í vor en þetta er í fyrsta sinn sem Nemendaleikhúsið frumsýnir þar. „Við mörkuðum snemma þá stefnu að vera í samstarfi við atvinnuleikhúsin og nú er komið að Leikfélagi Akureyrar. Magnús Geir Þórðarson leikhússtjóri kom með þá hugmynd að heimamaðurinn Þorvaldur myndi skrifa nýtt verk fyrir hópinn en síðan erum við með sjóaðan og margreyndan leikhúsmann, Kjartan Ragnarsson, sem mun leikstýra verkinu,“ segir hún og bætir við að Kjartan sé af annarri kynslóð en Jón Páll og Kamilla svo að leikaraefnin fái mögulega aukna breidd þar. Verkið nýja heitir Lífið – notkunarreglur og fjallar að sögn um ævintýri okkar allra, sundurleitan samtíma og óvissa framtíð en er jafnframt leikrit fullt af hlýju, húmor og fallegri tónlist.

Ragnheiður segir að Listaháskólinn leggi metnað sinn í að sinna íslensku hugviti en á undanförnum árum hefur Nemendaleikhúsið yfirleitt sýnt nýtt íslenskt verk, til dæmis verkin Tattú eftir Sigurð Pálsson, Íslands þúsund tár eftir Elísabetu Jökulsdóttur og leikritið Forðist okkur sem byggði á myndasögum Hugleiks Dagssonar og vann til Grímuverðlauna í fyrra en það var til að byrja með unnið með aðferðum „devised“ leikhússins.

„Hópurinn er mjög spenntur að takast á við spurningar um hvernig leikhús þau vilja gera og ég er ekki í vafa um að þau eiga eftir að hafa mikil áhrif á leikhúsheiminn,“ segir Ragnheiður.

Leiksýningin Hvít kanína verður frumsýnd þann 22. september.

kristrun@frettabladid.is

# Íslensk framleiðsla upp á tjald

Á Alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni í Reykjavík, RIFF, sem hefst 28. september, verður íslensk framleiðsla í öndvegi en þar verða sýndar sex myndir sem Íslendingar koma að auk tveggja þátta úr nýrri syrpu um fjölskrúðugt mannlíf í Latabæ.

Teiknimyndin Anna og skapsveiflurnar, eða Anna and the Moods, í leikstjórn Gunnars Karlssonar er tölvuteiknuð mynd sem er gerð eftir handriti rithöfundarins Sjón en stórstjörnurnar Damon Albarn, Björk og Terry Jones ljá persónum myndarinnar raddir sínar. Myndin verður forsýnd sérstaklega á fjölskyldudegi hátíðarinnar.

Góðir gestir er ný íslensk stuttmynd eftir Ísold Uggadóttur sem verður frumsýnd á hátíðinni. Þar segir af ungri konu sem er við nám erlendis en kemur heim til þess að vera viðstödd afmæli afa síns. Í veislunni kemur í ljós að hún og afinn eigasameiginlegt leyndarmál.

Reiði guðanna (Wrath of Gods) eftir Jón Gústafsson er heimildarmynd í fullri lengd og fjallar um gerð Bjólfskviðu Sturlu Gunnarssonar sem var frumsýnd í lok ágúst. Á ýmsu gekk á meðan myndin var í framleiðslu, allt frá vandræðagangi við fjármögnun myndarinnar vegna gengisbreytinga til skaðræðisveðráttu sem eyðilagði átta farartæki á einum tökudegi. Jón Gústafsson var í aukahlutverki í myndinni og notaði frítíma sinn á tökustað til að gera þessa mynd.

Nýjasta mynd Ólafs de Fleur Jóhannessonar, Act Normal, verður líka frumsýnd á hátíðinni en Ólafur hefur áður gert myndina Africa United. Heimildarmyndin fjallar um enskan búddamunk og svolítinn sveimhuga sem segir skilið við einlífið, giftist á ný en skilur síðan við konuna sína og gerist munkur aftur.

Glæpamyndin Dead Man's Cards í leikstjórn James Marquand er framleidd af Sigvalda J. Kárasyni, sem hefur starfað við klippingu fjölda íslenskra mynda. Myndin gerist að mestu á næturklúbbi í Bretlandi og segir frá dyravörðunum Tom og Paul. Myndinni hefur verið líkt við Lock, Stock and Two Smoking Barrels.

Barnamyndin When Children Play in the Sky eftir ítalska leikstjórann Lorenzo Hendel er að hluta til framleidd af SagaFilm en myndin gerist á Grænlandi og segir tvær samhliða sögur af ungum drengjum, öðrum í upphafi 20. aldarinnar og hinum í upphafi þeirrar 21.

Á sérstökum fjölskyldudegi hátíðarinnar hinn 8. október næstkomandi verða síðan tveir þættir úr nýrri Latabæjarsyrpu frumsýndir, en tökum á þeim lauk í síðustu viku. Þættirnir eru útbúnir sérstaklega fyrir kvikmyndahús og munu persónur úr þáttunum mæta og skemmta viðstöddum auk þess sem fleira fjölskylduvænt efni verður á boðstólnum.

- khh



**JÓN GÚSTAFSSON SÝNIR MYNDINA REIÐI GUÐANNA** Gerði heimildarmynd um kvikmyndun Bjólfskviðu á Íslandi.



**SKAPSVEIFLUR ÖNNU VERÐA FORSÝNDAR Í OKTÓBER** Íslenskri framleiðslu verður hampað á Alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni í haust.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**SEPTEMBER**

9 10 11 **12** 13 14 15

**Þriðjudagur**

### ÚTIVIST

☐ 17.45 **Gönguklúbbur SÁÁ** gengur á **Keili** þriðjudaginn 12. september. Fararstjóri verður **Valgerður Rúnarsdóttir** læknir á **Vogi** en þátttakendur hittast við kirkjugarðinn í Hafnarfirði og eru hvattir til að mæta með nesti og góða skó.

### FYRIRLESTRAR

☐ 12.00 **Francesco Milazzo** heldur erindi á **Lögfræðitorgi Háskólans á Akureyri** og fjallar þar um guðspjöllin og einkaréttinn. Milazzo er prófessor í **Rómarrétti** við lagadeild háskólans í **Catania** og flytur erini sitt í Þingvallastræti 23, stofu 25.

☐ 12.05 **Þórarinn Eldjárn** heldur erindi á vegum **Sagnfræðingafélags Íslands** í **Þjóðminjasafni Íslands.**

### SÝNINGAR

☐ 10.00 Sýningin **Pakkhús postulanna** stendur yfir í **Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsinu við Tryggvagötu.** Ellefu listamenn eiga verk á sýningunni en sýningarstjórar eru **Daníel Karl Björnsson** og **Huginn Þór Arason.**

☐ 11.00 Sumarsýning **Listasafns Íslands**, **Landslagið og þjóðsagan,** geymir verk úr eigu safnsins þar sem viðfangsefnið er þjóðsagnaarfur og landslagslist íslenskra myndlistarmanna, allt frá **Jóni Stefánssyni** til **Georgs Guðna**. Safnið er opið frá 11-17.

☐ 12.00 **Halla Gunnarsdóttir** sýnir málverk og skúlptúra í galleríi **Turpentine** við **Ingólfsstræti**. Opið frá þriðjudögum til föstudaga frá 12-18 og laugardaga kl. 11-16.

### UPPÁKOMUR

☐ 20.00 **Bjarni Jónsson** leikskáld heldur fyrirlestur um **Bertolt Brecht** í tilefni af fimmtíu ára ártíð hans. Að loknu erindi verður myndin **Abschied von Buckow** sýnd. Kvikmyndin er á frummáli með enskum texta. Dagskráin er skipulögð á vegum **Goethe Institut** og Listaháskóla Íslands og fer fram í húsakynnum Leiklistardeildarinnar á Sölvhólsgötu 13.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.









410 4000 I landsbanki.is Náman - námsmannaþjónusta Landsbankans

fjörið ... Fólk
folk@frettabladid.is

# Magni allt í öllu

Síðustu tónleikarnir í raunveruleikaþættinum Rock Star: Supernova verða í kvöld en þeir voru teknir upp á sunnudaginn. Magni var síðastur í röðinni að þessu sinni en hann flutti lögin Hush með Deep Purple og frumsamda lagið When the Time Comes. Magna tókst vel upp með flutning sinn og eru netverjar flestir mjög ánægðir með hann.

Hljómsveitameðlimir Supernova voru jafnframt mjög sáttir við Magna nema hvað að Tommy Lee fannst lagið óeftirminnilegt en fékk litlar undirtektir hjá áhorfendum í sal sem bauluðu á þessi ummæli trommuleikarans. „Reynið þá að syngja hluta af laginu,“ sagði Tommy við salinn sem gat það ekki. Gilby Clarke hrósaði Magna og sagði hann hafa átt frábært sumar. „Mér fannst flutningur þinn á Hush mjög góður og söngurinn alveg frábær en það vantaði herslumuninn í frumsamda laginu.“ Jason var ekki á sama máli og taldi að þrátt fyrir að lag Magna hefði ekki verið jafn frumlegt og hinna væri einhver harka í því.

Segja má að Magni hafi verið allt í öllu í þessum lokaþætti en hann lék á gítar í frumsömdu lagi Toby, Throw It Away, þar sem hann fór að sögn netverja á kostum og söng undir hjá Dilönu í laginu Roxanne. Atkvæðin verða kunngjörð í lokauppgjörinu á miðvikudagskvöldið og þá skýrist hvort Magni verður söngvari rokkhljómsveitarinnar Supernova.

- fgg

**KEPPENDUR Í ROCK STAR**

**Toby**
Karma Police
Throw it Away

**Lukas**
Fix You
Headspin

**Dilana**
Roxanne
Supersoul

**Magni**
Hush
When the Time Comes



**MAGNI ÁSGEIRSSON** Var allt í öllu í síðasta tónleikaþætti Rock Star: Supernova en hann söng lögin Hush með Deep Purple og frumsamda lagið When the Time Comes.

# Strákastelpur teknar við af kvenleikanum

Nú er komið að bestu vikum ársins eða hinum víðfrægu tískuvikum þar sem almenningurinn fær nasaþef af því sem mun gerast í tískunni á komandi ári. Riðið var á vaðið með Tískuvikunni í New York þetta árið og hófst hún um helgina með pompi og prakt.

Hönnuðurinn Luella Bartley hefur ekki verið lengi í bransanum en þar sem hún er fyrrverandi ritstjóri breska Vogue þá átti hún greiða leið inn í tískuheiminn. Lína Bartley fyrir vorið og sumarið 2007 var grafískt og fallegt í senn. Fatnaður Bartleys hefur ávallt einkennst af pönki í bland við skólatelpuútlitið og ekki var nein breyting frá því þetta árið.

Tímabilið 1960 sveif yfir tískupallinum og stuttir kjólar í svörtu og hvítu munstri ásamt hvítum karlalegum skyrtum og lágbotna reimdum „Rockabilly skóm“. Það sem var einkennandi fyrir sýninguna var að stelpulegi kvenleikinn var að víkja fyrir strákalegum buxum og skóm í bland við víð snið. alfrun@frettabladid.is



**SKOKKUR** Hnésíður skokkur ásamt óbundinni slaufu um hálsinn.

**ÆPANDI BUXUR** Það er greinilegt að munstraðar buxur verða heitar næsta sumar.

**SILFUR** Flottur kjóll í silfurlituðu og hvít kápa í stíl við glæsilega áberandi sólgleraugu.

**NIÐURMJÓTT** Heldur áfram næsta ár og hér eru glæsilegar svartar buxur við flotta svarta íþróttapeysu.

**GLANS** Flottur svartur síðerma kjóll með stóru B framan á í glansefni.



**MUNSTRAÐ** Stuttbuxur halda greinilega áfram næsta sumar og þessar eru flottar.

**„METAL-IC“** Flottur glansandi kjóll og takið eftir að skórnir eru í stíl við kjólinn.

**BLÓÐRUSNIÐ** Flottur svartur kjóll í fínni kantinum í hinu vinsæla blöðrusniði.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

**DRAGT** Með tilkomu „nineties“ á ný hljóta dragtir að koma sterkar inn. Þessi mundi vekja athygli hvar sem er enda glæsileg.

EÐALDAGAR




**Mercedes-Benz R-Class 350**
skráður 12/05 ekinn 20.000
verð 6.990.000 kr.




**VW Golf GTI**
skráður 02/05 ekinn 24.000
verð 3.250.000 kr.




**Audi A6 3,0 TDI quattro**
skráður 09/05 ekinn 12.000
verð 7.490.000 kr.

HEKLA
www.bilathing.is
bilathing@hekla.is

Opið mánudaga til föstudaga 10–18 | laugardaga 12–16



GWEN STEFANI Keypti villu sem J-Lo átti áður. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

# Keypti hús Lopez

Söngkonan Gwen Stefani er búin að kaupa hús stallsystur sinnar, Jennifer Lopez. Gwen og eiginmaður hennar, söngvarinn Gavin Rossdale úr hljómsveitinni Bush, borguðu um 1,1 milljarð króna fyrir húsið, sem er í Beverly Hills. Það var kaupsýslumaður sem seldi Gwen og Gavin húsið, en hann keypti af það af J-Lo fyrir tveimur árum. Við húsið er stór tennisvöllur, körfuboltavöllur, sundlaug og kvikmyndasalur.



ANNA NICOLE SMITH OG DANIEL SMITH Hér er Anna ásamt syni sínum á verðlaunaafhendingu en hann dó á dögunum, aðeins tuttugu ára gamall. FRÉTTABLAÐIÐ/REUTERS

# Gleði færðist yfir í sorg

Playboy-fyrirsætan Anna Nicole Smith missti tvítugan son sinn aðeins þremur dögum eftir að hún fæddi litla dóttur. Atvikið átti sér stað á Bahamaeyjum þar sem Smith fæddi barn sitt og var Daniel sonur hennar staddur hjá þeim mæðgum til að fagna nýja fjölskyldumeðliminum.

Daniel hné niður einn morguninn meðvitundarlaus og vaknaði ekki á ný. Ekki er búið að komast að orsök dauða hans en lögreglan telur að ekki hafi verið um áfengis- eða fíkniefnamisnotkun að ræða.

Anna Nicole Smith, sem hefur verið í skýjunum yfir nýfædda barni sínu, er miður sín vegna þessa enda voru mæðginin mjög náin. Daniel lék í nokkrum kvikmyndum ásamt móður sinni en hefur annars ekki verið mikið fyrir sviðsljósið.

ÚTGÁFU TÓNLEIKAR




NÝ PLATA MEÐ BRAIN POLICE KEMUR ÚT Á MORGUN
BEYOND THE WASTELAND
TÓNLEIKAR!
Rokksveitin Brain Police heldur útgáfutónleika í Skífunni á Laugavegi klukkan 20
Í KVÖLD Síðan árita þeir plötuna í sérstakri forsölu.
Upplifðu alvöru rokkstemningu í Skífunni!
SKÍFAN skemmtir þér ;)
Skífan Laugavegi 26 opið alla daga til 22 · Skífan Smáralind · Skífan Kringlunni · Póstkröfusími 591-5310 · www.skifan.is




Mercedes Benz E 270 CDI
skráður 12/02 ekinn 74.000
verð 5.490.000 kr.




Lexus IS200
skráður 04/04 ekinn 35.000
verð 2.600.000 kr.

3,69% VEXTIR*

*M.v. SP-bílasamninga

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

Laugavegi 174 sími 590 5000 | Kletthálsi 11 sími 590 5760

BÍLAÞING HEKLU
Númer eitt í notuðum bílum




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | |
|---|---|
| ÞETTA ER EKKERT MÁL | kl. 5.45, 8 og 10.15 |
| SÝND Í LÚXUS | kl. 5.45, 8 og 10.15 |
| MY SUPER-EX GIRLFRIEND | kl. 5.50, 8 og 10.10 |
| LITTLE MAN | kl. 4, 6, 8 og 10 |
| TAKK FYRIR AÐ REYKJA | kl. 8 B.I. 7 ÁRA |
| GRETTIR 2 ÍSL. TAL | kl. 4 og 6 |
| MIAMI VICE | kl. 10.10 B.I. 16 ÁRA |
| ÁSTRÍKUR OG VÍKINGARNIR ÍSL. TAL | kl. 4 |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

| | |
|---|---|
| ÞETTA ER EKKERT MÁL | kl. 8 og 10.15 |
| TAKK FYRIR AÐ REYKJA | kl. 5.50 B.I. 7 ÁRA |

KVIKMYNDAHÁTÍÐ

| | | | |
|---|---|---|---|
| TRIALS OF DALLYL HUNT | kl. 5.50 | LEONARD C. I´M YOUR MAN | kl. 8 |
| DAVE CHAPELLE´S BLOCK PARTY | kl. 6 | VOLVER | kl. 10 |
| KITCHEN STORIES | kl. 6 | TIGER AND THE SNOW | kl. 10 |
| FACTOTUM | kl. 8 | WINTER PASSING | kl. 10.10 |
| THREE BURIALS OF MELEQUIADES ESTRADA | kl. 8 | | |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | |
|---|---|
| MY SUPER EX-GIRLFRIEND | kl. 8 og 10 |
| ÞETTA ER EKKERT MÁL | kl. 8 |
| LITTLE MAN B.I. 12 ÁRA | kl. 6 |
| YOU, ME & DUPREE | kl. 10 |
| GRETTIR 2 ÍSL. TAL | kl. 6 |

400 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

BÍÓ.IS – allt á einum stað





# Tekur upp hanskann fyrir Cruise

Kvikmyndagerðarmaðurinn góðkunni Michael Moore hefur nú tekið upp hanskann fyrir leikarann Tom Cruise, sem hefur verið mikið í fréttum undanfarið eftir að hann var rekinn frá kvikmyndafyrirtækinu Paramount fyrir hegðun sína.

Moore sagði á blaðamannafundi í Toronto að leikarar væru orðnir alltof mikil almenningseign. „Látið hann vera. Cruise hefur ekki gert neitt annað en að hoppa í sófanum hjá Oprah Winfrey og á meðan hann er ekki að skjóta sprengjum yfir Írak þá skulum við láta kyrrt liggja.

Hvaða trú hann aðhyllist er hans einkamál og við skulum ekki skipta okkur af því,“ sagði Moore, sem er þessa daga að kynna nýjustu mynd sína, Sicko, sem fjallar um heilsugæslu og spítala í Bandaríkjunum og verður frumsýnd næsta vor.



**MICHAEL MOORE** Er búinn að fá nóg af öllum fréttunum af Tom Cruise og sagði á blaðamannfundi að fólk ætti að láta hann vera enda hefði Cruise ekki gert neitt af sér. FRÉTTABLAÐIÐ/REUTERS






## FRÉTTIR AF FÓLKI

**Brad Pitt** ætlar að kvænast Angelinu Jolie þegar öllum samkynhneigðum pörum í Bandaríkjunum verður leyft að gifta sig. Pitt hefur þráfaldlega neitað því að þau ætli að ganga í hjónaband en segist munu skipta um skoðun þegar lögum verður breytt til þess vegar að allir megi ganga að eiga maka sinn.



# Óhugnanleg lokastund

**[ KVIKMYNDIR ]**

**UMFJÖLLUN**

Í United 93 er leikstjórinn Paul Greengrass á svipuðum slóðum og í mynd sinni Bloody Sunday, bæði hvað umfjöllunarefni og efnistök snertir. Hér er fylgst með örlögum farþeganna í fjórðu þotunni sem rænt var 11. september 2001 en hrapaði áður en hún náði skotmarki sínu.

Myndin er þannig upp byggð að myndatakan er í ætt við fréttamyndir og sérstakar persónur eru ekki dregnar út. Sagan byggir á skráðum heimildum um það sem gerðist þennan örlagaríka dag auk þess sem getið er í eyðurnar um lokastundir farþeganna. Stígandi myndarinnar er hægur en ákveðinn. Flakkað er á milli flugvélarinnar, flugumferðarstjórnar og bækistöðva hersins; fyrir hlé lýsir hún helst þeim algjöra glundroða sem virðist hafa ríkt hjá lykilstofnunum á jörðu niðri þegar vélunum var rænt.

Það er ekki fyrr en sigið er á seinni helming myndarinnar sem United 93 er rænt og myndin fer í gang af fullum krafti og stigmagnast eftir því sem nær endalokunum dregur. Lýsingin á lokastundum farþeganna er næstum yfirþyrmandi í óhugnanlegu raunsæinu og lokaatriði myndarinnar er eitt það hryllilegasta sem undirritaður hefur séð, þar sem örvæntingarfullir farþegarnir grípa í síðasta hálmstráið til að bjarga lífi sínu.

Greengrass hefur reist sinn minnisvarða um þá sem fórust þennan dag; sterka mynd sem leitar á löngu eftir að úr kvikmyndasalnum er komið. **Bergsteinn Sigurðsson**



**UNITED 93**

LEIKSTJÓRI: PAUL GREENGRASS

**Aðalhlutverk:** Christian Clemenson, Trish Gates og Polly Adams.

**Niðurstaða:** Raunsæisleg og óhugnanleg lýsing á ömurlegum lokastundum saklauss fólks býr til sterka mynd og áleitna.

# Covenant rauk beint á toppinn

Kvikmyndin The Covenant, sem fjallar um ungmenni í heimavistarskóla sem berjast hatrammlega innbyrðis, fór beint í efsta sæti lista yfir aðsóknarmestu myndir Bandaríkjanna. Samt sem áður er myndin, sem er í leikstjórn Finnans Renny Harlin, sú tekjulægsta yfir aðsóknarmestu myndir Bandaríkjanna í þrjú ár. Halaði myndin „aðeins“ inn níu milljónir dollara, eða um 640 milljónir króna.

Í öðru sæti var myndin Hollywoodland, sem fjallar um dauða George Reeves sem lék Superman í bandarísku sjónvarpi á sjötta áratugnum. Fótboltamyndin Invincible lent í þriðja sætinu eftir að hafa verið á toppnum í síðustu viku.

Sjóræningjamyndin Pirates of the Caribbean varð síðastliðinn föstudag þriðja myndin í sögunni til að ná eins milljarðs dollara markinu, eða rúmlega 70 milljörðum króna, miðað við sýningar víðsvegar um heiminn. Hinar myndirnar sem hafa náð þessum áfanga eru Titanic og Lord of the Rings: Return of the King.



**THE COVENANT** The Covenant fór beint á toppinn í Bandaríkjunum en halaði þó „aðeins“ inn 640 milljónir króna.


Gerðu mikið úr litlu!

2 fyrir 1 í Sambíóin alla þriðjudaga
Skráðu þig í Námsmannaþjónustu
Sparisjóðsins og þú færð
Bíókort – 4 x frítt í bíó og margt fleira.

Poppkorn er ekki bara gott, það er líka fallegt. Ef þú átt nál og tvinna er lítið mál að búa til flotta perlufesti.



SPARISJÓÐURINN
Námsmannaþjónusta

Fíton/SÍA




**SCISSOR SISTERS** Bandaríska sveitin Scissor Sisters fór beint á toppinn í Bretlandi með lagið I Don´t Feel Like Dancin´.

# Vinsæl í Bretlandi

New York-sveitin Scissor Sisters fór beint á topp breska smáskífulistans með nýjasta lag sitt I Don't Feel Like Dancin'.

Lagið er tekið af annari plötu sveitarinnar, Ta Dah!, sem kemur út mánudaginn 18. september. Sú fyrri bar nafn sveitarinnar og fór sigurför um heim allan þegar hún kom út fyrir tveimur árum. Á meðal vinsælla laga á henni voru Laura, Take Your Mama og Mary.






SAMBÍÓIN / ÁLFABAKKI

| | | |
|---|---|---|
| STEP UP | kl. 4 - 6:10 - 8 - 10:10 | B.i. 7 |
| STEP UP VIP | kl. 5:05 - 8 - 10:10 | |
| UNITED 93 | kl. 5:45 - 8 - 10:20 | B.i.14 |
| MAURAHRELLIRINN M/- Ísl tal | kl. 4 - 6 | Leyfð |
| YOU, ME AND DUPREE | kl. 5:45 - 8 - 10:20 | Leyfð |
| LADY IN THE WATER | kl. 6:15 - 8:20 - 10:30 | B.i. 12 |
| 5 CHILDREN AND IT M/- ensku tal | kl. 3:50 | Leyfð |
| PIRATES OF CARIBBEAN 2 | kl. 8:20 | B.i. 12. |
| OVER THE HEDGE M/- Ísl tal | kl. 3:50 | Leyfð |
| BÍLAR M/- Ísl tal | kl. 4 | Leyfð |

SAMBÍÓIN / KRINGLAN

| | | | |
|---|---|---|---|
| STEP UP | kl. 6 - 8:10 - 10:20 | B.i. 7 | |
| MAURAHRELLIRINN M/- Ísl tal | kl. 6 | Leyfð | |
| THE ANT BULLY M/- ensku tal | kl. 6 - 8 | Leyfð | |
| LADY IN THE WATER | kl. 8:10 - 10:30 | B.i. 12 | DIGITAL |
| PIRATES OF CARIBBEAN 2 | kl. 10 | B.i. 12 | DIGITAL |

SAMBÍÓIN / KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| ÞETTA ER EKKERT MÁL | kl. 8 | leyfð |
| LITTLE MAN | kl. 8 - 10 | leyfð |
| YOU, ME AND DUPREE | kl. 10:10 | B.I.12 |

SAMBÍÓIN / AKUYREYRI

| | | |
|---|---|---|
| STEP UP | kl. 6 - 8 - 10 | |
| MAURAHRELLIRINN- M/- Ísl tal | kl. 6 | leyfð |
| UNITED 93 | kl. 8 - 10 | B.I.12 |

www.sambioin.is  575 8900  www.sambioin.is

| | | |
|---|---|---|
| AN INCONVENIENT TRUTH | kl. 5:45 - 8 - 10.15 | Leyfð |
| MAURAHRELLIRINN M/- Ísl tal. | kl. 6 | Leyfð |

Kvikmyndahátíð

| | | |
|---|---|---|
| BJÓLFSKVIÐA | kl. 8 - 10:15 | B.i.16 |
| The Libertine | kl. 5:30 | B.i.12 |
| Renaissance | kl. 10:15 | B.i.12 |
| Where the Truth Lies | kl. 8 | B.i.16 |
| A cock and bull story | kl. 8 | Leyfð |
| Öskrandi api, Ballett í Leynum | kl. 10:10 | B.i. 12 |

HAGATORGI • S. 530 1919


# Skrautleg frumsýning

Frumsýning nýrrar gamanmyndar Sacha Baron Cohen um sjónvarpsmanninn Borat frá Kasakstan fór út um þúfur á kvikmyndahátíðinni í Toronto þegar sýningarvélin bilaði eftir tuttugu mínútur.

„Mig langar að biðjast afsökunar fyrir hönd Kasakstan fyrir þessi smávægilegu mistök," sagði Cohen, sem sló í gegn með persónunni Ali G. Leikstjórinn Michael Moore var á staðnum og reyndi að laga sýningarvélina en án árangurs.

Cohen mætti til frumsýningarinnar í gervi Borats á hestvagni sem fjórar þrekvaxnar konur drógu á eftir sér. „Þær voru tvær til viðbótar en þær flúðu til Búlgaríu," sagði Borat.

Myndin, sem heitir Borat: Cultural Learnings of America for Make Benefit Glorious Nation of Kazakhstan, hlaut mjög góðar viðtökur þær tuttugu mínútur sem hún var sýnd. Verður hún frumsýnd í nóvember.



**BORAT** Sacha Baron Cohen var í hlutverki Borats á frumsýningunni í Toronto.
NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

# Jón Páll slær í gegn í bíóhúsum

Heimildarmyndin Þetta er ekkert mál, um kraftakarlinn Jón Pál Sigmarsson, var best sótta myndin hér á landi um síðustu helgi með tæplega þrjú þúsund áhorfendur.

Myndin er jafnframt sú heimildarmynd sem hefur byrjað best hér á landi. Sló hún met Blindskers, um Bubba Morthens, sem um 1.500 manns sóttu fyrstu sýningarhelgina. Sú mynd sló á sínum tíma met myndarinnar um Lalla Johns.

Taldar eru miklar líkur á að Þetta er ekkert mál muni slá aðsóknarmet Blindskers yfir heildarfjölda áhorfenda, sem endaði í tæpum átta þúsundum.

Steingrímur Þórðarson, leikstjóri myndarinnar, er rosalega ánægður með viðtökurnar. „Við bjuggumst við góðri aðsókn en ekki svona rosalega mikilli. Fólk er klökkt að þakka manni fyrir og það finnst manni dýrlegt. Fólk segist koma út af myndinni sem betra fólk á eftir," segir Steingrímur. Guðmundur Breiðfjörð hjá Senu er jafnframt hæstánægður með aðsóknina. „Orðspor götunnar er gott, hún hefur fengið góða dóma og við búumst við því að hún muni slá met Blindskers," segir hann.



**ÞETTA ER EKKERT MÁL** Þessi nýja heimildarmynd fjallar um kraftakarlinn Jón Pál Sigmarsson sem lést langt fyrir aldur fram, 32 ára.





Fundurinn verður haldinn þriðjudaginn 12. september klukkan 17:00 í höfuðstöðvum Marel, Austurhrauni 9, Garðabæ.

Árni Oddur Þórðarson, stjórnarformaður Marel og Hörður Arnarson forstjóri Marel munu kynna félagið, stefnu þess og framtíðarsýn. Fulltrúi Landsbankans mun kynna hið fyrirhugaða hlutafjárútboð.

Fundurinn er öllum opinn.
Tekið er við skráningum á fundinn hjá Marel í síma: 563-8072 og í tölvupósti á: bergth@marel.is

Stjórn Marel hf.

Marel

## > Einar til starfa hjá EHF



Einar Þorvarðarson, framkvæmdastjóri Handknattleikssambands Íslands, hefur verið ráðinn í vinnu hjá evrópska handknattleikssambandinu. „Ég er í markaðsvinnu fyrir sambandið sem tengist Meistaradeildinni. Starfið felst í að koma að umgjörð leikjanna í deildinni en það er búið að selja sjónvarpsréttinn og komnir peningar inn í mótið. Það er ákveðinn hópur sem var fenginn í þetta verkefni,“ sagði Einar en hann mun áfram sinna starfi framkvæmdastjóra HSÍ enda ekki um fullt starf að ræða. Að vera boðin slík staða er engu að síður viðurkenning fyrir Einar sem hefur unnið verulega gott starf fyrir handboltann á Íslandi.

# sport

sport@frettabladid.is

GUÐJÓN MAGNÚSSON: FÉKK LOKSINS TÆKIFÆRI MEÐ LIÐI ÍBV OG ÞÓTTI STANDA SIG MJÖG VEL:

## *Birkir treystir Guðjóni fullkomlega til að standa í markinu*



Á sunnudaginn gerðu ÍBV og FH 1-1 jafntefli í Vestmannaeyjum og í marki ÍBV stóð enginn annar en Guðjón Magnússon. Töluverð umræða hefur verið í gangi að undanförnu vegna stöðu Guðjóns hjá ÍBV en í leik liðsins gegn KR í umferðinni á undan var kallað í Birki Kristinsson til að standa á milli stanganna. Birkir treysti sér hins vegar ekki til að spila á sunnudaginn og því fór svo að Guðjón varði markið og stóð sig með prýði.

Guðjón hefur vermt varamannabekkinn hjá ÍBV í langan tíma en var mjög ánægður að fá tækifærið gegn FH. „Þetta var bara mjög góð tilfinning og ég er ánægður með frammistöðuna, allt liðið var að spila vel,“ sagði Guðjón.

Guðjón er ekki í vafa um að þetta gefi honum aukið sjálfstraust fyrir komandi leiki, en ÍBV á tvo erfiða leiki eftir í deildinni, gegn ÍA á Akranesi og heimaleik gegn Fylki. „Þetta gefur manni að sjálfsögðu aukið sjálfstraust en á laugardagskvöldið hafði Birkir Kristinsson líka samband við mig og við áttum gott spjall saman. Hann leiðbeindi mér í gegnum þetta. Það voru forréttindi að hafa fengið að æfa með honum og alltaf gott að eiga jafn góðan mann og Birki innan handar til að leiðbeina sér,“ sagði Guðjón. Staðan sem upp er komin er engin óskastaða fyrir Guðjón en hann var kokhraustur og sagðist treysta sér í verkefnið.

Birkir Kristinsson hefur fulla trú á Guðjóni. „Ég treysti honum vel til að klára þessa leiki sem eftir eru. Ef ég gerði það ekki þá hefði ég nú reynt einhverja hluti til þess að spila sjálfur. En ég held að hans tími sé bara kominn, hann er búinn að sitja lengi á bekknum og tími til að hann fái að spreyta sig. Þetta eru hins vegar erfiðir leikir sem hann er að koma inn í,“ sagði Birkir.

Birkir kvaðst vera í ágætu formi sjálfur og hafi ekki kennt sér mein eftir leikinn gegn KR á dögunum en hann væri samt sem áður ekki 100% klár. Hann meiddist á öxl í fyrra og hefur aldrei náð sér að fullu eftir það. „Ég hef nú aðeins verið að lyfta og grípa inn í æfingar og þá finn ég vel fyrir öxlinni. Á meðan svo er þá er ekki sniðugt að vera að spila,“ sagði Birkir.



SIGURBJÖRN HREIÐARSSON Fyrirliði Vals hefur framlengt samning sinn við félagið. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

Gleði hjá Valsmönnum:

## Sigurbjörn framlengir

**FÓTBOLTI** Knattspyrnumaðurinn Sigurbjörn Hreiðarsson hefur framlengt samning sinn við Val til ársins 2008. Sigurbjörn átti eitt ár eftir af samningi sínum en fannst tímabært að framlengja.

„Ég átti næsta ár eftir. Ég á ennþá eitthvað eftir í þessu og mun allavega vera hjá Val næstu tvö ár,“ sagði Sigurbjörn í gær en hann verður 31 árs síðar á þessu ári.

Sigurbjörn sagði það væri hugur í Valsmönnum þegar litið er til framtíðar. „Við ætlum bara að byggja ofan á það sem við höfum verið að gera síðustu þrjú ár og halda ótrauðir áfram.“

Valsmenn fengu fleiri góðar fréttir í gær því framherjinn Garðar Jóhannsson mun klára tímabilið með félaginu þar sem undanþága um félagaskipti til Fredrikstad fékkst ekki samþykkt af alþjóða knattspyrnusambandinu, FIFA. - dsd

# Varaformaður handknattleiksdeildar Fram borinn þungum sökum

**Geir Sveinsson, fyrrum landsliðsfyrirliði í handbolta, sakar Hjálmar Vilhjálmsson, varaformann handknattleiksdeildar Fram, um að fara huldu höfði á spjallborði Vals þar sem hann hafi skapað óróa innan félagsins. Hafi hann notað nafn Geirs í því sambandi. Hjálmar vísar ásökunum á bug.**

**HANDBOLTI** Geir Sveinsson segir varaformann handknattleiksdeildar Fram, Hjálmar Vilhjálmsson, hafa verið undir dulnefni á spjallborði Vals þar sem hann hafi skapað óróa innan félagsins. Hjálmar neitar sök en gögn sem Valur býr yfir sýna að einstaklingurinn á spjallborðinu hafði ítrekað skrifað inn á spjallið af vinnustað Hjálmars.

Aðili sem gekk undir nafninu „Rieg“ á spjallborði Vals skapaði mikinn usla á spjallborði Hlíðarendamanna undir lok síðasta vetrar með ummælum sínum. Þegar smellt var á notandann til að fá frekari upplýsingar kom í ljós að maðurinn notaði tölvupóstfangið geirisveins@yahoo.se og var einnig sagður búa í Eskihlíð þar sem Geir Sveinsson býr. Þess utan er „Rieg“ nafnið Geir skrifað aftur á bak.

Valsmaðurinn Geir Sveinsson stóð ekki að baki þessum skrifum og var afar ósáttur við að þessi aðili væri að skapa usla í skjóli síns nafns og fleiri menn innan Vals voru einnig ósáttir enda lágu margir þeirra undir grun um að vera þarna að verki. Ein aðalástæðan fyrir því að Geir og aðrir fóru af stað í málinu var sú staðreynd að „Rieg“ gekk mjög hart fram í því að kalla sig stuðningsmann Vals og lét menn sem efuðust um heilindi hans gagnvart félaginu heyra það. Margt af því sem „Rieg“ skrifaði var svo gróft að það hefur verið fjárlægt af spjallborðinu.

Þegar ip-tala þessa notanda var rakinn kom í ljós að flest skilaboð „Rieg“ komu úr tölvu i fyrirtæki sem Hjálmar Vilhjálmsson, varaformaður handknattleiksdeildar Fram, starfar hjá. Fréttablaðið hefur undir höndum gögn sem staðfesta ip-töluna. Geir fór í kjölfarið á stúfana í fyrirtækið og hitti þar Hjálmar að máli.

„Ég vildi nú ekki trúa því að Hjálmar hefði þarna verið að verki en ég fór til hans, skellti blöðum á borðið hans og spurði hvort hann stæði virkilega á bak við þetta. Hann gat ekki neitað þar sem sönnunargögnin töluðu sínu máli og hann játaði fyrir mér að hafa skrifað þetta,“ sagði Geir Sveinsson sem fór skömmu síðar á fund Guðmundar B. Ólafssonar, formanns Fram, og óskaði þess að Hjálmar bæði sig sem og Val afsökunar á framkomu sinni. „Hann hafði gert marga menn grunsamlega og reynt að skapa óróa innan félagsins sem er ótrúlegt að maður í trúnaðarstarfi hjá öðru félagi geri.“

Hjálmar gekkst hins vegar ekki við skrifunum við formann Fram og því fékk Geir ekki afsökunarbeiðnina sem hann var að leita eftir. Aðspurður vildi Hjálmar ekki ræða málið að neinu leyti efnislega en sagði sögu Geirs ekki vera sanna. Þegar Fréttablaðið spurði Hjálmar að því að hvort Geir Sveinsson hefði heimsótt vinnustað hans og spurt hvort hann stæði á bak við skrifin neitaði Hjálmar að svara.

Þar sem Hjálmar bar af sér sakir í málinu hafði Fréttablaðið samband við framkvæmdastjóra fyrirtækisins sem hann starfar hjá, og ip-talan var rakin til, og spurði að því hvort einhver annar innan fyrirtækisins kæmi til greina að vera höfundur þessara bréfa en alls eru sex starfsmenn skráðir hjá fyrirtækinu samkvæmt heimasíðu þess. Aðspurður sagði framkvæmdastjórinn að enginn í fyrirtækinu, fyrir utan Hjálmar, hefði vit eða áhuga á handbolta.

Geir segir að eftir að hann hafi gengið á Hjálmar með málið hafi hvorki heyrst hósti né stuna frá „Rieg“ á spjallborði Vals. Hann óttast þó að Hjálmar hafi ekki alveg látið af athæfi sínu því nýr notandi á spjallborði Vals sé kominn fram og hafi sömu ip-tölu og „Rieg“.

Sá notar nafn Stefáns Karlssonar, formanns handknattleiksdeildar Vals, í innskráningu spjallsins en Stefán sagði í samtali við Fréttablaðið ekki vera á bakvið notandanafnið.

Bæði „Rieg“ og þessi nýi aðili, sem kallar sig „Valur1911“, hafa ip-tölu fyrirtækisins sem Hjálmar starfar hjá og lykilorðið sem þeir nota er einnig það sama.

henry@frettabladid.is



SAMI AÐILINN? „Rieg“ og „Valur1911“ á spjallborði Vals hefur verið að skrifa frá sömu ip-tölu. Það sem ýtir enn frekar stoðum undir að þar sé sami aðili á ferðinni er sú staðreynd að notað er sama lykilorðið en það er ekki sýnt á myndinni.



HJÁLMAR VILHJÁLMSSON Öll spjót standa nú á varaformanni handknattleiksdeildar Fram. Hjálmar vildi ekki ræða málið í gær en sagði sögu Geirs Sveinssonar ósanna.





**ÍVAR INGIMARSSON** Hetja Reading í gær.

Enska úrvalsdeildin:

## Ívar tryggði Reading sigur

**FÓTBOLTI Ívar Ingimarsson tryggði Reading þrjú dýrmæt stig þegar félagið tók á móti Manchester City á Madejski-vellinum í gær.**

**Ívar skoraði eina mark leiksins á 23. mínútu en lenti um leið í samstuði og lá óvígur eftir. Sigur Reading þótti sanngjarn en litlu mátti muna að Brynjar Björn Gunnarsson hefði skorað annað mark Reading í leiknum með skoti af um 30 metra færi en markvörður City varði vel.**

- hbg

Luis Aragones:

## Afsögn hans var neitað

**FÓTBOLTI** Luis Aragones, landsliðsþjálfari Spánverja í knattspyrnu, bauðst til þess að segja af sér um daginn en knattspyrnusamband Spánar hafnaði uppsögninni.

„Aragones kom á fund knattspyrnusambandsins með þá hugmynd að segja af sér en forsetinn hafnaði því,“ sagði talsmaður knattspyrnusambandsins. „Hann bað þá um tvo daga í viðbót til að fara yfir sín mál. Aragones hefur fullt traust knattspyrnusambandsins en hann verður að hafa lokaorðið,“ bætti talsmaðurinn við.

- dsd

Grindvíkingar í vondum málum eftir tap gegn Val á Laugardalsvelli:

# Þrumufleygar Pálma Rafns sökktu Grindvíkingum

**FÓTBOLTI** Húsvíkingurinn Pálmi Rafn Pálmason sá til þess að Valur fékk öll þrjú stigin gegn Grindavík í gær en hann skoraði bæði mörk liðsins í 2-1 sigri.

Valsmenn stilltu upp Garðari Jóhannssyni í fremstu víglínu á ný í gær en ekkert verður af því að hann gangi í raðir Fredrikstad á næstunni. Leikurinn fór mjög fjörlega af stað og bæði lið sóttu af miklum krafti. Besta færi hálfleiksins fékk Grindvíkingurinn Jóhann Þórhallsson er hann stóð einn gegn Kjartani markverði en hann fór mjög illa að ráði sínu.

Eftir rúmlega hálftíma leik komst síðan Óskar Örn einn í gegn en Kjartan varði, Grindvíkingar tóku frákastið en Valsmenn björguðu á línu. Vörn Vals var í tómu tjóni á köflum og Grindvíkingar fengu fleiri dauðafæri en Kjartan bjargaði Val hvað eftir annað. Valsmenn fengu einnig sinn skerf af færum en voru sömu klaufar og Grindvíkingar. Þrátt fyrir fjölda færa og mikið fjör var markalaust í leikhléi.

Síðari hálfleikur hófst með sömu látum og sá fyrri endaði og ekki voru margar mínútur liðnar af síðari hálfleiknum þegar Steinþór Gíslason varð að fara af velli eftir að hafa fengið vænt olnbogaskot frá Óskari Erni Haukssyni.

Fyrsta mark leiksins kom loksins á 60. mínútu þegar Húsvíkingurinn Pálmi Rafn Pálmason átti hörkuskot utan vítateigs sem söng í markhorninu hjá Grindavík. Glæsilega gert.

Pálmi endurtók leikinn níu mínutum síðar þegar hann átti annað þrumuskot utan teigs en að þessu sinni fór boltinn í stöngina og þaðan í netið.

Grindvíkingar minnkuðu muninn níu mínútum fyrir leikslok þegar Jóhann skoraði eitt gegn markverði.

Paul McShane fékk algjört dauðafæri þrem mínútum síðar en skaut yfir markið. Algjör klaufaskapur.

Þetta reyndist lokafæri leiksins og Valur á því enn möguleika á titlinum en Grindavík er í frekar erfiðum málum í neðri hlutanum.

„Þetta var mjög ljúft og sanngjarn sigur,“ sagði hetjan Pálmi Rafn. „Grindavík pressaði fullmikið en það hafðist. Þetta heldur lífi í toppbaráttunni og við erum ekki hættir.“

- hbg



**GARÐAR KOMINN AFTUR** Garðar Jóhannsson klæddist Valsbúningnum á ný gegn Grindavík í gær og stóð sig vel. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**Valur 2-1 Grindavík**

Laugardalsv., áhorf.: 823 — Jóhannes Valgeirsson (7)

*1-0 Pálmi Rafn Pálmason (60.)*
*2-0 Pálmi Rafn Pálmason (69.)*
*2-1 Jóhann Þórhallsson (81.)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 17–11 (13–6) |
| Varin skot | Kjartan 4 – Helgi 6 |
| Horn | 15–3 |
| Aukaspyrnur fengnar | 11–14 |
| Rangstöður | 2–3 |

| **VALUR** 4–4–2 | | **GRINDA.** 4–3–3 | |
|---|---|---|---|
| Kjartan | 8 | Helgi Már | 7 |
| Steinþór | 6 | Orri Freyr | 7 |
| (52. Örn Kató | 5) | David Hannah | 6 |
| Atli Sveinn | 6 | Óðinn Árna. | 6 |
| Barry Smith | 7 | Ray Anthony | 6 |
| Birkir Már | 8 | (89. Michael | -) |
| Sigurbjörn | 7 | Eysteinn Húni | 5 |
| ***Pálmi Rafn** | **8** | (74. Alexander | -) |
| Baldur Ingimar | 7 | Óli Stefán | 4 |
| (90. Hálfdán | -) | Paul McShane | 5 |
| Kristinn Hafliða. | 6 | Óskar Örn | 7 |
| Guðmundur Ben. | 6 | Jóhann Þórh. | 7 |
| Garðar Jóh. | 7 | Guðmundur Atli | 6 |
| (90. Árni | -) | (67. Mounir | 6) |

**Maður leiksins*

**LANDSBANKADEILDIN**

**STAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **FH** | **16** | **9** | **5** | **2** | **26-13** | **32** |
| **VALUR** | **16** | **7** | **6** | **3** | **24-15** | **27** |
| KR | 16 | 8 | 2 | 6 | 18-25 | 26 |
| KEFLAVÍK | 16 | 6 | 5 | 5 | 28-17 | 23 |
| **VÍKINGUR** | **16** | **5** | **5** | **6** | **20-13** | **20** |
| FYLKIR | 16 | 5 | 5 | 6 | 21-22 | 20 |
| **BREIÐABLIK** | **16** | **5** | **4** | **7** | **24-31** | **19** |
| GRINDAVÍK | 16 | 4 | 6 | 6 | 23-22 | 18 |
| **ÍA** | **16** | **5** | **3** | **8** | **22-27** | **18** |
| ÍBV | 16 | 4 | 3 | 9 | 14-35 | 15 |



**ÓLAFUR ÖRN OG KRISTJÁN ÖRN** Voru báðir í byrjunarliði Brann sem vann góðan sigur á Veigari Páli og félögum í Stabæk í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/GEIR DILLAN/BERGENSAVISEN

Norski og sænski fótboltinn:

# Góður útisigur hjá Brann gegn Stabæk

**FÓTBOLTI** Veigar Páll Gunnarsson og félagar hans í Stabæk tóku í gær á móti Brann, liði þeirra Ólafs Arnar Bjarnasonar, Kristjáns Arnar Sigurðssonar og Ármanns Smára Björnssonar. Brann gerði sér lítið fyrir og lagði Stabæk, 2-1.

Veigar Páll lék allan leikinn í liði Stabæk og sama gerðu þeir Kristján Örn og Ólafur Örn en Ármann Smári sat á varamannabekknum hjá Brann allan leikinn og kom ekkert við sögu.

Íslenskir leikmenn voru líka í eldlínunni í Svíþjóð. Djurgarden tapaði á heimavelli gegn GAIS þar sem Sölvi Geir Ottesen lék allan leikinn með Djurgarden en Jóhanni Guðmundssyni, leikmanni GAIS, var skipt út af á 84. mínútu leiksins. Helgi Valur Daníelsson spilaði allan leikinn með Öster sem tapaði á heimavelli fyrir Gefle, 1-2.

- dsd

Hollenski varnarmaðurinn Jan Kromkamp:

# Ég sé alls ekki eftir neinu

**FÓTBOLTI** Jan Kromkamp, leikmaður PSV, segist ekki sjá eftir því að hafa gengið í raðir Liverpool á sínum tíma. Hann var keyptur til Liverpool í janúar en náði aldrei að festa sig í sessi og var svo seldur til PSV í síðasta mánuði. PSV og Liverpool mætast í Meistaradeild Evrópu í kvöld.

„Mér fannst erfitt að finna taktinn í enska boltanum af því að ég fékk lítið að spila en ég mun aldrei gleyma þeim tíma sem ég átti í Liverpool og minningin um bikarúrslitaleikinn gleymist aldrei,“ sagði Kromkamp. „En ég er ánægður með að vera kominn hingað, PSV er frábært félag,“ bætti Kromkamp við.

- dsd








**ARNAR VAR RANGSTÆÐUR** Tvö umdeild atvik áttu sér stað í leik Breiðabliks og ÍA á sunnudag. Arnar Gunnlaugsson skoraði mark en var dæmdur rangstæður. Dómur sem hann mótmælti harðlega. Frábær mynd ljósmyndarans Andra Janussonar sýnir svo ekki verður um villst að Arnar var rangstæður. Einnig var dæmt mark þegar Stig Haaland hreinsar úr marki Blika, Stig stendur inni í markinu en ekki sést nógu vel hvort allur boltinn sé inni. Sigurður Óli Þorleifsson aðstoðardómari dæmdi rangstöðuna og markið og ljóst er að hann dæmdi rétt með rangstöðuna en hvað varðar markið verður hver að dæma fyrir sig.






## Tilkynning um birtingu Lýsingar Marel hf. 12. september 2006

Marel hf. hefur gefið út Lýsingu vegna fyrirhugaðrar hlutafjárhækkunar og almenns útboðs á nýjum hlutum í félaginu.

Hægt er að nálgast lýsinguna á vef Marel, www.marel.is, Landsbankans, www.landsbanki.is og í fréttakerfi Kauphallar Íslands hf., www.icex.is. Prentuð eintök er hægt að nálgast hjá útgefanda, Marel hf., Austurhrauni 9, Garðabæ og hjá umsjónaraðila, Landsbanka Íslands hf., Hafnarstræti 5., 3. hæð, Reykjavík.

Fyrirhugað er að hækka hlutafé Marel um 127.016.732 hluti og skrá hlutafjárhækkunina í Kauphöll Íslands eigi síðar en 2. október 2006. Hluthöfum í Scanvægt Holding A/S verða afhentir 52.016.732 nýir hlutir í Marel í skiptum fyrir hluti þeirra í Scanvægt International A/S og 75.000.000 nýrra hluta í Marel verða seldir í hlutafjárútboði á genginu 74 kr. á hvern hlut, dagana 13.-14. september 2006.

Allir hlutir í Marel eru í einum flokki og eru jafnréttháir. Heildarfjöldi hluta í Marel að loknum fyrirhuguðum hlutafjárhækkunum verður 365.012.896 hlutir.

Nánari upplýsingar um útboðið og skilmála þess má finna í Lýsingu Marel.

Landsbankinn




**MARION JONES** Er líkleg til sigurs ef hún tekur þátt í 100 metra hlaupi um næstu helgi. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Marion Jones:

## Keppir líklega um næstu helgi

**FRJÁLSAR** Líklegt þykir að hlaupadrottningin Marion Jones muni keppa í heimsbikarkeppninni í frjálsum íþróttum sem fram fer í Aþenu um næstu helgi. Jones hefur mikið verið á milli tannanna á fólki síðustu dagana en hún var sýknuð af ásökunum um inntöku ólöglegra lyfja á dögunum. Hún hefur þó ekki enn samþykkt boð um þátttöku á mótinu.

„Jones er inni í áætlunum okkar í 100 metra hlaupi og við gerum ráð fyrir að hún mæti til leiks,“ sagði framkvæmdastjóri bandaríska frjálsíþróttaliðsins, Sandy Snow.

Marion Jones hefur þegar tryggt sér þátttökurétt á mótinu um næstu helgi en hún á þrjá af fimm bestu tímum sem settir hafa verið á þessu ári. - dsd

Barcelona hefur titilvörnina í Meistaradeildinni á heimavelli í kvöld gegn Levski:

# Eiður Smári varar við kæruleysi

**FÓTBOLTI** Eiður Smári og félagar hans í Barcelona byrja titilvörn sína á heimavelli gegn Levski Sofia frá Búlgaríu en Barcelona stefnir á að vera fyrsta liðið í sautján ár til að vinna Meistaradeildina tvö ár í röð. Síðasta liðið til að afreka það var AC Milan, sem vann keppnina sem þá hét Evrópukeppni meistaraliða, á árunum 1989 og 1990.

„Þetta snýst ekki bara um leikinn gegn Chelsea, heldur líka um leikina gegn Werder Bremen og Levski. Við þurfum að spila eins vel og við getum í öllum leikjum og ef við vinnum þá alla þá erum við í góðum málum,“ sagði Eiður Smári um riðilinn.

Leikmenn Liverpool eru staddir í Hollandi og mæta PSV. John Arne Riise er eini leikmaður Liverpool sem fór ekki með til Hollands en hann meiddist á ökkla um síðustu helgi í grannaslag gegn Everton. Þessi lið hafa aldrei áður mæst í Evrópukeppnum en Ronald Koeman, þjálfari PSV, var við stjórn hjá Benfica á síðustu leiktíð þegar Benfica sló Liverpool út úr Meistaradeildinni. PSV hefur misst nokkra lykilmenn frá síðustu leiktíð en meðal leikmanna sem félagið hefur fengið til sín er Jan Kromkamp sem áður lék með Liverpool. Philip Cocu er í leikbanni og það munar um minna hjá PSV.

„Við fengum á okkur þrjú klaufaleg mörk gegn Everton á laugardaginn og það er ljóst að við þurfum að bæta varnarleikinn hjá okkur. Á síðustu leiktíð var varnarleikurinn hjá okkur frábær og við þurfum að rifja það upp og byrja upp á nýtt,“ sagði Rafa Benitez í gær.

Ensku meistararnir í Chelsea fá þýska liðið Werder Bremen í heimsókn í kvöld. Chelsea hefur alltaf unnið opnunarleik sinn í Meistaradeildinni en þetta er í fjórða skiptið sem félagið tekur þátt. Búist er við því að Claude Makalele verði í liðinu í kvöld en hann var hvíldur um helgina og einnig er búist við því að Joe Cole verði orðinn heill, en hann meiddist fyrir tímabilið og hefur ekkert leikið í deildinni til þessa. Arjen Robben er hins vegar enn frá vegna ökklameiðsla. Töluverð meiðsli eru í herbúðum Werder Bremen, markvörðurinn Tim Wiese er veikur og leikur ekki með og þá er óvíst hvort þrír aðrir leikmenn geta verið með, en það eru þeir Miroslav Klose, Tim Borowski og Torsten Frings. Þetta eru allt burðarásar í liði Bremen og því mikil blóðtaka fyrir Þjóðverjana ef þeir verða ekki með í kvöld.

Michael Ballack, þýski miðjumaðurinn hjá Chelsea, sagði að stefnan hjá Chelsea væri að vinna Meistaradeildina. „Ég hefði aldrei komið hingað ef ég teldi Chelsea ekki nógu sterkt til að sigra Meistaradeildina. En það verður mjög erfitt og það er alltof snemmt að spá okkur í úrslitaleikinn,“ sagði Ballack.

Bayern München tekur á móti Spartak frá Moskvu í kvöld en Franz Beckenbauer, forseti Bayern, lét nýlega hafa eftir sér að Bayern væri ekki með nógu sterkt lið til að vinna Meistaradeildina.

Inter Milan hefur styrkt sig mikið fyrir komandi leiktíð en félagið á erfiðan leik fyrir höndum í kvöld gegn Sporting í Lissabon. - dsd

### LEIKIR KVÖLDSINS

*A-riðill:*
BARCELONA - LEVSKI SOFIA
CHELSEA - WERDER BREMEN

*B-riðill:*
BAYERN MÜNCHEN - SPARTAK MOSKVA
SPORTING LISBON - INTER

*C-riðill:*
GALATASARAY -BORDEAUX
PSV EINDHOVEN - LIVERPOOL

*D-riðill:*
OLYMPIAKOS - VALENCIA
ROMA - SHAKTAR DONETSK



**EIÐUR SMÁRI GUÐJOHNSEN** Það verður fróðlegt að sjá hvort Eiður fær að spreyta sig í kvöld þegar Barcelona tekur á móti Levski í Meistaradeild Evrópu. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES




**SÁR VIÐ STJÓRN ARSENAL** Arsenal var eingöngu tilbúið til að bjóða Ashley Cole sultarlaun sem hann var ekki sáttur við. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Ashley Cole hefur ekki sagt sitt síðasta:

# Stjórn Arsenal vildi ekki halda mér

**FÓTBOLTI** Ashley Cole, leikmaður Chelsea, sagði frá því í gær að ástæðan fyrir því að hann hefði yfirgefið Arsenal væri sú að stjórn félagsins hefði ekki sýnt nógu mikinn áhuga á að halda honum hjá félaginu. Cole vildi fá 60 þúsund pund, rétt rúmar 8 milljónir íslenskra króna, á viku í laun hjá Arsenal en stjórn Arsenal hefði aðeins verið tilbúið að bjóða honum 55 þúsund pund á viku, sem eru um 7,5 milljónir íslenskra króna.

„Ég trúi ekki að stjórnin hafi haft nokkurn áhuga á því að halda mér fyrst þeir voru ekki tilbúnir að hækka boðið um 5 þúsund pund,“ sagði Cole.

Cole telur líka að stjórnin hafi ekki sýnt sér álíka áhuga og hún sýndi Thierry Henry, sem endaði með að framlengja samning sinn við Arsenal. „Félagið gekk á eftir Henry með grasið í skónum og sagði opinberlega að það vildi að hann yrði áfram. En hvað með mig? Ég var aldrei boðaður á fund og fékk aldrei símtal frá neinum. Þannig er mál með vexti og á síðasta tímabili sýndi Arsenal aldrei áhuga á að halda mér,“ sagði hinn bitri Ashley Cole. - dsd










- Fyrirtaks veitingastaður og bar
- Fjölbreytt afþreying
- Heitir pottar
- Góð fundaaðstaða
- 96 km frá Reykjavík

FEGURÐIN VIRKJAR SKÖPUNARKRAFTINN

Hótel Rangá er fjögurra stjörnu sveitahótel á bökkum Rangár, milli Hellu og Hvolsvallar. Á hótelinu, sem byggt er í bjálkastíl, eru meðal annars heitir pottar, góður veitingastaður með alþjóðlegum matseðli, mjög hlýlegur og notalegur bar og fyrsta flokks funda- og veisluaðstaða. Hótelið er frábærlega staðsett, steinsnar frá helstu náttúruperlum Suðurlands.

ICELANDAIR HOTELS RANGÁ

Sími: 444 4040 fundir@icehotels.is

Nordica I Loftleiðir I Flughótel I Hamar I Flúðir I Rangá I Klaustur I Hérað www.icehotels.is

## ÚR BÍÓHEIMUM

Hver mælti og í hvaða kvikmynd?

**„No, no. No, see this is a really shit idea. You know why? Because it's really obviously a shit idea.“**

Svar: Jim úr myndinni 28 Days Later... frá árinu 2002.

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ BERGSTEINN SIGURÐSSON FYLGIST MEÐ ÍSLENSKUM AÐLI

# *„Drottningarviðtöl? Nei, nei.“*

Útvarpsþátturinn Víðsjá á Rás eitt hefur gert svo vel að hljóðvarpa flutningi Þórbergs Þórðarsonar á verki sínu Íslenskum aðli; þótt maður kynni bókina utan að hleður það verkið nýjum víddum að heyra það flutt af skáldinu sjálfu.

Sjónvarpið gerir íslenskum aðli líka skil, í annarri merkingu þó. Í auglýsingum fyrir sunnudagsviðtölin sín á RÚV sést hvar Eva María Jónsdóttir bókar viðmælendur meðfram barnauppeldi og heimilisstörfum. Hún er sumsé að leita að fólki sem hefur frá einhverju að segja og tekur fram að ekki sé um drottningarviðtöl að ræða. Sem er í sjálfu sér rétt því í fyrstu tvo þættina mættu kóngar; Davíð Oddsson og Eiður Smári Guðjohnsen. Ég viðurkenni að ég nennti ekki að horfa á allt viðtalið við Eið Smára en ég á bágt með að ímynda mér að Eva hafi þjarmað eitthvað sérstaklega að honum



**EVA MARÍA JÓNSDÓTTIR** Tekur þessi líka fínu drottningarviðtöl.

eftir að ég skipti um stöð. Davíð sá ég hins vegar eins og hann lagði sig. Þar var hreint út sagt á ferð drottningarviðtal í sinni tærustu mynd. Og var bara fínt sem slíkt.

Nú er ég alls ekki að halda því fram að sunnudagsviðtöl Evu eigi að ganga út á að hún pönkist á viðmælendum sínum og píni til sagna um óþægileg mál. Svokölluð drottningarviðtöl geta verið jafngott sjónvarpsefni og hvað annað, sérstaklega með jafngóðum spyrli og Evu Maríu (ég gæti léttilega tekið við hana drottningarviðtal). Af hverju ekki að sleppa þessum hártogunum og gangast við því að sumum viðmælendunum verði hrósað fyrir hitt og þetta og fái að segja sína skoðun á lífinu athugasemdalaust? Ég legg til Eva taki upp aðra auglýsingu, þar sem svarið við spurningunni um drottningarviðtölin verði: „Stundum.“



▶ 20.35 SPENNA

VERONICA MARS



▶ 20.50 SPENNA

HUSTLE



▶ 20.30 VERULEIKI

ROCK SCHOOL



▶ 01.00 LOKAÞÁTTUR

ROCK STAR: SUPERNOVA



▶ 18.30 FRÉTTIR

KVÖLDFRÉTTIR

## SJÓNVARPIÐ

**17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Magga og furðudýrið (1:26) **18.25** Andlit jarðar (8:16)

**18.30 Kappflugið í himingeimnum (1:26)** (Oban Star-Racers)
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35 Kastljós**
**20.25 Sjónvarpið 40 ára (8:21)**
▶ **20.35 Veronica Mars (3:22)** Bandarísk spennuþáttaröð um unga konu sem tekur til við að fletta ofan af glæpamönnum eftir að besta vinkona hennar er myrt og pabbi hennar missir vinnuna.
**21.20 Íslam fyrir byrjendur** (Islam for begyndere) Dönsk heimildamynd.
**22.00 Tíufréttir**
**22.25 Vincent (1:4)** (Vincent) Breskur sakamálaflokkur um fyrrverandi lögreglumann.

**23.35** Kastljós **0.25** Dagskrárlok

## STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi 2005 **9.35** Martha **10.20** My Sweet Fat Valentina **11.10** Sisters

**12.00** Hádegisfréttir **12.25** Neighbours **12.50** Í fínu formi 2005 **13.05** Home Improvement (7:28) **13.30** Meistarinn (10:22) (e) **14.15** Jane Hall's Big Bad Bus Ride (2:6) **15.05** I'm Still Alive (2:5) **16.00** Barnatími Stöðvar 2 **17.40** Bold and the Beautiful **18.05** Neighbours

**18.30 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.00 Ísland í dag**
**19.40 The Simpsons (3:22)** (Simpson fjölskyldan) Lísu gengur svo vel í stöðuprófi í skólanum að hún er færð upp um bekk.
**20.05 The Apprentice (10:14)** (Lærlingurinn)
▶ **20.50 Hustle (2:6)** (Svikahrappar) Stöðugur metingur milli Mickey og Danny leiðir til þess að þeir ákveða að skera úr um það í eitt skipti fyrir öll hvor er færari svikahrappur.
**21.45 NCIS (10:24)**
**22.30 Man Stroke Woman (2:6)** (Maður/Kona)Drepfyndinn breskur grínþáttur sem byggður er upp á stuttum bröndurum, sketsum svokölluðum.

**23.00** Shield (Str. b. börnum) **23.45** Deadwood (Str. b. börnum) **0.35** Bones (B. börnum) **1.20** Poltergeist 2 (Str. b. börnum) **2.45** The Gathering Storm (B. börnum) **4.20** NCIS (Bönnuð börnum) **5.05** Fréttir og Ísland í dag

## SIRKUS TV

**18.00** Insider (e)

**18.30 Fréttir NFS**
**19.00 Ísland í dag**
**19.30 Seinfeld** (The Switch)
**20.00 Entertainment Tonight**
▶ **20.30 Rock School** Gene Simmons úr Kiss hefur aðeins 6 vikur til þess breyta 13 ára krökkum, sem hingað til hafa eingöngu spilað klassíska tónlist í alvöru rokkara.
**21.00 Rescue Me** Frábær þættir um hóp slökkviliðsmanna í New York borg þar sem alltaf er eitthvað í gangi. Ef það eru ekki vandamál í vinnunni þá er það einkalífið sem angrar þá.
**22.00 24 (3:24)** Bönnuð börnum.
**22.45 24 (4:24)** Bönnuð börnum.

**23.30** Insider **0.00** The War at Home (e) **0.25** Seinfeld **0.50** Entertainment Tonight (e)

## SKJÁREINN

**7.00** 6 til sjö (e) **8.00** Dr. Phil (e)

**15.35** Surface (e) **16.20** Beverly Hills 90210 **17.05** Dr. Phil **18.00** 6 til sjö

**19.00 Melrose Place** Bandarísk þáttaröð.
**19.45 Tommy Lee Goes to College (e)**
**20.10 Queer Eye for the Straight Guy** Fimm hommar taka gagnkynhneigðan mann fyrir í hverjum þætti og lappa upp á hann.
**21.00 Made in L.A. (2/3)** Skemmtileg þáttaröð þar sem áhorfendur fá að kynnast fólkinu sem stjanar við stjörnurnar í Hollywood.
**22.00 Conviction** Í kvöld þarf Steele að ákæra 14 ára strák fyrir morð á bróður hans og freista þess að láta rétta yfir honum sem fullorðnum. Rossi reynir að fá vændiskonu til að bera vitni í nauðgunarmáli.
**22.50 Jay Leno**

**23.35** Law & Order (e) **0.30** Bak við tjöldin ▶ **1.00** Rock Star: Supernova – tónleikarnir og kosningin **2.00** Beverly Hills 90210 (e) **2.45** Melrose Place (e) **3.30** Óstöðvandi tónlist

## NFS

**7.00** Ísland í bítið **9.00** Fréttavaktin **11.40** Brot úr dagskrá

**12.00** Hádegisfréttir/Markaðurinn/Íþróttafréttir/Veðurfréttir/Leiðarar dagblaða. **13.00** Sportið **14.00** Fréttavaktin **17.00** 5fréttir **18.00** Íþróttir og veður

▶ **18.30 Kvöldfréttir**
**19.00 Ísland í dag**
**19.40 Hrafnaþing** Ingva Hrafns Jónssonar gerir upp fréttir dagsins á tæpitungulausan hátt.
**20.20 Brot úr fréttavakt**
**20.30 Örlagadagurinn (14:14)** (Örlagadagurinn) Sigríður Arnardóttir, Sirrý, ræðir við Íslendinga, bæði þekkta og óþekkta, um örlagadaginn í lífi þeirra; daginn sem gerbreytti öllu.
**21.00 Fréttir**
**21.10 48 Hours** (48 stundir) Bandarískur fréttaskýringaþáttur.
**22.00 Fréttir** Fréttir og veður
**22.30 Hrafnaþing**

**23.10** Kvöldfréttir **0.10** Fréttavaktin **3.10** Fréttavaktin **6.10** Hrafnaþing

## STÖÐ 2 BÍÓ

**6.15** House of Sand and Fog (Bönnuð börnum) **8.20** Scorched **10.00** Wasabi (Bönnuð börnum) **12.00** Dodgeball: A True Underdog Story **14.00** Scorched **16.00** Wasabi (Bönnuð börnum) **18.00** Dodgeball: A True Underdog Story **20.00 House of Sand and Fog** (Hús byggt á sandi) Bönnuð börnum. **22.05 Ticker** (Sprengjuóður) Stranglega bönnuð börnum. **0.00** Breathtaking (Stranglega bönnuð börnum) **2.00** City of Ghosts (Stranglega bönnuð börnum)

## SKJÁR SPORT

**7.00** Að leikslokum (e) **14.00** Reading – Man. City (e) **16.00** Bolton Watford (e) **18.00** Þrumuskot **19.00 Að leikslokum (e)** Snorri Már Skúlason fer með stækkunargler á leiki helgarinnar með sparkfræðingunum William Þór Þórssyni og Guðmundi Torfasyni. **20.00 Man. Utd. – Tottenham (e) 22.00 Newcastle – Fulham (e) 0.00** Dagskrárlok

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## E! ENTERTAINMENT

**12.00** E! News **12.30** The Daily 10 **13.00** Child Star Confidential **13.30** 10 Ways **14.00** THS Mark Wahlberg **15.00** Stranded With A Star: Who Would You Choose? **17.00** Girls of the Playboy Mansion **17.30** Girls of the Playboy Mansion **18.00** E! News **18.30** The Daily 10 **19.00** THS Kate Moss **20.00** 101 Most Shocking Moments in Entertainment **21.00** Naked Wild On **21.30** Naked Wild On **22.00** Dr. 90210 **23.00** Girls of the Playboy Mansion **23.30** Girls of the Playboy Mansion

## AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15




## VIÐ MÆLUM MEÐ

**ÍSLAM FYRIR BYRJENDUR** **SJÓNVARPIÐ KL. 21.20**

### Sjónvarpsefni sem á erindi við alla



Fyrir tveimur árum var Katja eins og flestir danskir jafnaldrar hennar. Hún fór í partý, daðraði við stráka og eyddi miklum tíma með bestu vinkonu sinni Söndru. Í dag fer nær allur tími hennar í að tilbiðja Allah. Þetta er umbreyting sem fæstir Vesturlandabúar hafa nokkurn skilning á en í augum Kötju er hún fullkomlega eðlileg. Í þessari heimildarmynd fylgjumst við með Kötju og breytingum á lífi hennar með nýrri trú. Katja segir sögu sína og við sjáum hvernig samfélagið í kringum hana tekur siðaskiptum hennar. Myndin veitir innsýn inn í heim sem flestum okkar er hulinn og á því erindi til okkar allra.

## Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 8 | 1 | 6 | | | |
| | | 5 | | | | 1 | | |
| | 8 | | | | | | 7 | |
| | 3 | | 5 | | 1 | | 2 | |
| 2 | | | 4 | | 8 | | | 9 |
| | 5 | | 3 | | 9 | | 6 | |
| | 1 | | | | | | 3 | |
| | | 4 | | | | 6 | | |
| | | | 6 | 9 | 5 | | | |

**Lausn á gátu gærdagsins**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 4 | 3 | 1 | 5 | 7 | 6 | 8 | 2 |
| 5 | 7 | 2 | 6 | 9 | 8 | 1 | 4 | 3 |
| 6 | 8 | 1 | 3 | 4 | 2 | 7 | 5 | 9 |
| 2 | 3 | 5 | 4 | 8 | 6 | 9 | 1 | 7 |
| 7 | 6 | 8 | 5 | 1 | 9 | 3 | 2 | 4 |
| 4 | 1 | 9 | 2 | 7 | 3 | 8 | 6 | 5 |
| 3 | 2 | 7 | 8 | 6 | 4 | 5 | 9 | 1 |
| 1 | 9 | 6 | 7 | 2 | 5 | 4 | 3 | 8 |
| 8 | 5 | 4 | 9 | 3 | 1 | 2 | 7 | 6 |



▶ **20.40**

KNATTSPYRNA

MEISTARADEILD EVRÓPU

### SÝN
besta sætið

**15.45** Landsbankadeildin 2006 **17.30** Meistaradeild Evrópu fréttaþáttur **18.00** Meistaradeildin – upphitun

**18.30** **UEFA Champions League 06/07** (Meistaradeild Evrópu) Bein útsending frá leik PSV og Liverpool í riðlakeppni Meistaradeildar Evrópu.

▶ **20.40 Meistaradeild Evrópu** (Meistaradeildin með Guðna Bergs) Knattspyrnusérfræðingarnir Guðni Bergsson og Heimir Karlsson fara ítarlega yfir alla leiki kvöldsins í Meistaradeild Evrópu. Mörkin, tilþrifin, brotin umdeild atvik og margt fleira.

**21.20** **UEFA Champions League 06/07** (Meistaradeild Evrópu) Útsending frá leik Barcelona og Levski í Meistaradeild Evrópu. Leikurinn var í beinni útsendingu á Sýn Extra.

**23.20** UEFA Champions League 06/07 **1.20** Meistaradeild Evrópu

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.30** Morguntónar **6.50** Bæn **7.05** Morgunvaktin **8.00** Fréttir **9.05** Laufskálinn **9.45** Morgunleikfimi **10.03** Veðurfregnir **10.13** Norrænt **11.03** Samfélagið í nærmynd

**12.03** Hádegisútvarp **12.50** Dánarfregnir og auglýsingar **13.00** Vítt og breitt **14.03** Útvarpssagan **14.30** Einn, tveir, þrír **15.03** Hið ómótstæðilega bragð **16.13** Hlaupanótan

**17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir - Auglýsingar **18.25** Spegillinn **18.50** Dánarfregnir og auglýsingar **19.00** Vitinn **19.30** Laufskálinn **20.20** Óvissuferð **21.00** Leikskáldið Tennesee Williams **21.55** Orð kvöldsins

**22.00** Fréttir **22.10** Veðurfregnir

### RÁS 2 FM 90,1/99,9

**6.05** Morguntónar **6.30** Morgunútvarp Rásar 2 **9.03** Brot úr degi

**12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Síðdegisútvarpið

**18.00** Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn **19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** Á vellinum **22.10** Rokkland **0.10** Popp og ról **0.30** Spegillinn

### BYLGJAN FM 98,9

**7.00** Ísland í bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi **13.00** Rúnar Róberts **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland í dag **19.30** Bjarni Ólafur / Ívar Halldórs **1.00** Ragnhildur Magnúsdóttir

### AÐRAR STÖÐVAR

**FM 90,9 TALSTÖÐIN**
**FM 99,4 ÚTVARP SAGA**
**FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt Bylgjan** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 97,7 X-ið** / Enginn viðbjóður

ÁSKRIFT: 515 6100 | WWW.STOD2.IS | SKÍFAN | OG VODAFONE

GOTT FÓLK McCANN

Við lítum yfir farinn veg og förum yfir allt það sem skipt hefur máli í the Apprentice að þessu, sýnum atriði sem ekki hafa sést áður og segjum frá öllum spennandi atburðum seríunnar. Nú eru aðeins 5 lærlingar eftir og enn eitt atvinnuviðtalið nálgast. Hver fer næstur heim?

ÁST Í THE APPRENTICE?

Misstu ekki af þættinum í kvöld kl. 20:05



**HRÓSIÐ FÆR …**



*… Natalía Chow fyrir að stofna kvennakór sem er að mestu skipaður konum af erlendum uppruna.*

# Glímdi við stíflað klósett eftir afmælið

Mikilli veislu var skellt upp á skemmtistaðnum Sirkus á laugardaginn þegar annar eigandi staðarins, Inga Sólveig Friðjónsdóttir, fagnaði fimmtugsafmæli sínu. Fjöldi góðra gesta mætti til að samfagna Ingu og spiluðu meðal annars Fræbbblarnir og Danny Pollock fyrir viðstadda. Að sögn Ingu heppnaðist afmælisveislan ótrúlega vel og mættu í kringum hundrað manns í veisluna.

Þegar líða tók á kvöldið fóru fastagestir staðarins að láta á sér kræla og þá fór heldur betur að hitna í kolunum. Um nóttina datt einhverjum í hug að stífla klósettið með klósettrúllu með þeim afleiðingum að vatn flæddi um gólf staðarins og safnaðist fyrir í einu horninu svo úr varð „stöðuvatn“ eins og einn sjónarvotta komst að orði. „Við íhuguðum að loka staðnum,“ sagði afmælisbarnið Inga. „Hins vegar reyndist svo mikið líf í tuskunum hjá þeim sem voru á staðnum að nokkrar stúlkur tóku sig til, báðu um verkfæri við hæfi og moppuðu vatnið upp,“ bætir hún við og hlær. „Fólkið var ekkert á því að láta nokkra vatnsdropa stöðva sig.“

- fgg



**SIRKUS** Klósettvatn flæddi út á gólfið með þeim afleiðingum að „stöðuvatn“ myndaðist í einu horni staðarins. Gestir staðarins tóku virkan þátt í því að koma vatninu í réttan farveg.



**KLÓSETT** Var stíflað af einhverjum óprúttnum náunga.



**INGA SÓLVEIG FRIÐJÓNSDÓTTIR** Fagnaði fimmtugsafmæli sínu á Sirkus fyrr um daginn en glímdi við stíflað klósett seinna um kvöldið.



**LÁRÉTT:**
**2** nautasteik **6** hvað **8** eldsneyti **9** hætta **11** á fæti **12** hvæsa **14** skíta **16** nafnorð **17** lofttegund **18** vafi **20** tveir eins **21** steintegund.

**LÓÐRÉTT:**
**1** ofneysla **3** kringum **4** skóhljóð 5 af **7** forviða **10** nálægar **13** arr **15** sót **16** vefur **19** á fæti.

**LAUSN:**

**LÁRÉTT: 2** buff, **6** ha, **8** mór, **9** ógn, **11** tá, **12** fnæsa, **14** dríta, **16** no, **17** gas, **18** efi, **20** kk, **21** talk. **LÓÐRÉTT: 1** óhóf, **3** um, **4** fótatak, **5** frá, **7** agndofa, **10** nær, **13** sig, **15** aska, **16** net, **19** il.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á bls. 8

1. Stefán Hilmarsson
2. Menntaskólinn í Reykjavík og Laugalækjarskóli
3. Yoko Ono



**BUBBI MEÐ GIBSONINN SINN** Fær nýjan sérsmíðaðan Martin gítar í nóvember. Gítarinn er smíðaður í Pennsylvaníu og kostar að líkindum yfir eina milljón króna. FRÉTTABLAÐIÐ/BRJÁNN

**BUBBI MORTHENS:** LÆTUR SÉRSMÍÐA FYRIR SIG KASSAGÍTAR

# Vonar að þeir skrifi ekki BOBBI á hálsinn

Bubbi Morthens er kóngurinn og veldissproti hans er gítarinn. Einmitt núna standa starfsmenn Martin-gítarverksmiðjunnar í Pennsylvaniu sveittir við að sérsmíða nýjan kassagítar handa honum. Þeir byrjuðu fyrr á árinu og Bubbi vonast til að fá gítarinn í hendurnar í nóvember.

„Þessi gítar er smíðaður eftir mínu höfði. Mér fannst kominn tími til að láta það eftir mér,“ segir Bubbi. „Mig langaði í belgmikinn gítar með góðum botni, svipaðan þeim sem notaðir voru um miðja síðustu öld og menn eins og Hank Williams spiluðu á.“

Bubbi segir að nýi gítarinn verði áttundi eða níundi kassagítarinn í sinni eigu. „Ég hef átt marga góða gítara í gegnum tíðina og á þá marga enn, en mig langaði í einn svona algjöran eðalgítar. Ég held að þetta sé skynsamleg fjárfesting. Ég á fyrir tvo Martin gítara úr Tónastöðinni, Gibson-gítar og 12 strengja Ovation. Svo á ég slatta af ræflum sem koma sér vel þegar mig vantar ákveðið sánd. Þeir eru til dæmis góðir í tveggja strengja blús.“

Bubbi vill ekki ljóstra upp verði gítarins en búast má við að hann kosti ríflega milljón krónur. Eitt af því sem Bubbi fór fram á var að BUBBI væri skrifað með perluskeljum á háls gítarsins. „Ég ætla rétt að vona að þeir klúðri því ekki og hann komi með BOBBI eða ROBERT á hálsinum,“ segir Bubbi og hlær. „Svo er hann smíðaður úr eðalviðartegundum. Þeir þarna hjá Martin eiga tré lengst inni á lagerum hjá sér sem eru búin að vera á verndarlistum í áratugi. Ég ætla rétt að vona að ég sé ekki að fara að spila á einhverjar útdauða tegund og verði með brjálað Greenpeace-fólk á tónleikum hjá mér framvegis.“

Bubbi segir að það skipti miklu máli að spila á góðan gítar. „Þó það sé ekki fyrir annað en gleðina sem felst í því að spila á gott hljóðfæri. Annars tekur það mig eflaust smá tíma að venjast nýja gítarnum og ég verð líklega í sjokki fyrst um sinn. Annaðhvort sjokkeraður af gleði“ eða vonbrigðum með að gítarinn sé ekki nákvæmlega eins og ég hugsaði mér.

gunnarh@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Dansleikhúsdrottningin Pina Bausch er nú stödd hérlendis með 50 manna hóp og hefur yfirtekið Borgarleikhúsið. Eru menn að vonum spenntir að hafa þessa miklu dans- og leikhúskonu hér á landi en leikhúsfræðingar vilja meina að áhrif hennar séu ómæld. Í hópi helstu aðdáenda hennar hér á landi má nefna Benedikt Erlingsson, Guðjón Pedersen og Baltasar Kormák að ógleymdri sjálfri Björk sem sótt hefur í smiðju Bausch í myndböndum sínum.



Þekkt er að smásmyglislegt reglugerðarverk á ekki við þegar stórstjörnur eru annars vegar. Þetta á við um Pinu Bausch. Hún reykir eins og skorsteinn og dettur ekki nokkrum manni að gera athugasemdir við það. Þó hún fari um í Borgarleikhúsinu með sígarettuna logandi hvert sem henni sýnist.



Núverandi og fyrrverandi nemendur í Leiklistarskólanum héldu árlegan haustfagnað sinn á laugardagskvöldið. Nýnemum í skólanum þótti ekki ónýtt að fá að skemmta sér með kempum á borð við Ingvar E. Sigurðsson, Ólafi Darra Ólafsson, Víking Kristjánsson og Guðrúnu Gísladóttur. Ekki skemmdi fyrir að Ingvar tók með sér sjálfan Gerard Butler og annan leikara úr Bjólfskviðu og var erlendu gestunum tekið með kostum og kynjum. Það vakti sömuleiðis athygli að Þorvaldur Davíð Kristjánsson mætti í veisluna, en hann hætti sem kunnugt er námi við leiklistardeild LHÍ eftir einn vetur. Vinir og félagar Þorvaldur notuðu tækifærið til að kveðja hann með virktum og ætlaði kossaflensi og faðmlögum seint að linna.



- jbg/hdm

# Völli Snær sló í gegn hjá Magna og félögum

Sjónvarpskokkurinn góðkunni Völli Snær eldaði fyrir Rock Star: Supernova-keppendurna á sunnudagskvöldið eftir að upptökum á tónleikaþættinum lauk. Hugmyndin kom fram í Icelandic Naturally og þurfti Völli að bregðast skjótt við enda á leiðinni norður þegar kallið kom. Hann dreif sig í bæinn, upp í flugvél og komst til Los Angeles á mettíma.

Úrslitastundin er skammt undan hjá Magna og félögum og því var kærkomið fyrir þau að dveljast eina kvöldstund fjarri myndavélum sem hafa fylgt þeim við hvert fótmál allt sumarið. „Við vorum búin að kveikja á kyndlum sem komu í staðinn fyrir flóðlýsinguna,“ sagði Völli þannig að rómantíkin sveif yfir vötnum. „Ég hafði tekið smá Reyka Vodka með mér og gerði martini með gúrkum,“ heldur kokkurinn áfram og gátu þau Lukas, Dilana, Magni og Toby gætt sér á snittum uns dýrindis kvöldverður var reiddur fram að hætti Völla. „Ég bauð upp á íslenskan lax í jógúrtsalati með valhnetusalati í forrétt en í aðalrétt var að sjálfsögðu íslensk lúða og lamb með öllu tilheyrandi,“ segir Völli en í eftirrétt var skyr. „Magni frétti síðan af því að ég hefði tekið með hákarl og svið og vildi ólmur bjóða vinum sínum upp á slíkt,“ bætir hann við og varla þarf að taka fram hver viðbrögð þeirra voru. „Dilana fúlsaði þó ekki við þessu og fannst þetta allt í lagi þótt henni þætti bragðið vissulega sérstakt.“

Völli sagði að stemningin í hópnum hefði verið mjög góð og þau kæmu honum fyrir sjónir sem góðir vinir. „Auðvitað er ég síðan bara stoltur af því að geta gert þetta fyrir Magna,“ bætir Völli við en hann verður viðstaddur úrslitastundina á morgun.



**VÖLLI SNÆR** Eldaði dýrindis máltíð ofan í Magna og félaga þegar þau gátu loksins dvalist fjarri öllu ónæði og myndavélum.

allt
ferðir
Alla miðvikudaga og laugardaga




ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS FJA 33218 06/2006

***„Ég stend upp frá tölvunni, fer út, geng í 7 mínútur og þá er ég ein í náttúrunni."***



Náttúran og nálægð við hana er mikilvægur þáttur í raunverulegum lífsgæðum. Í Fjarðabyggð er líflegt og samhent samfélag rammað inn í stórbrotna fjallasali Austurlands. Þar eru óbyggðirnar innan seilingar.

**Fjarðabyggð** er fjölbreytt samfélag þar sem höfuðáhersla er lögð á að hlúa að þeim þáttum sem tryggja raunveruleg lífsgæði.
Á traustum undirstöðum er byggt upp framsækið og fjölskylduvænt samfélag þar sem allir eru mikilvægir og allir fá tækifæri.

FJARÐABYGGÐ | **þú ert á góðum stað** **fjardabyggd.is**

Mjóifjörður Neskaupstaður Eskifjörður Reyðarfjörður Fáskrúðsfjörður Stöðvarfjörður

FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

Drögum í dag
Átt þú miða?
HAPPDRÆTTI HÁSKÓLA ÍSLANDS
800 6611 - www.hhi.is





BAKÞANKAR
ÞÓRHILDAR ELÍNAR ELÍNARDÓTTUR

# Áþján hefðanna

Alveg þar til nýlega stóð mér hjartanlega á sama um kyn nýfæddra barna, líka minna eigin vel að merkja. Alveg eins og flestir aðrir foreldrar finnst mér mikilvægara að barnið fæðist heilt á húfi og með hjartað á réttum stað en aukaatriði hvort það er stelpa eða strákur. Hinsvegar beið ég undanfarið með nokkrum spenningi eftir að frétta af kyni nýja keisarabarnsins í Japan.

**ÞAU** ægilegu örlög vofðu nefnilega yfir japönsku þjóðinni að grilljón ára lögum þyrfti að breyta á þann hátt að stúlka gæti tekið við keisaratigninni. Inn í hina hátignu fjölskyldu hafði nefnilega ekki fæðst drengur í fjörutíu ár. Ríkisarfinn hefði getað orðið eldri dóttir keisarahjónanna, en slíkt myndi vitaskuld setja aldagamlar hefðir í uppnám með tilheyrandi róðaríi. Forsætisráðherrann beið stressaður með breytingarfrumvarpið tilbúið þegar farginu var létt af stjórninni, því loksins, loksins fæddist keisaraborinn drengur.

**EN** sá heilladagur! Engu þarf að breyta og japönsku prinsessurnar geta haldið áfram að vera stikkfrí. Þjóðin öll fagnaði innilega en ég varð hinsvegar dálítið spæld. Ekki það að kvenkyns ríkisarfi hinum megin á hnettinum myndi breyta miklu svona einn og sér en hefði þó hrist duglega upp í siðvenjusýkinni.

**ÞVÍ** miður einskorðast hefðin um æskilegt kyn ekki við aðrar álfur, munurinn er kannski meira sá að hér fer hún hljótt. Við erum öll svo samansúrruð í hefðbundinn hugsanagang að til að reyna að sjá hlutina í öðru samhengi þarf að velta þeim markvisst fyrir sér.

**STJÓRNIR** stórra fyrirtækja hlytu verulega athygli væri þær eingöngu skipaðar konum þótt ekki þyki frétt að þar sitji einvörðungu karlar, jafnvel í fyrirtæki í opinberri eigu. Í langflestum umræðuþáttum í fjölmiðlum er hlutfallið 3:1, körlum í vil, þar sem þáttastjórnandinn er líka oftast karl. Hátekjuhóparnir samanstanda af körlum, lágtekjuhóparnir af einstæðum mæðrum.

**ÁÞJÁN** hefðanna kemur okkur öllum við, líka hátekjukörlum sem sitja í stjórnum stórra fyrirtækja og segja skoðun sína í fjölmiðlum. Dætra sinna vegna hljóta líka þeir að vonast til að vera síðasta kynslóð gamaldags hugsunarháttar og vondra hefða.

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 4098

SKODA AUTO
SIMPLY CLEVER

Afl og hagkvæmni

TDI® dísilvélin eyðir aðeins
3,6 lítrum*




SkodaOctavia

Það kann að hljóma eins og skáldskapur en það er hægt að aka Skoda Octavia ríflega hringinn í kringum landið á einum eldsneytistanki. Þetta er enn athyglisverðara þegar haft er í huga að Skoda Octavia er fjölskyldubíll í fullri stærð. TDI® dísilvélin er nefnilega raunverulegt tækníundur sem skilar nægu afli, og sparnaði sem alla munar um.

*Eyðsla pr. 100 km í sparakstri Stefáns Ásgrímssonar, ritstjóra FÍB-blaðsins, í áheitaakstri HEKLU fyrir Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna 21.–23. ágúst 2006. Upphæðir m.v. almennt verð á dísilolíu hjá ÓB 29.8.2006.

HEKLA®

Umboðsmenn um land allt: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 · HEKLA, Borgarnesi, sími 437 2100 · HEKLA, Ísafirði, sími 456 4666
HEKLA, Reyðarfirði, sími 470 5100 · HEKLA, Reykjanesbæ, sími 420 5000 · HEKLA, Selfossi, sími 482 1416

HEKLA, Laugavegi 172-174, sími 590 5000
www.hekla.is, hekla@hekla.is

10%
vaxtaauki!

Kynntu þér málið á **spron.is**



spron